FRÉTTABLAÐIÐ

242. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 13. OKTÓBER 2018

# Algjör lítilsvirðing

Stöðuverðir segja frá ofbeldi, hótunum og algjörri lítilsvirðingu sem þeir fá frá samborgurum sínum fyrir það eitt að sinna starfi sínu. → 24

Ef þú kemur við bílinn minn þá drep ég þig.




FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hvað verður um ruslið sem við hendum?

Stór hluti heimilissorps ekki endurunninn. → 28



**83%** plasts af heimilum höfuðborgarsvæðis óflokkuð.



## Nýtt líf á Suðureyri

Gunnhildur flutti á Vestfirði og breytti um kúrs. → 30

## Veður




Suðvestan 3-10 í dag og skúrir síðdegis en léttir til norðaustan- og austanlands. Kólnandi veður, hiti 0 til 6 stig, svalast í innsveitum fyrir norðan. SJÁ SÍÐU 46

# Biðu í röð við Hafnartorg



H&M opnaði verslun sína í hinu nýja og glæsilega húsnæði við Hafnartorg í miðborg Reykjavíkur í gær. Töluverð biðröð hafði myndast áður en dyrnar voru opnaðar almenningi í fyrsta sinn. Létu viðskiptavinir sig hafa það fyrir gjafabréf og afsláttarkjör fram eftir degi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Lítið eftir en allt stopp í bragga

**REYKJAVÍK** „Það er framkvæmdastopp. Hins vegar er ekki mikið eftir,“ segir Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar, um stöðu framkvæmdanna við Nauthólsveg 100.

Hin endurbyggðu hús við Nauthólsveg hafa í daglegu tali verið kölluð „bragginn“ en hann er þó aðeins þriðjungur framkvæmdarinnar. Um er að ræða bragga, skemmu og svokallað náðhús auk nýrrar tengibyggingar.

„Aðeins á eftir að ljúka frágangi við fyrirlestrasalinn eða náðhúsið svokallaða,“ segir Bjarni um hverju sé ólokið. Aðspurður hvenær áætlað verklok séu virðist það óljóst. „Framhaldið er ekki klárt.“

Upphafleg kostnaðaráætlun verkefnisins hljóðaði upp á 158 milljónir en framkvæmt hefur verið fyrir 415 milljónir. **– smj**



Álfsnesvík er neðan við athafnasvæði Sorpu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Hafa áhyggjur af Álfsnesvík

**SKIPULAGSMÁL** Aukning á þungaflutningum um Vesturlandsveg, sjón- og hljóðmengun, auk mögulegra áhrifa vegna sandfoks er meðal þess sem skipulagsnefnd Mosfellsbæjar segist hafa áhyggjur af vegna áforma um iðnaðaruppbyggingu í Álfsnesvík.

Sérstaklega lúta áhyggjur skipulagsnefndar að áhrifum iðnaðaruppbyggingarinnar á íbúðar- og útivistarsvæði í Mosfellsbæ.

„Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við drög að tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 ásamt drögum að umhverfisskýrslu en leggur áherslu á að umhverfisáhrif breytingarinnar verði metin sérstaklega með tilliti til hagsmuna byggðar- og útivistarsvæða í Mosfellsbæ,“ segir í bókun skipulagsnefndarinnar. **– gar**

*Miðstöð íslenskra bókmennta auglýsir eftir umsóknum um þýðingastyrki*

Þýðingastyrkir eru veittir til að þýða á íslensku mikilvæg verk úr samtímanum, erlendar fagurbókmenntir og fræðirit. Jafnframt eru veittir styrkir til þýðinga vandaðra, myndríkra bóka fyrir börn og ungmenni.

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2018.

*Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar á islit.is*

MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA

# Viðreisn telur sig ekki falla á pólitískt sverð

Raddir hafa heyrst innan raða Viðreisnar um að óskiljanlegt sé að flokkurinn sé að svara fyrir klúður annarra. Oddvitinn segir eðlilegt að flokksmenn deili ekki allir sömu skoðun. Svör flokksins séu í fullu samræmi við stefnumál hans.

**REYKJAVÍK** Formaður borgarráðs telur ekki að flokkur hennar sé að taka skellinn fyrir mál sem eru honum óviðkomandi. Heimildir Fréttablaðsins herma að nokkurrar gremju hafi gætt innan baklands Viðreisnar vegna viðbragða kjörinna fulltrúa flokksins við málum liðinna vikna.

Mál braggans í Nauthólsvík svo og starfsumhverfi innan Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfyrirtækja hafa verið mikið í umræðunni undanfarið og hefur nokkuð mætt á borgarfulltrúum af þeim sökum. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri er í veikindaleyfi og hefur það því oft komið í hlut Þórdísar Lóu Þórhallsdóttur, formanns borgarráðs og oddvita Viðreisnar, og Dóru Bjartar Guðjónsdóttur, forseta borgarstjórnar og oddvita Pírata, að svara fyrir hönd meirihlutans þegar málin ber á góma.

Sem kunnugt er fór Viðreisn í samstarf með síðasta meirihluta, sem samanstóð af Samfylkingu, Vinstri grænum og Pírötum, að loknum kosningum í vor. Meðal Viðreisnarmanna hefur því verið fleygt að ekki sé rétt að flokkurinn þurfi að svara fyrir illa unnin verk annarra. Flokkurinn hafi ekki komið að þessum málum og eigi því ekki að falla á sverðið.

„Fólk innan flokksins er með margs konar skoðanir á ýmsum málum og okkur finnst eðlilegt að það sé fjölbreytt sýn á hlutina. Við erum ekki með eina ríkisskoðun og teljum eðlilegt að fólk spyrji spurninga,“ segir Þórdís Lóa.

Hún segir að þau líti ekki svo á málið að þau séu að „falla á sverðið“.



Bragginn í Nauthólsvík bíður þess að verða kláraður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Fólk innan flokksins er með margs konar skoðanir á ýmsum málum og okkur finnst eðlilegt að það sé fjölbreytt sýn á hlutina.
>
> Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs



Í hvert skipti sem mál braggans víðfræga hafi verið rætt hafi Viðreisn sagt að málið sé alvarlegt og að gera þurfi gangskör í ferlinu þar að baki.

„Við höfum ekki afsakað eitt né neitt heldur ítrekað að við teljum þetta alvarlegt. Eitt af stefnumálum Viðreisnar er að sýna gagnsæja og agaða fjármálastjórn. Þegar við fréttum af málinu förum við fyrst fram á skoðun á því og nú síðast heildarskoðun þannig að ekkert verði skilið eftir. Vinnubrögð okkar eru að fá allt upp á borðið og taka síðan yfirvegaða og upplýsta ákvörðun,“ segir Þórdís Lóa.

Óánægjuraddir hafa einnig heyrst innan raða Pírata en í dag fer fram opinn félags- og borgarafundur um „braggasukkið í Nauthólsvík“. Fundurinn hefst klukkan 13 í höfuðstöðvum flokksins, Tortuga. Ekki náðist í Dóru Björt við vinnslu fréttarinnar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

joli@frettabladid.is







# - VIÐ ERUM 10 ÁRA -

# AFMÆLISTILBOÐ

## LOKADAGUR 14. OKTÓBER

# 30-50% AF VÖLDUM VÖRUM*

FLEIRI TILBOÐ Í VERSLUN OG VEFSÍÐU

*Gildir á meðan birgðir endast

NÚ 7.900
SPARAÐU 5.000



**CAROLINA** stóll. Ýmsir litir. 12.900 kr. Nú 7.900 kr.

NÚ 12.995
SPARAÐU 6.000



VITA

**VITA EOS** Brúnt fjaðurljós, medium. Ø45 cm. 18.995 kr. Nú 12.995 kr. Perustæði selt sér.

30%



VERPAN

**VP GLOBE Ø40 CM** Glær akrýlskermur með hvítu eða bláu, appelsínugulu og króm innvolsi. 249.900 kr. Nú 174.900 kr.

NÚ 79.900
SPARAÐU 50.000



**CHRYSTAL** legubekkur með 2 bakpúðum. Blátt eða grátt áklæði. L200 cm. 129.900 kr. Nú 79.900 kr.

NÚ 44.900
SPARAÐU 35.000



**MESSINA** Grátt áklæði. 2ja sæta. L173 cm. 79.900 kr. Nú 44.900 kr. 3ja sæta. L225 cm. 119.900 kr. Nú 69.900 kr. 2ja sæta + legubekkur. 139.900 kr. Nú 79.900 kr.

©ILVA áskilur sér rétt að leiðrétta auglýsar villur.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

**TÖLUR VIKUNNAR** 07.10.2018 - 13.10.2018

**21%**
allra fæðinga í heiminum árið 2015 var með keisaraskurði miðað við 12 prósent árið 2000. Þetta sýnir könnun sem gerð var í 169 löndum.





**55%**
allra erlendra ferðamanna á Íslandi taka bílaleigubíla.

**425**
þúsund króna lágmarkslaun eftir þrjú ár er krafa Starfsgreinasambands Íslands í komandi kjaraviðræðum.



**32** stunda vinnuvika er markmið sem Starfsgreinasamband Íslands vill að verði markvisst stefnt að á næstu þremur árum.





**956.619 krónur**
fóru í að kaupa 40 til 50 hönnunarljósakrónur og lampa af íslensku fyrirtæki í Danmörku fyrir braggann í Nauthólsvík.



## Þrjú í fréttum
### Fiskeldi, gigt og strá í mótvindi

**Lilja Rafney Magnúsdóttir**
*formaður atvinnuveganefndar Alþingis*



sagði í vikunni að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála bæri ekki ábyrgð á afleiðingum úrskurða sinna því hún væri ekki lýðræðislega kosin. Þetta sagði hún í tilefni þess að Alþingi samþykkti lög sem heimila sjávarútvegsráðherra að veita fiskeldisfyrirtækjum starfsleyfi til bráðabirgða.

**Dagur B. Eggertsson**
*borgarstjóri*



er kominn í veikindaleyfi eftir að alvarleg sýking sem hann fékk í kviðarholið síðasta haust tók sig upp að nýju. Dagur greindist í sumar með svokallaða fylgigigt, sem skerðir hreyfigetu og getur flakkað á milli liða og lagst á líffæri. „Ég tók þá ákvörðun að ég þyrfti að jafna mig og fékk staðgengla til þess að sinna mínum skyldum á meðan,“ segir borgarstjórinn sem vonast til að til að vera orðinn betri eftir helgi.

**Dagný Bjarnadóttir**
*landslagsarkitekt*



valdi hin umdeildu strá við braggann í Nauthólsvík ásamt garðyrkjumanni. „Í stað þess að setja þarna gróður, runna eða þess háttar langaði okkur að hafa stemningu sem er meira í ætt við strönd,“ útskýrði Dagný í Fréttablaðinu. „Ég sá aldrei á neinum tímapunkti verðin. En ég er ekki viss um að þetta sé dýrara en ef þú hefðir bara plantað venjulegum gróðri.“

# Segir margar áherslur hjá SGS ríma við stefnu stjórnvalda

**Forsætisráðherra segir stjórnvöld tilbúin til að liðka fyrir kjarasamningum. Margar af kröfum SGS gagnvart stjórnvöldum rími við stefnuna en heildarmyndin liggi ekki fyrir þar sem ekki séu allar kröfur komnar fram. Framkvæmdastjóri Norðlenska segir að svo stöddu ekki hægt að ganga lengra í kaupmáttaraukningu.**

**KJARAMÁL** „Kjarasamningar eru auðvitað á milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda en við höfum sagt að við séum reiðubúin til þess að liðka fyrir þeim. Þarna eru á ferðinni kröfur frá einu félagi og fleiri eiga eftir að koma með sínar kröfur þannig að heildarmyndin liggur ekki fyrir,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra um kröfugerð Starfsgreinasambandsins (SGS) gagnvart stjórnvöldum vegna komandi kjaraviðræðna.

Katrín segir að margar af áherslunum sem fram komi hjá SGS rími við það sem stjórnvöld hafi verið að gera. „Þarna er töluverð áhersla lögð á skatt- og bótakerfið og þær áherslur ríma að einhverju leyti við aðgerðir okkar sem fram koma í fjárlagafrumvarpinu. Þar er hægt að nefna hækkun barnabóta fyrir þá tekjulægstu og hækkun persónuafsláttar umfram neysluvísitölu.“

Þá hafi stjórnvöld boðað heildarendurskoðun á skatt- og bótakerfinu og samspili þeirra.

„Svo leggur Starfsgreinasambandið áherslu á lagalegt umhverfi vinnumarkaðarins. Það er sömuleiðis eitthvað sem við höfum þegar gripið til aðgerða vegna. Félagsmálaráðherra hefur tekið þessi mál upp á sína arma og farið í samráð við aðila vinnumarkaðar um hvað þurfi að gera.“

Katrín segir að húsnæðismálin hafi verið lykilþáttur við gerð síðustu samninga og stjórnvöld séu áfram opin fyrir því samtali. „Ég get líka nefnt kostnaðarþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu. Það rímar við það sem við erum að gera og sést meðal annars í fjármálaáætlun.“

Eins og fram hefur komið eru helstu kröfur SGS gagnvart atvinnurekendum hækkun lægstu launa í 425 þúsund á mánuði við lok samningsins og að almennar hækkanir verði krónutöluhækkanir.



**SGS leggur áherslu á hækkun lægstu launa og setur fram kröfur um aðgerðir stjórnvalda.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Þarna eru á ferðinni kröfur frá einu félagi og fleiri eiga eftir að koma með sínar kröfur þannig að heildarmyndin liggur ekki fyrir.**
>
> Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri kjötvinnslufyrirtækisins Norðlenska á Akureyri, segir ekki raunhæft að fyrirtæki geti staðið undir mikilli viðbótaraukningu á kaupmætti launafólks. Gerist það verði afleiðingarnar fyrir samfélagið ekki endilega góðar. Störf gæti tapast þar sem of dýrt verði að framleiða vörur hér.

„Launakostnaður er mjög hár í okkar geira og launahlutfallið hjá fyrirtæki eins og okkar sem á í samkeppni við erlenda vöru hefur hækkað mjög mikið undanfarin ár. Nú er svo komið, og ég held það eigi við um mörg fyrirtæki, að samkeppnishæfnin hefur skerst mjög mikið og aukinn launakostnaður er stór þáttur í því sem hefur rýrt hana.“

Hann segist að sama skapi vilja launþegum allt það besta en hlutirnir þurfi að ganga upp. „Fólk á að geta lifað mannsæmandi lífi af laununum sínum. Kaupmáttaraukningin hefur verið mjög mikil en að svo stöddu er ekki hægt að ganga lengra.“

**sighvatur@frettabladid.is**


**RAM 3500 - HÖRKUTÓL SEM ENDIST**

ramisland.is

ERUM Á LANDBÚNAÐARSÝNINGUNNI Í LAUGARDALSHÖLL UM HELGINA





ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2018

**TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN RAM 3500 SLT, LARAMIE EÐA LIMITED.**
**RAM 3500 VERÐ FRÁ KR. 5.960.000 ÁN VSK.**
KR. 7.390.400 MEÐ VSK.

**RAM 3500 LIMITED 40" BREYTTUR**

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RAM




KIA
The Power to Surprise

## Komdu í heimsókn í dag kl. 12–16

Kia Ceed er nú fáanlegur í Sportswagon útgáfu. Snjöll hönnun einkennist af auknu rými og einstökum þægindum fyrir alla fjölskylduna. Þessi glæsilegi fjölskyldubíll er fáanlegur með 7 þrepa sjálfskiptingu og nýrri 140 hestafla bensínvél. 625 lítra farangursrýmið er einstaklega rúmgott og skapar frelsi til að taka enn meiri farangur með. Kia Ceed SW er einfaldlega hannaður til þess að nýta rýmið skynsamlega.

**Komdu og reynsluaktu nýjum Kia Ceed Sportswagon með 7 ára ábyrgð. Við tökum vel á móti þér.**

Nýr Kia Ceed SW á verði frá:

**3.390.777 kr.**

Kia Ceed – Bíll ársins 2019 í flokki smærri fólksbíla, að mati Bandalags íslenskra bílablaðamanna

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2019 BÍLABLAÐAMANNA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

**Söluumboð Kia um allt land:**
Bílás Akranesi · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · K. Steinarsson Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



**Trausti Sigurðsson**
**tannlæknir**

Ég hef flutt starfsemi mína til tannlæknastofunnar Krýnu ehf. að Grensásvegi 48 í Reykjavík og býð alla sjúklinga mína sem og nýja velkomna á nýjan stað.

Við bjóðum alla alhliða tannlæknaþjónustu fyrir alla aldurshópa ásamt sérfræðiþjónustu í tannsmíðum, krónu og brúargerð, heilgóma og partagerð ásamt tannplöntum.

Tímapantanir eru í síma 553 4530 eða á heimasíðu Krýnu: **www.kryna.is**

KRÝNA TANNLÆKNASTOFA | Sími: 553-4530 Grensásvegur 48 108 Reykjavík | Aðgengi fyrir fatlaða

ÞINGVELLIR ÞJÓÐGARÐUR

**Endurskoðun stefnumörkunar fyrir Þjóðgarðinn á Þingvöllum - kynningarfundur**

Þingvallanefnd lagði fram stefnumörkun fyrir Þjóðgarðinn á Þingvöllum í tengslum við tilnefningu Þingvalla á heimsminjaskrá árið 2004. Undanfarin misseri hefur verið unnið að endurskoðun stefnumörkunarinnar enda hafa ýmsar forsendur breyst, ekki síst vegna stóraukins fjölda gesta.

Tillögu að að endurskoðaðri stefnumörkun má sjá á vef þjóðgarðsins, **www.thingvellir.is**. Óskað er eftir athugasemdum og ábendingum um efni tillögunnar og gefinn frestur til **1. nóvember**

**Til að kynna efni tillögunnar verður fundur þann 18.október í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands að Suðurgötu, kl 15.00 til 16:30. Þar verða dregin fram helstu efnisatriði sem breyst hafa við endurskoðunina og spurningum svarað. Allir eru velkomnir á fundinn.**



**Markáætlun í tungu og tækni**

**Kynningarfundur 15. október**

**Rannís og Samtök atvinnulífsins boða til opins kynningarfundar um Markáætlun í tungu og tækni mánudaginn 15. október kl. 8:30 – 9:30 *í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35.***

Starfsmenn Rannís kynna Markáætlunina og svara fyrirspurnum.

Davíð Þorláksson forstöðumaður samkeppnishæfni hjá Samtökum atvinnulífsins stýrir fundinum.

Boðið verður upp á kaffiveitingar.

Skráning á fundinn fer fram á **www.sa.is.**

Markáætlun í tungu og tækni er opinn samkeppnissjóður sem starfar samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (nr. 3/2003 með áorðnum breytingum). Hlutverk Markáætlunar í tungu og tækni er annars vegar að vernda og efla íslenska tungu, og hins vegar að auðvelda nýtingu nýrrar samskiptatækni í íslensku samfélagi, til hagsbótar almenningi, stofnunum og fyrirtækjum.Umsækjendur geta verið fyrirtæki sem og stofnanir. Verkefni Markáætlunar í tungu og tækni tengjast verkáætlun um máltækni fyrir íslensku 2018-2022, en framkvæmd hennar er á höndum Rannís fyrir hönd Markáætlunar og Almannaróms.

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ | SA SAMTÖK ATVINNULÍFSINS | rannís www.rannis.is




Snorri Olsen ríkisskattstjóri segir hina nýju og dularfullu tekjusíðu nú vera til skoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Heimilt að birta skrána en óvíst með aðferðina

**Yfirlit yfir tekjur allra fullorðinna Íslendinga fyrir árið 2016 eru aðgengilegar á tekjur.is. Málið er til skoðunar bæði hjá Ríkisskattstjóra og Persónuvernd. Áður úrskurðað að óheimilt sé að miðla upplýsingum úr skattskrá gegn greiðslu.**

**PERSÓNUVERND** Til skoðunar er bæði hjá Persónuvernd (PSV) og Ríkisskattstjóra (RSK) hvort vefsíða sem birtir upplýsingar um laun landsmanna starfi í samræmi við lög og reglur. Samkvæmt lögum um tekjuskatt er heimilt að birta opinberlega upplýsingar úr skattskrá svo og gefa þær út í heild eða að hluta. Ekki liggur hins vegar fyrir hvort hver sem er hafi þá heimild.

Vefsíðan tekjur.is fór í loftið í gær en þar er hægt að fletta upp upplýsingum um laun allra Íslendinga, sem náð hafa fjárræðisaldri, fyrir árið 2016. Upplýsingarnar á síðunni byggjast ekki á álagningarskrá RSK heldur skattskrá en hún inniheldur álagðan tekjuskatt hvers gjaldanda eftir að leyst hefur verið úr öllum kærum sem berast vegna álagningarskrár. Upplýsingarnar á síðunni sýna því ekki tekjur síðasta árs heldur ársins 2016.

„Þetta kom okkur jafn mikið á óvart og flestum öðrum. Þetta er ekki á vegum RSK og okkur algjörlega óviðkomandi,“ segir Snorri Olsen ríkisskattstjóri. Hann segir að starfsfólk stofnunarinnar hafi fengið fregnir af málinu í fjölmiðlum líkt og flestir aðrir.

Aðspurður hvort vinnsla sem þessi úr skattskrá sé heimil segir Snorri að það sé í skoðun. Það liggi fyrir í tekjuskattslögum að opinber birting á upplýsingum um álagða skatta samkvæmt skattskrá sé heimil en ekki liggi ljóst fyrir hvort hver sem er hafi þá heimild. Þá þurfi einnig að skoða málið í samhengi við nýju persónuverndarlögin, GDPR, sem tóku gildi á árinu. Að auki þurfi að skoða birtingarháttinn en netið var ekki í huga þingsins árið 1984 þegar lögin voru sett.

> **Það er í lögum heimild til að gefa skattskrána út í heild sinni en spurningin er hvort ljóst sé hver hefur þá heimild.**
>
> Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar



Mál er varða birtingu álagningar- og skattskrár hafa bæði ratað til eftirlitsstofnana sem og dómstóla. Í áliti umboðsmanns Alþingis frá 1995 kom meðal annars fram að „ótvírætt og óumdeilt“ væri að heimilt væri að birta upplýsingar úr skattskrá. Aðrar reglur giltu hins vegar um álagningarskrár. Árið 2013 komst PSV síðan að þeirri niðurstöðu að CreditInfo væri óheimilt að afrita upplýsingar úr skattskrá með það að markmiði að selja áskrifendum sínum upplýsingarnar. Í gegnum tíðina hafa skattskrár síðan verið gefnar út á bókarformi en téðir útgefendur hafa getað farið til RSK, fengið skrána afhenta, afritað hana og gefið út.

„Við höfum fengið ábendingar um þessa síðu og er kunnugt um hana. Það er í lögum heimild til að gefa skattskrána út í heild sinni en spurningin er hvort ljóst sé hver hefur þá heimild. Það þurfa að vera til staðar skýrar heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga,“ segir Helga Þórisdóttir, forstjóri PSV.

Félagið Viskubrunnur ehf. stendur að baki síðunni en félagið var upphaflega í eigu KPMG Legal, dótturfyrirtækis KPMG. Í svari frá fyrirtækinu segir að KPMG stofni félög og selji þau viðskiptavinum og Viskubrunnur sé slíkt félag. Eftir að söluna beri KPMG enga ábyrgð.

Fréttablaðið reyndi ítrekað að ná í Jón Ragnar Arnarson, stjórnarmann Viskubrunns og starfsmann A4, og Víði Pétursson, varamann í stjórn, prókúruhafa félagsins og útgefanda Þingeyska miðilsins Skarps, bæði í síma og með tölvupósti. Engin svör fengust. **joli@frettabladid.is**

## Dýr deila um eignafyrirkomulag lagna og frárennslis

**DÓMSMÁL** Deila um eignafyrirkomulag á frárennslis- og skólplögnum Bústaðavegs 99-101 endaði með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að um sameign húseigenda væri að ræða. Málið var dæmt stefndu í óhag og þurftu þau að auki að greiða 2,5 milljónir í málskostnað.

Húsið sem um ræðir er tveggja húsnúmera fjöleignarhús, byggt árið 1956, með fjórum íbúðum, tveimur íbúðum á hvoru húsnúmeri. Eigendur austurhluta hússins töldu að lagnir hússins væru séreign hvers um sig en eigendur vesturhlutans að um sameign allra eigendanna fjögurra væri að ræða.

Lagnir í austurhlutanum voru endurnýjaðar að mestu árið 2014 en árið 2015 töldu eigendur vesturhlutans rétt að lagfæra þær sín megin. Austurhlutaeigendur töldu þá að þeim væri óskylt að taka þátt í kostnaði sem af því hlaust og var dómsmál því höfðað.



Fjórar íbúðir eru í húsinu á Bústaðavegi 99 og 101. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Stefnendur málsins, eigendur vesturhlutans, létu dómkveðja matsmann til að meta ástand lagnanna. Því mati vildu hinir eigendurnir ekki una og fóru fram á yfirmat. Var það nær samhljóða því fyrra um að lagnakerfin væru að mestu aðskilin, viðhald væri aðkallandi og viðgerð austurhlutans árið 2014 hefði ekki verið fullnægjandi.

Í niðurstöðu dómsins sagði að þó kerfin væru að mestu aðskilin þá rynnu frárennsli regnvatns og aðkoma að stofnlögn saman. Vanræksla hluta kerfisins væri til þess fallin að raska hagsmunum allra. Sanngjarnast væri fyrir heildina að meta kerfið sem eina heild og að kostnaður við viðgerð skiptist jafnt niður á eigendur eftir hlutfallstölu eignarhluta. Kröfu um að nauðsynlegt væri að ráðast í viðgerðir var hins vegar vísað frá dómi. **– jóe**




## EITT GLÆSILEGASTA KJÖTBORÐ LANDSINS ER Í HAGKAUP KRINGLUNNI

**HAGKAUP** *Meira* svona *alla daga*

# Sagði bílstjórana sjá um greiðslu til Elju

**Strætó sagðist ekki annast milligöngu um innheimtu húsaleigu af starfsmönnum til starfsmannaþjónustunnar Elju í svari við fyrirspurn Samtaka leigjenda árið 2016. Í yfirlýsingu frá Strætó í fyrradag segir hins vegar að Strætó hafi haft milligöngu um greiðslurnar.**

**STJÓRNSÝSLA** Í yfirlýsingu Strætó sem send var fjölmiðlum í fyrradag um bílstjóra sem ráðnir hafa verið í gegnum starfsmannaþjónustuna Elju kemur fram að þeir hafi haft húsaleigusamning við Elju en leigan hafi verið dregin af launum þeirra hjá Strætó.

Í svari Strætó við fyrirspurn Samtaka leigjenda frá árinu 2016 er hins vegar fullyrt að Strætó komi ekki með neinum hætti að innheimtu leigugreiðslna.

„Strætó kemur ekki með neinum hætti að leigu, leigusamningum eða leigukostnaði viðkomandi starfsmanna né dregur leigukostnað frá launum þeirra. Þeir sjá um þær greiðslur algjörlega sjálfir til viðkomandi eigenda,“ segir í svari Strætó við fyrirspurn frá Samtökum leigjenda.

„Á þessum tíma var mikill skortur á leiguhúsnæði og við vorum að forvitnast um hvernig þessir starfsmenn myndu búa, en það var töluvert um að verkafólk héldi til í iðnaðarhúsnæði vegna húsnæðisskorts,“ segir Jóhann Már Sigurbjörnsson, fyrrverandi formaður Samtaka leigjenda.



Enginn starfar hjá Strætó í dag fyrir milligöngu Elju en nokkrir hafa verið fastráðnir sem komu þaðan. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Þegar ég svaraði þessum pósti frá Leigusamtökunum, þá lá í rauninni ekki fyrir neitt samkomulag um að við myndum draga húsaleigu af starfsmönnunum.**
>
> Sigríður Harðardóttir, mannauðsstjóri Strætó bs.

Í svari Strætó kemur fram að starfsmennirnir komi til starfa hjá Strætó í gegnum ráðningarþjónustuna Elju, sem útvegi þeim leiguhúsnæði. Um sé að ræða íbúðarhúsnæði í fjölbýlishúsum á höfuðborgarsvæðinu og muni starfsmennirnir búa saman í íbúðum. Þeir eigi kost á að velja annaðhvort einstaklingsherbergi eða tveggja manna herbergi. Leiguverð á mánuði sé 45-60 þúsund krónur eftir því hvort þeir velja að vera einir eða tveir saman í herbergi.

„Á þeim tímapunkti þegar ég svaraði þessum pósti frá Leigjendasamtökunum, þá lá í rauninni ekki fyrir neitt samkomulag um að við myndum draga húsaleigu af starfsmönnunum og þess vegna svaraði ég þessu með þessum hætti,“ segir Sigríður Harðardóttir, mannauðsstjóri Strætó.

Hún segir að langan tíma hafi tekið að fá öll nauðsynleg gögn að utan, skilríki, ökuréttindi og þess háttar og umræða um húsnæðismálin hafi setið á hakanum. „Það var ekki fyrr en seinna í maí sem þetta kom til umræðu og rætt hvort við séum tilbúin til að draga leiguna af launum, ég samþykki það en gegn því að það liggi fyrir samþykki allra starfsmannanna.“ Samþykki hafi svo komið frá þeim öllum og Strætó í kjölfarið samþykkt tillögu Elju um hvernig þetta yrði gert. Sigríður segir þetta samkomulag þannig ekki hafa legið fyrir fyrr en eftir að hún svaraði póstinum frá Samtökum leigjenda.

Málefni Strætó og starfsmannaþjónustunnar komust í hámæli eftir að Sanna Magdalena Mörtudóttir birti langa færslu á Facebook um meinta bága stöðu erlendra starfsmanna Strætó. Í kjölfarið birti Strætó fyrrnefnda yfirlýsingu þar sem því er hafnað að brotið sé á réttindum og kjörum starfsmanna fyrirtækisins.

Í yfirlýsingunni segir að fyrirtækið hafi leitað til Elju haustið 2017 vegna aukinnar starfsmannaþarfar í kjölfar breytinga og bættrar þjónustu hjá Strætó. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær, leitaði Strætó hins vegar fyrst til Elju vorið 2016 og hefur mannað sumarafleysingar með aðstoð Elju þrjú undanfarin sumur en ekki einungis sumarið 2018 eins og skilja mátti á yfirlýsingu Strætó. adalheidur@frettabladid.is





**Drekktu í þig menninguna**

Brostu framan í Mónu Lísu, farðu í ævintýraleiðangur með Tinna og Tobba eða klappaðu Berlínarbirninum. Stórborgirnar á meginlandi Evrópu eru mögnuð uppspretta menningar og lista. Þræddu söfn, gallerí og verslanir og fylgstu svo með mannlífinu á götukaffihúsi. Aldrei hefur verið auðveldara að njóta lífsins í menningarborgum Evrópu.

ICELANDAIR

# MILLJÓNIR ERU ÞAÐ BESTA VIÐ HAUSTIÐ

# 40 MILLJÓNIR

POTTURINN STEFNIR Í 40 MILLJÓNIR Í DAG

Lottó

LEIKURINN OKKAR

ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

ÖBÍ

UMFÍ

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

# Ósátt við að jarðstrengur verði ónýttur

**Jarðstrengur Landsnets um Dýrafjarðargöng verður ekki tekinn í notkun fyrr en fimm árum eftir að hann er tilbúinn til notkunar. Vestfirðingar afar ósáttir við tilhögunina. Afhendingaröryggi rafmagms er verst á Vestfjörðum.**



Vestfirðingar furða sig á því að þurfa að bíða fimm ár til að geta tekið tilbúinn jarðstreng í Dýrafjarðargöngum í notkun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**VESTFIRÐIR** Óánægju gætir á Vestfjörðum með áætlun Landsnets um að taka í notkun jarðstreng í gegnum Dýrafjarðargöng fimm árum eftir að hann hefur verið lagður í jörð. Gísli Eiríksson verkfræðingur vekur máls á þessu í pistli sínum á vef Bæjarins besta og skorar á Landsnet að hefjast þegar handa þannig að tenging verði virk árið 2020. Landsnet segir nokkrar ástæður liggja að baki því að jarðstrengurinn verði ekki tekinn strax í notkun.

„Það er með ólíkindum að strengurinn verði ekki tekinn í notkun um leið og hann er tilbúinn til notkunar. Á meðan þurfum við að búa við ótryggt ástand þegar kemur að afhendingaröryggi raforku. Við erum undrandi á þessum áformum og skorum á Landsnet að breyta afstöðu sinni,“ segir Hafdís Gunnarsdóttir, formaður Fjórðungssambands Vestfjarða.

Dýrafjarðargöng munu liggja á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og koma í stað núverandi vegar yfir Hrafnseyrarheiði og rjúfa þannig vetrareinangrun norðanverðs Arnarfjarðar. Vestfjarðavegur mun styttast um 27,4 kílómetra. Samhliða á að leggja jarðstreng í gegnum göngin til að auka afhendingaröryggi í fjórðungnum. Raforkuöryggi á svæðinu er það minnsta á Íslandi. Framkvæmdum lýkur 2020. Strengurinn verður ekki tekinn í notkun fyrr en fimm árum síðar.

> **Það er með ólíkindum að strengurinn verði ekki tekinn í notkun um leið og hann er tilbúinn.**
>
> Hafdís Gunnarsdóttir, formaður Fjórðungssambands Vestfjarða



Jarðstrengur í Dýrafjarðargöngum leysir af veðurfarslega erfiðan kafla flutningslínu Breiðadalslínu 1 um Flatafjall. Athugasemd barst frá Vestfjörðum vegna málsins: „Óskað er að þessu verkefni verði hraðað þannig að úrbætur í flutningskerfi nýtist strax og þær liggja fyrir.“

Landsnet segir hins vegar að þeir ætli ekki í málið fyrr en að afskriftartíma Breiðadalslínu 1 lýkur 2025. „Breiðadalslína 1 er frá árinu 1975 og er því 42 ára gömul, en hlutar hennar yngri. Afskriftartími loftlína er 50 ár. Það eru nokkrar megin-ástæður fyrir því að ekki stendur til að taka jarðstrenginn í notkun um leið og jarðgöngin á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar verða tilbúin,“ segir í svari Landsnets. „Sú fyrsta snýr að ástæðu þess að ráðist var í verkefnið á þessum tímapunkti. Hún er eingöngu sú að nýta þann glugga sem opnaðist við framkvæmd Vegagerðarinnar við jarðgöngin, en verkefnið hefði annars ekki verið á áætlun Landsnets á þessum tímapunkti.“

sveinn@frettabladid.is





Svalaðu ævintýraþránni
Reimaðu á þig gönguskóna og upplifðu stórbrotna náttúru. Smakkaðu sjávarrétti í San Francisco og gæðakaffi í Seattle. Brunaðu eftir ströndinni með hlýjan vindinn í hárinu og komdu við í Portland, sem er alltaf með puttann á púlsinum. Aldrei hefur verið auðveldara að njóta lífsins á Vesturströnd Bandaríkjanna.

ICELANDAIR

# Kraftmikill fjölskyldudagur

Laugardaginn 13. október




## Frábær fjölskyldudagskrá

Það eru allir velkomnir á opinn fjölskyldudag á Jarðhitasýningu ON í Hellisheiðarvirkjun.

Áhugaverð sýning og skemmtidagskrá í stærstu jarðvarmavirkjun heims!

13:00 **Jón Jónsson**

13:30 **Barnaleiðsögn um sýninguna**

14:00 **Fróðleiksgetraun fyrir börnin - verðlaun í boði**

13-15 **Blaðrarinn gefur börnunum blöðrudýr**

Fjölskyldudagurinn er frá 12.30-15.00
Aðgangur ókeypis og allir velkomnir!
Pylsur, drykkir og ís í boði!

ON
ORKA NÁTTÚRUNNAR
JARÐHITA
SÝNING



**Ákvörðuninni var innilega fagnað í Úkraínu í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

## Úkraínukirkja sjálfstæð frá þeirri rússnesku

**ÚKRAÍNA** Kirkjuþing rétttrúnaðarkirkjunnar undir stjórn patríarkans í Istanbúl, trúarleiðtoga um 300 milljóna safnaðarbarna og eiginlegs æðsta manns rétttrúnaðarkirkjunnar, ákvað í gær að úkraínska rétttrúnaðarkirkjan fengi sjálfstæði frá hinni rússnesku. Málið á sér langa sögu en kirkjan í Rússlandi hefur alltaf lagst gegn aðskilnaðinum. Haldið því fram að um yrði að ræða stærsta klofning kristninnar í þúsund ár eða allt frá því rétttrúnaðarkirkjan klauf sig frá hinni kaþólsku.

En þótt Úkraínumenn hafi margir hverjir viljað kljúfa sig frá rússnesku kirkjunni hefur deilan harðnað til muna frá því að Rússar innlimuðu Krímskaga árið 2014 og átök brutust út í Austur-Úkraínu. Hafa Úkraínumenn til að mynda sakað rússnesku rétttrúnaðarkirkjuna um að nýta ítök sín í Rússlandi til að styðja aðskilnaðarsinna í austurhluta Úkraínu.

Petró Pórósjenkó, forseti Úkraínu, sagði í gær að ákvörðun patríarkans og kirkjuþingsins væri til þess fallin að vekja yfirvöld í Moskvu af alræðisdraumum sínum. „Þetta snýst um sjálfstæði okkar, þjóðaröryggi og alþjóðastjórnmálin eins og þau leggja sig,“ sagði forsetinn. **– þea**

# Hægriflokkurinn vill stýra einn

**Illa gengur að mynda ríkisstjórn í Svíþjóð nú þegar rúmur mánuður er liðinn frá kosningum. Leiðtogi stærsta flokks hægriblokkarinnar leggur til að flokkurinn myndi minnihlutastjórn einn síns liðs.**



**Tillögu Ulfs Kristersson hefur ekki verið vel tekið en illa gengur að mynda ríkisstjórn í Svíþjóð.** NORDICPHOTOS/AFP

**SVÍÞJÓÐ** Ulf Kristersson, leiðtogi sænska Hægriflokksins (Moderaterna), sagði í gær að flokkur hans væri tilbúinn til þess að mynda einn minnihlutastjórn án aðkomu hinna flokkanna í hægriblokkinni. Kristersson lagði til að hinir hægriflokkarnir gætu varið stjórnina vantrausti. Stjórnmálaskýrendur í Svíþjóð töldu þetta útspil Kristerssons til þess gert að komast hjá því að vinna með Svíþjóðardemókrötum.

Rúmur mánuður er nú liðinn frá kosningum og enn hefur ekki tekist að mynda stjórn. Einfaldasta útskýringin er sú að hvorki hægriné vinstriblokkin náði meirihluta þar sem þjóðernishyggjuflokkurinn Svíþjóðardemókratar náði 62 þingsætum.

„Hvorki Svíþjóðardemókratar né Vinstriflokkurinn ættu að hafa nokkra aðkomu að ríkisstjórn,“ sagði Kristersson í langri Facebook-færslu. Vinstriflokkurinn fékk 21 sæti og er hluti af vinstriblokkinni.

Nokkrir þingmenn og sitjandi ráðherrar í starfsstjórn Jafnaðarmannaflokksins, stærsta flokks vinstriblokkarinnar, höfnuðu þessari tillögu Kristerssons í gær. „Með þessari tillögu sýnir Kristersson sitt rétta andlit. Hann vill mynda hægristjórn með stuðningi öfgamanna. Sú stjórn hefði minnsta umboð nokkurrar ríkisstjórnar í fjörutíu ár og væri sú hægrisinnaðasta í níutíu ár,“ sagði Morgan Johansson innanríkisráðherra í tísti.

Jimmie Åkesson, leiðtogi Svíþjóðardemókrata, sagði að tillagan væri út í hött. „Það er algjörlega óréttrétt að við myndum styðja myndun ríkisstjórnar sem gefur það út að við fengjum ekki að hafa nein áhrif. Það mun að sjálfsögðu ekki gerast.“

Þingmenn og leiðtogar hinna hægriflokkanna, Miðflokksins, Frjálslynda flokksins og Kristilegra demókrata, höfðu lítið tjáð sig um tillögu Kristerssons þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.

Michael Arthursson, þingmaður Miðflokksins, sagði þó við sænska ríkisútvarpið, SVT, að það væri óheppilegt að rætt væri um slíkar tillögur á opinberum vettvangi. Þær ætti frekar að ræða innan hægriblokkarinnar.

Heimildarmaður úr Frjálslynda flokknum sagði hins vegar við Expressen að tillaga Kristerssons ylli flokksmönnum áhyggjum. Færsla Kristerssons hefði komið Jan Björklund formanni á óvart og að það væri undarleg taktík að ræða ekki við formanninn áður en slík færsla væri birt.

Andreas Norlén, forseti þingsins og þingmaður Hægriflokksins, gaf Kristersson stjórnarmyndunarumboðið þann 2. október síðastliðinn. Umboðið gildir til tveggja vikna og hefur Kristersson því frest fram á þriðjudag til að mynda ríkisstjórn.

**thorgnyr@frettabladid.is**




**Andaðu að þér fersku fjallaloftinu**
Brunaðu niður drifhvítar brekkurnar og upplifðu fullkomið frelsi. Skálaðu í heitu kakói og njóttu útsýnisins. Gerðu síðan vel við þig og þína í mat og drykk þegar kvölda tekur. Aldrei hefur verið auðveldara að njóta lífsins á skíðasvæðum Evrópu og Norður-Ameríku.

ICELANDAIR


Fjórhjóladrifna fjölskyldan.
BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2019 BÍLABLAÐAMANNA
Í flokki stærri jeppa
BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2017 BÍLABLAÐAMANNA
Í flokki jepplinga
BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2019 BÍLABLAÐAMANNA
Í flokki minni jeppa
BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2017 BÍLABLAÐAMANNA
Í flokki jepplinga
Touareg Offroad.
3.0 TDI V6.
Verð 9.290.000 kr.
Tiguan Offroad.
Fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur.
Verð ~~5.790.000 kr.~~
Tilboðsverð 4.990.000 kr.
T- Roc.
Fjórhjóladrifinn
og sjálfskiptur.
Verð 4.590.00 kr.
Tiguan Allspace.
7 manna og rúmgóður.
Verð ~~7.635.000 kr.~~
Tilboðsverð 6.990.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
85 ÁRA
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



## KIRUNA
U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Kaffibrúnt eða dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 301 × 200 × 78 cm

**177.411 kr.** ~~219.990 kr.~~



## CONNECT
U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Svart leður.
Stærð: 311 x 205 x 88 cm

**354.831 kr.** ~~439.990 kr.~~



## NORWICH
Nettur tungusófi. Ljósgrátt áklæði, svört grind og fætur.
Stærð: 233 x 148 x 81 cm.

**112.895 kr.** ~~139.990 kr.~~



## HOLIDAY
Tungusófi. Svart slitsterkt áklæði
Stærð: 279 x 238 x 89 cm

**193.540 kr.** ~~239.990 kr.~~

## SUN
2,5 og 3ja sæta sófar frá Furninova. Slitsterkt Cortina-áklæði. Silfurgrátt, dökkgrátt og brúnt.



2,5 sæta, stærð: 179 x 93 x 78 cm.
**112.895 kr.** ~~139.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 199 x 93 x 78 cm.
**129.024 kr.** ~~159.990 kr.~~



## FRANKLIN
2,5 og 3ja sæta sófar. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði. D. 86 H: 81 cm

2,5 s.: B: 180 cm
**96.766 kr.** ~~119.990 kr.~~

3ja s.: B: 208 x cm
**145.153 kr.** ~~179.990 kr.~~



L A Z B O Y® *Live life Comfortably.*

## EMPIRE
Stílhreinir La-Z-Boy sjónvarpssófar.
Klæddir gráu, slitsterku áklæði og svörtu leðri.
3ja sæta: Stærð: 197 × 98 × 104 cm

Áklæði
**201.605 kr.** ~~249.990 kr.~~

Leður
**322.573 kr.** ~~399.990 kr.~~





**ÖLL SÓFABORÐ & ALLIR PÚÐAR Á**
# TAXFREE
**MIKIÐ OG FJÖLBREYTT ÚRVAL**



**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri Dalsbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Verð gildir til 4. nóvember 2018, eða á meðan birgðir endast.*

# SÓFAR
# TAXFREE

Allir sófar á taxfree tilboði*




## BOYD

Þriggja sæta sófi. Dökkgrátt sléttflauel áklæði og brúnt PU-leður.
Stærð: 215 × 87 × 78 cm

Áklæði
**96.766 kr.** ~~119.990 kr.~~

PU-Leður
**100.798 kr.** ~~124.990 kr.~~




**Þú finnur nýja bæklinginn okkar á husgagnahollin.is**




## DC 3600

Klassískur og sérlega fallegur sófi úr savoy/split leðri. Nettur en mjúkur með þægilega bólstraðar sessur og stílhreina, ljósa viðarfætur. Hægt er að losa setpullur sem og bak- og hliðarpullar sem annars sitja vel fastar með frönskum rennilás. Fáanlegur í svörtu og koniaksbrúnu leðri.

2ja sæta, stærð: 143 x 80 x 80 cm
**177.411 kr.** ~~219.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 202 x 80 x 80 cm
**225.798 kr.** ~~279.990 kr.~~

* Taxfree tilboðið gildir á sófum, sófaborðum og púðum og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNA
HÖLLIN

BAKARÍ
til sölu.



Um er að ræða framleiðslubakarí með
tvo útsölustaði á góðum stað miðsvæðis
á höfuðborgarsvæðinu.
Húsnæði getur fylgt ef óskað er.

Nánari upplýsingar gefur Gunnar Svavarsson:
gunnar@kontakt.is

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
globalM&A Iceland

Haukur 10.18

# TÆKNI



Ef ásakanir á hendur Twitter reynast réttar gæti fyrirtækið þurft að greiða himinháa sekt. NORDICPHOTOS/AFP

# Skoða Twitternjósnir

**Samfélagsmiðillinn neitar að afhenda rannsakanda upplýsingar um vöktun notenda. Twitter gæti átt yfir höfði sér tugmilljóna evra sekt vegna málsins.**

Bandaríski samfélagsmiðillinn Twitter sætir nú rannsókn persónuverndaryfirvalda á Írlandi vegna þess að miðillinn neitar því að upplýsa notendur um hvaða upplýsingar fyrirtækið skráir þegar notandinn smellir á hlekki á Twitter. Frá þessu var greint á vefsíðu Fortune í gær.

Þegar notendur setja hlekki í tíst sín breytir Twitter hlekknum með styttingakerfi sínu, t.co. Á hjálparsíðu Twitter segir að þetta sé gert svo fyrirtækið geti skráð hversu oft smellt er á hvern hlekk og til þess að berjast gegn dreifingu tölvuveira á samfélagsmiðlinum.

Michael Veale, netöryggismálarannsakandi hjá University College í Lundúnum, sagði í samtali við Fortune að hann grunaði að Twitter safnaði þó enn frekari upplýsingum þegar notendur smella á hlekki. Mögulega nýtti samfélagsmiðillinn styttingakerfi sitt til þess að fylgja notendum á vafri þeirra og skilja eftir svokallaðar vafrakökur (e. cookies).

Evrópusambandið samþykkti nýja löggjöf um meðferð persónulegra gagna árið 2016 og tók hún gildi í maí síðastliðnum. Með tilkomu löggjafarinnar, sem kallast Almenna persónuverndarreglugerðin, eða einfaldlega GDPR, getur hver notandi krafið veffyrirtæki um allar þær upplýsingar sem vefurinn hefur safnað um notandann. Þetta gerði Veale en Twitter neitaði því að útvega upplýsingar sem safnað er við það þegar smellt er á hlekki.

Bar því fyrir sig að söfnun þeirra gagna væri flókin og erfið og sagði að GDPR heimilaði neitun á þeim grundvelli. Veale er hins vegar á þeirri skoðun að Twitter rangtúlki löggjöfina.

Veale kvartaði svo til írskra persónuverndaryfirvalda og segir Fortune frá því að á fimmtudaginn hafi rannsókn á málinu hafist. Evrópskar höfuðstöðvar Twitter, líkt og annarra tæknifyrirtækja á borð við Google, Facebook, Microsoft og Paypal, eru á Írlandi. Nánar tiltekið í Dyflinni. Þess vegna var kvörtunin send inn þar í landi.

Komist yfirvöld á Írlandi að þeirri niðurstöðu að Twitter hafi brotið gegn GDPR-löggjöfinni gæti fyrirtækið átt yfir höfði sér allt að tuttugu milljóna evra sekt, eða sekt sem nemur fjórum prósentum árlegrar veltu ef sú upphæð er hærri. Sé miðað við veltu Twitter á síðasta ári eru fjögur prósent um 83 milljónir evra, andvirði 11 milljarða króna.

Áður hafði Veale kvartað yfir því að Facebook hafi neitað að afhenda sambærileg gögn. Sama írska stofnunin hefur það mál nú til rannsóknar.

Mál Michaels Veale er þó langt frá því að vera persónuverndarmálið sem Facebook glímir nú við. Persónuverndaryfirvöld á Írlandi rannsaka til að mynda leka á upplýsingum fimmtíu milljóna notenda og gæti fyrirtækið átt yfir höfði sér 1,4 milljarða evra sekt í málinu. Það samsvarar um 190 milljörðum króna.

**thorgnyr@frettabladid.is**

## Það sem Twitter veit

Blaðamaður sótti um að fá afrit af gögnum sínum frá Twitter og bárust þau fáeinum mínútum síðar. Um var að ræða 554 skrár, samtals 124 MB.

Meirihluti gagnanna var nokkuð ómerkilegur. Sjá mátti að blaðamaður er líklegur til að vera undir 65 ára aldri sem og tölvupóstfang, tíst, ljósmyndir, myndbönd, GIF, fylgjendur, bein skilaboð og Twitterlista blaðamanns svo fátt eitt sé nefnt.

Einnig mátti þó sjá hvernig blaðamaður brást við mismunandi auglýsingum. Einkum hvaða auglýsingar blaðamaður hefur smellt á á Twitter. Þannig mátti sjá að blaðamaður hafði til dæmis smellt á auglýsingar fyrir tölvuleikinn Diablo, tímaritið The New Yorker og dagblaðið The Washington Post. Að auki mátti sjá frá hvaða IP-tölum blaðamaður hafði skráð sig inn á Twitter og úr hvers konar tækjum.

Hefði blaðamaður verið með kveikt á því að birta staðsetningu sína með tístum hefðu þeir staðir sem blaðamaður hefur tíst frá einnig verið skráðir en svo var ekki.



# BÍLAFJÖR BRIMBORGAR

**LAUGARDAG FRÁ 12-16**

**YFIR 500 GERÐIR AF BÍLUM!**

Komdu í Bílafjör Brimborgar í dag. Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla, frábært verð og framúrskarandi þjónustu.
***– við eigum rétta bílinn fyrir þig!***

## ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA — ALLT Á EINUM STAÐ

mazda

## MAZDA CX-5 VISION AWD

**2,0 bensín, 160 hö, sjálfskiptur**

Mazda CX-5 AWD er búinn því besta frá Mazda. Elskaðu að keyra.

Verð frá: 5.390.000 kr.



CITROËN

## CITROËN C3 AIRCROSS FEEL

**1,2 bensín, 110 hö, beinskiptur eða sjálfskiptur**

Citroën Aircross. Meira pláss meiri möguleikar. Citroën þægindi.

Verð frá: 2.990.000 kr.



Ford

## FORD FIESTA TREND

**1,1 bensín, 85 hö, beinskiptur**

Fjör í hverri beygju. Hann er öruggur, lipur, kraftmikill og mjög sparneytinn. Glæsilegt handverk, einstakt val á efnum og mjúk lýsing tekur á móti þér í nýjum Ford Fiesta.

Verð frá: 2.250.000 kr.



VOLVO

## VOLVO V40CC

**D2 Momentum, 120 hö, sjálfskiptur**

Volvo V40 Cross Country er hannaður fyrir ævintýralegt líf í borg og bæ. Með notendavænni tækni og nútímalegri hönnun er valið augljóst.

VOLVO 30 ÁR HJÁ BRIMBORG

Verð frá: 4.190.000 kr.



PEUGEOT

## PEUGEOT 3008 ACTIVE

**1,2 bensín, 110 hö, beinskiptur eða sjálfskiptur**

Peugeot 3008 er margverðlaunaður. Gæðin heilla þig strax!

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA BÍLL ÁRSINS 2018

Verð frá: 3.940.000 kr.



***– Komdu í reynsluakstur í dag!***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5

**brimborg.is**

# Ekki bendá mig



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Braggamálið er fyrirferðarmikið í umræðunni. Fólki blöskrar að með skattfé sé farið af slíkri vanvirðingu.

Málið er birtingarmynd stærri vanda. Allir vita að ástandsskoðun á ekki að kosta 30 milljónir og allir sjá fáránleikann í því að flytja inn plöntur sem eru á hverju strái hérlendis. Fólk sér að borgin er komin langt út fyrir hlutverk sitt með að standa í framkvæmdum af þessu tagi. Veitingamenn eiga einfaldlega að standsetja húsnæði sitt sjálfir.

Þess vegna hefur bragginn snert streng í borgarbúum.

Áætlanir borgarinnar virðast ítrekað að engu hafðar. Bragginn og Mathöllin við Hlemm eru nýleg dæmi. Í því fyrra nemur kostnaður hingað til tæplega hálfum milljarði króna. Verkinu er ekki lokið. Í báðum tilvikum er kostnaður um þreföld upphafleg áætlun. Dæmi um óráðsíu eru vafalaust fleiri. Vonandi kemur þetta allt upp á yfirborðið.

Í Reykjavík er innheimt hæsta lögleyft útsvar. Engar gjaldskrárlækkanir hafa orðið hjá Orkuveitunni eftir fordæmalausar hækkanir sem kynntar voru sem tímabundnar neyðarráðstafanir á árunum eftir hrun. Nýleg fjárhagsspá Orkuveitunnar boðar að greiddur verði út arður til borgarinnar upp á 14 milljarða næstu árin.

Borgaryfirvöld láta sér með öðrum orðum ekki nægja hið hefðbundna útsvar heldur seilast þau líka í vasa útsvarsgreiðenda gegnum heimilisreikningana.

Einnig má halda því til haga að undanfarin ár hefur ríkt fordæmalaust góðæri á Íslandi. Blikur eru á lofti í efnahagsmálum. Borgaryfirvöld hafa hins vegar látið hjá líða að búa í haginn fyrir mögru árin. Skuldir borgarsjóðs jukust um 45% á síðasta kjörtímabili.

Bragginn virðist ekki vera undantekning heldur hluti af stærri mynd – sem sýnir svart á hvítu að fjármálastjórn hjá Reykjavíkurborg er stórlega ábótavant.

Meirihlutinn reyndi lengst af að þegja Braggamálið í hel, þrátt fyrir að fulltrúar minnihlutans hefðu leitað skýringa á óhóflegum kostnaði á mörgum stigum málsins, líkt og Örn Þórðarson borgarfulltrúi benti á í grein í blaðinu í vikunni.

Í því ljósi eru stöðuuppfærslur borgarstjóra og kollega hans undanfarna daga, þar sem þau koma af fjöllum og boða að málið verði rannsakað, aumkunarverðar.

Ekki var heldur stórmannlegt að senda fulltrúa samstarfsflokksins í sjónvarpssal til að svara fyrir málið. Pínlegt var að sjá hana engjast á önglinum, enda varla nokkur maður sem telur flokk sem nýkominn er í meirihluta bera ábyrgð á málinu. Braggamálið er eldra en svo og vísbendingar um fjárhagslega óstjórn sömuleiðis.

Í venjulegu fyrirtæki yrði það ekki liðið að ítrekað væri keyrt margfalt fram úr áætlunum. Ef viðkomandi fyrirtæki lifði slíkt af myndu stjórnendur fá að taka pokann sinn. Borgarstjóri er framkvæmdastjóri borgarinnar og sá sem ber endanlega ábyrgð á rekstrinum. Hann hefur enga fjarvistarsönnun – getur ekki sagt: Ekki benda á mig.

**Þess vegna hefur bragginn snert streng í borgarbúum.**

Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Óður til áhrifavalda

DVD-spilarinn minn eyðilagðist í síðustu viku. Ég keypti hann fyrir tólf árum í verslun sem nú er farin á hausinn. Tímarnir breytast og mennirnir með. En ekki ég. Það sem gerðist næst hefði átt heima á forsíðu Fréttablaðsins: „Kona fór út í búð og keypti DVD-spilara.“ Hver kaupir nýjan DVD-spilara þegar sá gamli gefur upp öndina árið 2018?

Ásetningur minn er ekki að snúa við þróun mannsins: Netflix, Blu-ray, DVD, vídeótækið, ekkert sjónvarp á fimmtudögum, iðnbyltingin, upplýsingin, landbúnaðarbyltingin og BAMM: ég er safnari og veiðimaður sprangandi um á sléttum Afríku á Evuklæðunum. Neyðin kennir hins vegar naktri konu að spinna.

### Netflix og YouTube

Sama dag og DVD-spilarinn minn gaf upp öndina voru kynntar á Skólamálaþingi Kennarasambands Íslands fyrstu niðurstöður viðamikillar rannsóknar fræðimanna við Háskóla Íslands á stöðu og framtíð íslenskunnar á tímum stafrænna samskipta og snjalltækja. Meðal þess sem rannsóknin leiddi í ljós er að enska í málumhverfi íslenskra barna er meiri og á fleiri sviðum en nokkru sinni fyrr og stór hluti 3-5 ára barna horfir á enskt efni á Netflix eða YouTube tvisvar í viku.

### Endasleppur eltingaleikur

Ég bý á Englandi og á tvö börn. Í einfeldni minni hélt ég að það yrði leikur einn að kenna þeim íslensku. Í reglubundinni heimsókn til Íslands nýverið runnu hins vegar á mig tvær grímur. Mig vantaði barnapíu svo ég kveikti á sjónvarpinu. Börnin vildu horfa á teiknimyndaseríuna Gló magnaða sem sýnd er talsett í Sjónvarpinu. Ég fann hana á RÚV-vefnum og hugsaði mér gott til glóðarinnar: Tvær flugur í einu höggi; næði og íslenskukennsla.

„Meira, meira,“ var hrópað úr stofunni þegar þættinum lauk í miðjum æsispennandi eltingaleik og á loforðinu: „Framhald í næsta þætti.“

En þegar kveikt var á næsta þætti bólaði ekkert á eltingaleiknum. Í ljós kom að þættirnir höfðu ekki verið sýndir í réttri röð í Sjónvarpinu og ég fann hvergi réttan þátt. Allt ætlaði um koll að keyra. Hvað var til bragðs að taka? Ég teygði mig í spjaldtölvuna, fór á netið og fann þar þáttinn sem börnin horfðu á alsæl – á ensku.

Mörgum þykir þetta atvik eflaust lítilvægt. Dæmið fangar hins vegar viðhorfið sem mun ganga af íslenskunni dauðri.

### Dægurmenning barna

Við getum gefið út gulli slegnar heiðursútgáfur af ritverkum Halldórs Laxness. Við getum sett Íslendingasögurnar á internetið og fagnað því með fréttatilkynningu og kampavínsmóttöku. Við getum hengt fálkaorður á rithöfunda. Við getum fellt öll börn landsins á íslenskuprófi fyrir að segja „mér hlakkar til“. En íslenskunni verður ekki bjargað úr fílabeinsturni.

„Við þurfum að átta okkur á því hvað það er lítið af íslensku efni á netinu og kannski er það það sem háir okkur líka; okkur vantar bækur og þætti á íslensku,“ sagði Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands, í viðtali við Morgunblaðið en hún er ein þeirra sem fara fyrir fyrrnefndri rannsókn.

Hve margir barnabókahöfundar fá listamannalaun? Hve stór hluti Kvikmyndasjóðs fer í barnaefni? Hvenær fá JóiPé og Króli Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar? Hvenær fær Binni Glee fálkaorðu?

Dægurmenning barna gegnir mikilvægu hlutverki við varðveislu íslenskunnar. En samt gefum við skít í hana. Börn mega horfa á teiknimyndaseríuna sína í belg og biðu. Við hæðumst að áhrifavöldum á samfélagsmiðlum sem þó framleiða eitt af því litla efni á íslensku sem krakkar geta nálgast á YouTube, Instagram og Snapchat.

Ég kaupi úr sér gengna DVD-diska á Íslandi og spila þá fyrir börnin mín í London. Slíkt jafnast þó á við að úrskurða hestvagn nógu gott farartæki til að ferðast með frá Breiðholti niður í miðbæ. Við komumst ekki langt inn í framtíðina á fararskjóta fortíðar. Viljum við að íslenskan fylgi okkur um ókomin ár verðum við að bjóða henni far.




FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is


TILBOÐ FYRIR 2
Frá kr.
69.995
BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN
Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.
Marokkó 25. október í 9 nætur
HAGKVÆMT
Almoggar Garden Beach
Frá kr. 69.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna
Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður
Marokkó 25. október í 9 nætur
GLÆSILEGT
Sofitel Royal Bay Agadir
Frá kr. 158.095
Verð á mann m.v. 2 fullorðna
Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður
Tenerife 28. nóvember í 14 nætur
VINSÆLT
Bitacora Spring Hotel
Frá kr. 189.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna
Innifalið: Flug, Gisting, Hálft fæði
Gran Canaria 11. desember í 10 nætur
GLÆSILEGT
Lopesan Baobab Resort
Frá kr. 129.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna
Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður
Calpe 21. október í 5 nætur
NÝTT
Suitopía Sol y Mar Suites
Frá kr. 85.685
Verð á mann m.v. 2 fullorðna
Innifalið: Flug, Gisting, Ekkert fæði
Albir & Altea 21. október í 9 nætur
GLÆSILEGT
SH Villa Gadea Hotel
Frá kr. 125.485
Verð á mann m.v. 2 fullorðna
Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður
Calpe 21. október í 5 nætur
BARA 18+
Gran Hotel Sol y Mar
Frá kr. 89.885
Verð á mann m.v. 2 fullorðna
Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður
Tenerife 24. október í 7 nætur
GLÆSILEGT
Iberostar Sabila
Frá kr. 149.295
Verð á mann m.v. 2 fullorðna
Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður
Heimsferdir eru stolt að styrkja Bleiku slaufuna
og munu gefa andvirði einnar Bleikrar slaufu til Krabbameinsfélagsins/Bleiku slaufunnar af hverri bókun sem gerð verður hjá okkur frá 12. til 31. október.
595 1000 • Bókaðu þína ferð á heimsferdir.is
Heimsferðir
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# Heildarbragurinn á íslenska liðinu allt annar í þessum leik

**Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu náði vopnum sínum á nýjan leik eftir fremur slaka frammistöðu í tvígang þegar liðið gerði jafntefli við ríkjandi heimsmeistara á fimmtudagskvöldið. Fram undan er seinni leikur liðsins gegn Sviss í Þjóðadeild UEFA sem leikinn verður á Laugardalsvellinum á mánudaginn.**

**FÓTBOLTI** Það má með sanni segja að íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu hafi sýnt sitt rétta andlit þegar liðið gerði jafntefli við Frakkland í vináttulandsleik liðanna í Guingamp síðastliðið fimmtudagskvöld. Fréttablaðið fékk Ólaf Helga Kristjánsson, þjálfara karlaliðs FH, til þess að meta frammistöðu íslenska liðsins í leiknum gegn Frakklandi og spá í spilin fyrir leikinn gegn Sviss sem fram fer á Laugardalsvellinum á mánudagskvöldið.

„Heildarbragurinn og holningin á liðinu var allt önnur í þessum leik en í síðustu tveimur leikjum liðsins. Það verður að taka það með í myndina að Erik Hamrén hafði afskaplega stuttan tíma til þess að undirbúa liðið fyrir fyrstu leiki sína í starfi og þá vantaði fjölmarga lykilleikmenn í liðið í frumraunum hans. Verkskipulagið og vinnuframlagið var til fyrirmyndar í leiknum í gær og þarna þekkti maður liðið á nýjan leik,“ segir Ólafur Helgi um muninn á leikjunum gegn Sviss og Belgíu í Þjóðadeild UEFA í september og svo leiknum gegn Frakklandi í gær.

„Við þéttum raðirnar inni á miðsvæðinu og Alfreð Finnbogason lék einkar vel sem fremsti varnarmaður og samvinna hans og Gylfa Þórs Sigurðssonar við að loka á sendingaleiðir í gegnum miðju vallarins var með eindæmum góð. Varnarlínan stóð sig frábærlega og mér fannst Ragnar Sigurðsson og Kári Árnason eiga einkar góðan leik. Uppstillingin að hafa Birki Má [Sævarsson] og Hólmar Örn [Eyjólfsson] gekk vel upp og þeir stóðu sig báðir vel. Birkir Már ógnaði með hraða sínum og Hólmar Örn gerði hlutina einfalt og vel,“ segir hafnfirski þjálfarinn um varnarvinnu liðsins.



Gylfi Þór Sigurðsson, fyrirliði íslenska liðsins, átti afbragðs leik gegn Frökkum bæði í vörn og sókn. Ólafur Kristjánsson segir hann og Alfreð Finnbogason vera meðal lykilmanna í góðum varnarleik hjá liðinu. NORDICPHOTOS/GETTY

„Það var svo ofboðslega gaman að sjá hversu langt Rúnar Alex [Rúnarsson] er kominn í þroskaferli sínu sem leikmaður. Hann var eins og ávallt yfirvegaður í uppspilinu og öflugur í aðgerðum sínum í vítateignum. Hannes Þór [Halldórsson] kom svo vel inn í leikinn og honum líður augljóslega vel fyrir aftan Kára og Ragnar. Ég hef orðið þess heiðurs aðnjótandi að þjálfa þá báða og það er gaman að sjá hversu vel við erum í sveitt settir með markmenn, bæði til skamms tíma og til framtíðar,“ segir Ólafur Helgi um markmannasveit íslenska liðsins.

> Það sem gladdi mig eiginlega mest var þorið við að halda boltanum og hversu vel uppspilið var framkvæmt. Við þurfum að spila á svipaðan máta gegn Sviss og gegn Frakklandi til þess að ná í hagstæð úrslit.
>
> Ólafur Helgi Kristjánsson

„Það sem gladdi mig eiginlega mest var þorið við að halda boltanum og hversu vel uppspilið var framkvæmt. Fyrra markið var svo eftir frábæra pressu hjá Alfreð sem sýndi styrk sinn í varnarleiknum og útsjónarsemina í sóknarleiknum með því að finna Birki [Bjarnason] sem kláraði færið af stakri prýði. Við vorum búnir að skapa fjölmörg góð færi eftir hálftíma leik og það er afar jákvætt að sjá hvað sóknarleikurinn gekk smurt,“ segir hann um sóknarleikinn.

„Við þurfum að spila á svipaðan máta gegn Sviss og við gerðum gegn Frakklandi til þess að ná í hagstæð úrslit í þeim leik. Við vorum fremur gisnir inni á miðsvæðinu í fyrri leiknum gegn Sviss, en það var allt annað uppi á teningnum á móti Frökkum. Við þurfum að halda áfram að beina þeim út á við þegar við verjumst og verja hjartað í vörninni og á miðjunni jafn vel og við gerðum á fimmtudaginn. Ef við gerum það þá er ég bjartsýnn á jákvæða niðurstöðu,“ segir prófessorinn um komandi verkefni.

hjorvaro@frettabladid.is




**VR óskar eftir orlofshúsum**

VR óskar eftir að leigja vönduð sumarhús eða orlofsíbúðir til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar.

Áhugasamir sendi upplýsingar á **vr@vr.is** fyrir 20. nóvember 2018.

**Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja:**

- Lýsing á eign og því sem henni fylgir
- Ástand íbúðar og staðsetning
- Stærð, fjöldi svefnplássa og byggingarár
- Lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta nágrenni

**Öllum tilboðum verður svarað.**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

VR


## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**Keflavík - KR 85-79**

**Keflavík:** Michael Craion 27, Reggie Dupree 19, Hörður Axel Vilhjálmsson 14, Gunnar Ólafsson 11, Guðmundur Jónsson 6, Magnús Már Torfason 4, Ágúst Orrason 2, Þröstur Leó Jóhannsson 2.

**KR:** Julian Boyd 29, Sigurður Á. Þorvaldsson 13, Jón Arnór Stefánsson 13, Björn Kristjánsson 9, Emil Barja 6, Orri Hilmarsson 5, Dino Stipcic 2.

**Haukar - ÍR 66-84**

**Haukar:** Hilmar Smári Henningsson 18, Marques Oliver 12, Kristinn Marinósson 10, Kristján Leifur Sverrisson 8, Matic Macek 7, Haukur Óskarsson 6, Hamid Dicko 3, Daði Lár Jónsson 2.

**ÍR:** Gerald Robinson 23/15 fráköst, Justin Martin 19, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 17, Hákon Örn Hjálmarsson 16, Matthías Orri Sigurðsson 4, Sæþór E. Kristjánsson 3, Benóný Svanur Sigurðsson 2.

**Olís-deild kvenna**

**ÍBV - Valur 18-18**

**ÍBV:** Greta Kavaliuskaite 6, Arna Sif Pálsdóttir 4, Ester Óskarsdóttir 3, Kristrún Hlynsdóttir 2, Sandra Dís Sigurðardóttir 1, Karólína Bæhrenz 1, Ásta B. Júlíusdóttir 1.

**Valur:** Lovísa Thompson 6, Sandra Erlingsdóttir 5, Ragnhildur Edda Þórðardóttir 2, Íris Ásta Pétursdóttir 2, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 1, Díana Dögg Magnúsdóttir 1.

**Selfoss - Þór/KA 18-24**

**Selfoss:** Sarah Boye Sörensen 6, Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 4, Perla Ruth Albertsdóttir 3, Kristrún Steinþórsdóttir 3, Hulda Dís Þrastardóttir 1, Ída Bjarklind Magnúsdóttir 1.

**Þór/KA:** Martha Hermannsdóttir 8, Katrín Vilhjálmsdóttir 4, Hulda Bryndís Tryggvadóttir 4, Sólveig Lára Kristjánsdóttir 3, Ásdís Guðmundsdóttir 2, Rakel Sara Elvarsdóttir 1, Þórunn Eva Sveinbjörnsdóttir 1.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Fram | 8 | HK | 4 |
| Valur | 5 | Stjarnan | 3 |
| ÍBV | 5 | Haukar | 2 |
| KA/Þór | 4 | Selfoss | 1 |

**Þjóðadeildin**

**A-deild**

**Riðill 2**

**Belgía - Sviss 2-1**

1-0 Romelu Lukaku (58.), 1-1 Mario Gavranovic (76.) , 2-1 Lukaku (84.).

**Riðill 4**

**Króatía - England 0-0**

**B-deild**

**Riðill 3**

**Austurríki - N-Írland 1-0**

1-0 Marko Arnautovic (71.).

**C-deild**

**Riðill 2**

**Eistland - Finnland 0-1**

**Grikkland - Ungverjaland 1-0**

**D-deild**

**Riðill 2**

**H-Rússland - Lúxemborg 1-0**

**Moldóva - San Marínó 2-0**

## Valdís Þóra reynir við LPGA-mótaröðina

**GOLF** Valdís Þóra Jónsdóttir, atvinnukylfingur úr GL, hefur leik á öðru stigi úrtökumótsins fyrir LPGA-mótaröðina í Flórída í Bandaríkjunum í dag. Fer mótið fram á Plantation Golf and Country Club í bænum Venice og eru 195 kylfingar skráðir til leiks en efstu 25 kylfingarnir komast á lokastigið.

Er þetta þriðja árið í röð sem Valdís reynir að komast inn á LPGA-mótaröðina og í fyrsta sinn sem hún keppir á öðru stigi. Hefur hún leikið á Evrópumótaröðinni, næststerkustu mótaröð heims, á undanförnum árum með góðum árangri en reynir nú að komast inn á þá sterkustu.



Valdís hefur eytt undanförnum vikum í Bandaríkjunum til að undirbúa mótið og ekki tekið þátt í mótum á Evrópumótaröðinni enda hefur hún þegar tryggt sér þátttökurétt á næsta ári.

Komist Valdís áfram fær hún þátttökurétt í þriðja og síðasta úrtökumótinu sem fram fer í lok mánaðar þegar Ólafía Þórunn Kristinsdóttir mun sömuleiðis reyna að endurnýja þátttökurétt sinn. – **kpt**



**Usain Bolt fagnar að hætti hússins.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Bolt skoraði sín fyrstu mörk

**FÓTBOLTI** Usain Bolt, fótfráasti hlaupari sögunnar, skoraði sín fyrstu mörk fyrir ástralska liðið Central Coast Mariners þegar það vann 4-0 sigur á Macarthur South West í æfingaleik í Sydney í gær. Þetta var fyrsti leikur áttfalda Ólympíumeistarans í byrjunarliði Central Coast Mariners.

Bolt, sem á heimsmetið í 100 og 200 metra hlaupi, dreymir um að verða atvinnumaður í fótbolta og hefur æft með Central Coast Mariners síðan í ágúst. Jamaíkumaðurinn freistar þess að fá samning hjá félaginu og líkurnar á því minnkuðu ekkert með frammistöðunni í gær. Bæði mörk Bolts komu um miðjan seinni hálfleik, það fyrra eftir að hann slapp í gegnum vörn Macarthur South West og það síðara með skoti af stuttu færi.

Keppni í áströlsku úrvalsdeildinni hefst næsta föstudag. Forráðamenn Central Coast Mariners hafa gefið í skyn að Bolt fái allt að sex mánuði til að sýna sig og sanna. – **iþs**

# Möguleikar Selfyssinga fyrirfram mestir

**HANDBOLTI** Þrjú íslensk lið verða í eldlínunni í 2. umferð EHF-bikars karla í handbolta um helgina.

Klukkan 18.00 í kvöld tekur Selfoss á móti slóvenska liðinu Riko Ribnica. Selfyssingar þurfa að vinna upp þriggja marka forskot Slóvenanna frá fyrri leiknum sem endaði með 30-27 sigri heimamanna.

Möguleikar Selfyssinga eru ágætir en þeir þurfa að spila betri vörn en í fyrri leiknum ef þeir ætla sér að komast í næstu umferð. Selfoss vann ÍBV í Eyjum í Olís-deildinni á miðvikudaginn, 25-27, þar sem landsliðsmaðurinn Haukur Þrastarson fór á kostum á lokakaflanum.



Á morgun mætir ÍBV franska liðinu Pays d'Aix á útivelli. Eyjamenn unnu frábæran sigur í fyrri leiknum, 24-23, sem Theodór Sigurbjörnsson og Kolbeinn Aron Ingibjargarson áttu risastóran þátt í að landa. Theodór skoraði sídustu tvö mörk ÍBV og Kolbeinn Aron varði lokaskot Frakkanna.

Eins marks forskot er ekki mikið og það er hætt við að það dugi skammt gegn sterku liði Pays d'Aix sem franska goðsögnin Jérome Fernandez stýrir. Pays d'Aix hefur reyndar farið rólega af stað heima fyrir og aðeins unnið tvo af fyrstu sex deildarleikjum sínum.

FH-ingar eru mættir til Lissabon í Portúgal þar sem þeir mæta Benfica. Báðir leikirnir fara fram á heimavelli portúgalska liðsins. Fyrri leikurinn, sem telst heimaleikur Benfica, fer fram í dag og á morgun er komið að „heimaleik“ FH. Benfica hefur sterku liði á að skipa sem endaði í 3. sæti portúgölsku deildarinnar á síðasta tímabili. Í liði Benfica má finna leikmenn á borð við Kévynn Nyakos, heims- og Evrópumeistara með Frakklandi, og makedónska markvörðinn Borko Ristovski sem hefur leikið með liðum á borð við Barcelona og Rhein-Neckar Löwen.

Á þarsíðasta tímabili komst Benfica í riðlakeppni EHF-bikarsins. FH var hársbreidd frá því að komast þangað í fyrra og vantaði aðeins eitt mark til að slá Tatran Presov frá Slóvakíu úr leik í 3. umferð keppninnar. – **iþs**



# Fór í síðustu Bloody Sunday gönguna

**Sólveig Jónsdóttir** gaf nýverið út sína aðra skáldsögu, Heiður. Þar fléttast örlög íslenskrar konu við átakasögu Norður-Írlands. Hugmyndin að söguþræðinum kviknaði þegar hún stundaði nám við Edinborgarháskóla.



Sólveig ásamt Atla Ragnari eiginmani sínum og dóttur þeirra Matthildi. FRÉTTABLAÐIÐ/ ERNIR

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Sólveig Jónsdóttir rithöfundur er með meistaragráðu í þjóðernishyggju og þjóðernisátökum frá Edinborgarháskóla í Skotlandi, það var einmitt á námsárunum sem hún fékk hugmynd að nýrri skáldsögu sinni, Heiður.

Skáldsagan kom út í vikunni og segir af Heiði McCarron sem hefur ekki séð Dylan bróður sinn frá því að faðir þeirra fór með hann til Norður-Írlands sjö ára gamlan. Þegar hann hefur samband eftir 28 ára þögn og biður hana um hjálp hefst atburðarásin. Í bakgrunni eru átök sem áratugum saman héldu norður-írsku samfélagi í heljargreipum.

„Ég flutti út til Skotlands árið 2007. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á Norður-Írlandi og átakasögu þeirra. Ég fór að vinna á veitingahúsi með námi og þar voru margir Norður-Írar að vinna. Við fórum að spjalla, urðum vinir og ég komst smám saman að því hvað átökin þar hafa enn mikil áhrif á þá og samfélag þeirra.

*Þannig að veitingahúsið sem þú vannst á reyndist líka skóli í sjálfu sér?*

„Já, og ég fór stundum með vinnufélögunum til Norður-Írlands. Ég fór og hitti fjölskyldur þeirra og kynntist þeim. Það sem kom mér mest á óvart er hvað venjulegt fólk sem vildi búa í friði þurfti samt að búa við mikinn ófrið. Sprengjur og árásir á heimili þeirra. Þetta var í rauninni bara stríðsástand, á versta tímabilinu sem var frá 1968-1998, þá dóu fleiri en 3.500 manns. Föðurbróðir góðs vinar míns var til dæmis skotinn á Bloody Sunday. Þetta eru ekki bara dauðir stafir í sögubókum.

Ég fór með vinum mínum í síðustu Bloody Sunday gönguna árið 2011. Á meðan ég gekk fór ég að hugsa um að skrifa þessa skáldsögu.

Þessi saga hefur alltaf verið í huga mér síðan ég flutti heim,“ segir Sólveig.

*Ætlar hún að helga sig ritstörfum?*

„Ég hef hug á því að helga mig ritstörfum í náinni framtíð. Ég hélt það væri of einangrandi að sinna ritstörfum í fullu starfi. Í seinni tíð finnst mér þetta eiga betur við mig, kannski ég sé orðinn meiri einfari. Mér finnst þetta að minnsta kosti mjög gaman og gefandi.“








**Góðir gestir fjölmenntu í útgáfuhóf í Eymundsson, Austurstræti. Fyrir ofan til vinstri. Ása Ninna, Sigurborg og Sólveig. Til hægri. Rakel Ósk og Ólöf Hugrún.**

## Um helgina

### Mýrin í Norræna húsinu

Í Norræna húsinu fer fram **barnamenningarhátíðin Mýrin**. Það verður því mikið um að vera í menningarhúsinu um helgina. Meðal annars mun „Stjörnu-Sævar“ teikna nýjar stjörnur með börnum og þá fer fram einstakur viðburður með myndhöfundinum Benjamin Chaud frá Frakklandi. Gestir munu fá innsýn í hvernig sögur hans verða til á sama tíma og hann teiknar ný ævintýri við undirleik tónskáldsins Kira. Nánar á norraenahusid.is

### Plastlaus október

Þeir sem tóku þátt í plastlausum september urðu vafalaust varir við það hversu mikið magn af plasti er í venjulegu heimilissorpi þrátt fyrir sterka viðleitni til að sniðganga plastumbúðir. Þeir sem ætla sér að halda áfram átakinu ættu að prófa að útbúa ruslapoka úr dagblaðapappír. Þá er einfalt að laga með annaðhvort heftara eða límstifti að vopni.



### Haunting of Hill House




Í gær voru teknir til sýninga hryllingsþættirnir **Haunting of Hill House,** framleiddir af Netflix. Þættirnir eru byggðir að einhverju leyti á klassískri samnefndri hryllingsmynd frá 1959 eftir Shirley Jackson þó að í meginatriðum sé vikið frá söguþræðinum.

### Ghost World á Svörtum sunnudegi



**Ghost World** var mjög vinsæl um miðjan tíunda áratuginn og verður sýnd á svokölluðum Svörtum sunnudegi hjá Bíói Paradís. Þær Enid (Thora Birch) og Rebecca (Scarlet Johansson) eru nýútskrifaðar úr menntaskóla og eru óvissar með hvaða stefnu þær ætla að taka í lífinu. En málin flækjast þegar Enid verður yfir sig hrifin af skrítnum einfara (Steve Buscemi).

### Núvitund í símanum

Núvitund er ekki tískubóla, heldur viðurkennd leið til þess að takast á við streitu og kvíða. Nú er hægt að fá öpp sem hjálpa þeim sem vita ekki hvaða fyrstu skref er best að taka í áttina að núvitund og betri líðan. Appið **Headspace** er eitt það allra vinsælasta en því má hlaða frítt niður á flestar gerðir farsíma. Það inniheldur skemmtilegar og sjónrænar leiðbeiningar og æfingar sem stuðla að meiri núvitund.


20 30
ELDKLÁRT
MATUR
FYRIR TVO
EINFALT AÐ ELDA
ALLT NIÐUR SKORIÐ
ÞÚ ELDAR Á 20-30 MÍN.
FLJÓTLEGT
ENGIN MATARSÓUN
FERSKT
HAGKAUP
BÓNUS

# Karlar á miðjum aldri mestu dónarnir

Stöðuverðir segja frá ofbeldi, líflátshótunum, áreitni og algjörri lítilsvirðingu sem þeir fá frá samborgurum sínum fyrir það eitt að sinna starfi sínu. Þeir glími margir við mikla vanlíðan vegna framkomu fólks í sinn garð.



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is


Stöðuverðir hafa eftirlit með gjaldskyldum bílastæðum og leggja gjald á þau ökutæki sem ekki hafa greitt fyrir bílastæði. Einnig hafa stöðuverðir eftirlit með ökutækjum sem lagt er ólöglega og sinna eftirliti með virkni gjaldmæla.

Starf stöðuvarða útheimtir mikil samskipti við almenning en það er ekki endilega alltaf einfalt. Frá því greina þrír stöðuverðir sem blaðamaður fær að hitta gegn nafnleynd. Tvær konur og einn karl. Sem við skulum kalla Margréti, Jóhönnu og Einar.

Margrét hefur unnið sem stöðuvörður í um fjögur ár. Jóhanna hefur svipaðan starfsaldur. Einar hefur lengstan starfsaldur og hefur unnið sem stöðuvörður í nærri því áratug.

Stöðuverðirnir geta ekki talað við blaðamann nema gegn fullum trúnaði. Ástæðan er sú að þeir verða fyrir stöðugri áreitni vegna vinnu sinnar, hótunum og jafnvel ofbeldi. Yfirmaður þeirra leggst alfarið gegn því að þeir tali undir nafni.

Þau sjálf útskýra að þótt þau vilji ræða hreinskilnislega um veruleika sinn þá búi þau við svo mikla áreitni að þau treysti sér hreinlega ekki til þess. Margrét glímir við kvíða í kjölfar hótana og áreitni og hefur þurft að sækja sér aðstoð hjá sálfræðingi vegna starfs síns.

*Margrét:* Ég held að flestir skilji hvers vegna við getum ekki komið fram undir nafni.

Einar segir margt hafa breyst frá því að hann hóf störf. Tæknin dragi lítillega úr áreitninni sem stöðuverðir verða fyrir.

*Einar:* Tæknin og mælarnir hafa breyst mikið. Allt til hins betra og tæknin styður betur við okkar störf. Þegar við fórum að nota símana þá gat maður útskýrt fyrir fólki og sagt: Nei, ég get ekki tekið þetta til baka. Gjaldið er farið í heimabankann, ég get ekkert gert fyrir þig núna. Áður þá bað fólk mann um að rífa miðana og það var allt reynt.

*Jóhanna:* Eldri karlar sem muna gamla kerfið eru vissir í sinni sök. Þú getur víst tekið þetta til baka. Það er allt hægt. Þeir skilja ekki að þeir fá ekki lengur sínu framgengt en reyna samt.

**Fékk ekki hjálp frá lögreglu**

*Margrét:* Einu sinni leitaði ég til lögreglu. Vegna manns sem greip í mig og hélt mér fastri. Öskraði á félaga sinn að ég væri nýja kærastan sín. Ég ákvað að greina lögreglu frá þessu því mér var mjög brugðið. Þar fékk ég að heyra að það væri ekki ólöglegt að snerta fólk. Ég fékk enga hjálp frá lögreglunni þó að þetta hafi verið skráð í kerfið hjá þeim.

Ég hef líka fengið líflátshótun. Það var fyrstu vikuna í starfi. Ég bauð manni sem hafði lagt bílnum þvert upp á gangstétt góðan daginn. Má bjóða þér að færa þig? spurði ég hann og benti á fjölda auðra bílastæða á móti. Þar voru svona fimmtíu auð bílastæði. Hann fer út úr bílnum og segir við mig: Ef þú kemur við bílinn minn þá drep ég þig. Kærastan hans brást öðruvísi við, reiddist honum og færði bílinn.

**Hrækja, öskra og æpa**

*Fékkstu stuðning hér?*

*Margrét:* Já, ég fékk stuðning frá vinnufélögum mínum. Á það get ég alltaf treyst. En næst þegar ég þarf að tala við rannsóknarlögreglumann þá tek ég einhvern með mér. Ég fann að ég var greinilega ekki nógu sterk til þess að deila við rannsóknarlögreglumann um hvort hótanirnar og áreitnin væru tilefni til þess láta lögreglu vita.

*Jóhanna:* Lögreglan gerir ekki neitt. Ég er að fara að skrifa á bíl sem hefur verið lagt upp á miðja gangstétt. Það er maður hangandi á glugga á annarri hæð að mála. Sér mig og byrjar að hrópa til mín hræðileg fúkyrði. Ég læt sem ég taki ekki eftir því og held áfram að bílnum. Þá kemur hann hlaupandi niður til mín og byrjar að öskra og æpa. Þú ert alltaf að skrifa á bílinn minn. Þetta er einkalóðin mín og ég má alveg leggja hér. Hann heldur svona áfram og hrækir svo tvisvar á mig. Það eru tvö vitni að þessu sem koma samt ekki til mín fyrr en hann er farinn. Þeim þykir þetta miður og biðja mig afsökunar fyrir hans hönd. Allan tímann hugsa ég: Af hverju komið þið ekki út að aðstoða mig? Ég kom í vinnuna í sjokki og segi yfirmanni mínum frá því hvað hafi skeð. Þau segja mér að fara heim. Það var samt ákveðið að ég skyldi kæra atvikið.

Ég fékk svipuð viðbrögð og hún. Ég fékk hringingu frá lögreglunni daginn eftir. Og sagt að þar sem ég hefði engin vitni þá væri ekkert hægt að gera. Ertu ekki sátt? Er þetta ekki bara í fína lagi? spurði lögreglumaðurinn. Ég var hissa og greindi yfirmanni mínum frá símtalinu. Yfirmaður minn hafði strax samband við lögregluna og ég var þá boðuð í skýrslutöku daginn eftir.

Þá sagði hann enn og aftur að ég hefði ekki vitni. Ég ítrekaði að þarna hefðu verið tvö vitni og hann sagðist reyna að tala við annað þeirra. Viðbrögðin sem við fáum eru: Æi, byrja þau að væla. Mig langaði svo að benda þeim á að við værum í raun og veru að vinna þeirra vinnu. Létta þeim störfin. En ég þagði.

*Margrét:* Við berum hins vegar fulla virðingu fyrir störfum lögreglumanna og viljum hafa þá í góðu sambandi við okkur. Við þurfum að geta treyst á þá. Það er mikilvægt að taka fram að það eru alls ekki allir lögreglumenn sem haga sér svona.



„Maður sér ekki fram á það hvenær manneskja er að fara að snappa.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ÞAÐ ER HRÆÐILEGT AÐ LÁTA HRÆKJA Á SIG. EN ÞAÐ ER LÍKA HRÆÐILEGT AÐ LÁTA ÖSKRA Á SIG UM HÁBJARTAN DAG. ÞÚ HEFUR EKKI TILVERURÉTT, HELVÍTIÐ ÞITT. HÁLFVITI.

**Hefur hræðileg áhrif á sálarlífið**

*Jóhanna:* Það er hræðilegt að láta hrækja á sig. En það er líka hræðilegt að láta öskra á sig um hábjartan dag. Þú hefur ekki tilverurétt, helvítið þitt. Hálfviti. Ógeð. Þetta hefur hræðileg áhrif á sálarlífið.

*Margrét:* Ég held að stór hluti okkar sem erum að vinna hér sé á kvíðalyfjum. Við erum að glíma við einhvers konar kvíða og stundum þunglyndi. Það er þannig séð takmarkað hvað við fáum af aðstoð. Við fáum einn til tvo sálfræðitíma eftir svona atvik.

*Jóhanna:* Mér hefur aldrei verið boðið það en kannski ég athugi málið. Að fá á sig svona svívirðingar og fá svo svona lág laun.

*Einar:* Ég held að það sé verra að vera kona í þessu starfi. En mér var einu sinni hótað lífláti. Þetta var einhver fasteignasali sem öskraði á eftir mér að hann ætlaði að stúta mér. Einu sinni vorum við tveir saman á bíl. Einn þeirra sem fengu á sig gjald elti okkur og keyrði í veg fyrir bílinn okkar til að stöðva okkur. Fólk gengur svo ótrúlega langt. Við fórum til lögreglunnar og gáfum skýrslu þar sem skilaði auðvitað engu.

*Margrét:* Það hefur bara einu sinni að ég held verið sakfellt fyrir árás á stöðuvörð. Þetta er erfitt. Maður er í samskiptum við einhvern og maður sér það ekki fyrir hvenær manneskja er að fara að snappa.

*Jóhanna:* Í Bretlandi var gerð tilraun og lögreglumönnum á götuvakt úthlutað myndavélum. Það dró stórlega úr árásum og áreitni. En við megum ekki vera með myndavélar, Persónuvernd bannar það alfarið.

**Minni áreitni á veturna**

Stöðuverðir eru úti í öllum veðrum og leggja ekki niður störf nema að gefin hafi verið út stormviðvörun og almenningur varaður við að vera á ferð.

*Jóhanna:* Við erum mjög vel útbúin og fáum hlýjan fatnað þannig að við kippum okkur ekki upp við vond veður. Ég man reyndar eftir því þegar ég var að byrja að eitt haustið lögðust margar lægðir yfir landið trekk í trekk. Held þær hafi orðið 27. Þá vorum við tvisvar eða þrisvar heima við. Þótt við hefðum sett miða á bílrúður þá hefðu þeir bara fokið af.

*Margrét:* Mér finnst veturnir betri árstími. Ég get verið meira klædd, þá sést minna í líkama minn. Þá hríðfellur kynferðisleg áreitni í minn garð.

**Tvær mínútur eru teygjanlegt hugtak**

*Hver er frumlegasta afsökunin sem þið hafi heyrt?*

*Jóhanna:* Það er allt undir sólinni. Mann langar stundum að segja: Fyrirgefðu, en heyrir þú í sjálfum þér?

*Margrét:* Mér finnst stundum eins og fólk sé ekkert frumlegt. Maður fær að heyra það sama aftur og aftur. Ég var bara í burtu í tvær mínútur. Ég var að sækja pening.

*Jóhanna:* Tvær mínútur eru teygjanlegt hugtak í okkar starfi. Fólk veit ekki að við göngum

**Stöðuverðir**

Orðið stöðumælavörður er ekki notað lengur. Heldur stöðuvörður. Enda er starf þeirra fjölbreyttara en að gæta stöðumæla borgarinnar.



Hágæða gólfefni fyrir heimili og vinnustaði
MÚRBÚÐARVERÐ
Verð frá 1.390 kr. m²
Reykjavík Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Netgíró
Betri leið til að versla
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

stundum fram hjá, tökum mynd. Svo komum við til baka 10 mínútum seinna og þá skrifum við gjald. Þá kemur fólk öskrandi og segir, ég var að leggja hér og var bara að ná í pening.

*Margrét:* En stundum er fólk ósköp einlægt. Sérstaklega yngra fólk. Ég man eftir strák sem hafði lagt bílnum hálfum upp á stétt. Ég var komin til að sekta og hann horfði á mig hvolpaaugum og sagðist vera nýbúinn að fá bílprófið. Hann væri hrikalega lélegur í að leggja. Þá kenndi ég honum að leggja bílnum, bakka í stæðið. Sem hann og gerði og fékk ekki gjald.

**Áreita og ógna**

*Jóhanna:* Siðferði fólks er stundum mjög ábótavant og allra leiðinlegast í okkar starfi er að grípa fullfrískt fólk í stæði fyrir fatlaða. Ég man sérstaklega eftir manni sem lagði í stæði fyrir fatlaða við Laugardalshöll. Hann var með dóttur sína í framsætinu. Fyrir aftan voru um það bil 200 laus stæði á bílaplani. Þessi maður rökræddi hins vegar við mig þegar ég sagðist myndu þurfa að skrifa á hann gjald og sagðist samt ætla að leggja bílnum í stæðið. Hvað var þessi faðir að kenna dóttur sinni? Maður spyr sig.

Það er líka bannað að stöðva í stæði fyrir fatlaða. Fólk stöðvar oft bílinn uppi á stétt eða í stæði fyrir hreyfihamlaða og heldur að það sé í fullum rétti. En það er bæði bannað að stöðva og leggja.

*Einar:* Nei, ég þekki minn rétt, hefur fólk stundum sagt við mann þega það hefur stöðvað bílinn í stæði fyrir fatlaða.

*Margrét:* Og sumir juða bílnum fram og til baka og þræta fyrir. Segjast þá hvorki hafa lagt bílnum né stöðvað. En það gildir ekki.

*Jóhanna:* Þá hugsar maður auðvitað, ertu fimm ára? Allt þetta rugl til að sleppa við að setja fimmtíukall í stöðumæli eða ganga stutta vegalengd? Maður hristir bara hausinn. Ég hef oft verið að velta því fyrir mér að ef fólk myndi beita þessari orku og hugviti, sem það notar að finna þessar smugur til að komast hjá því að setja í stöðumæli eða sleppa við sekt, til að gera eitthvað gagnlegt þá væri þjóðfélagið í góðum málum.

Við erum öll sammála um það hér að það eru helst karlar á aldrinum fimmtíu til sjötugs sem áreita og ógna. Þeir eru mestu dónarnir. En því miður eru stundum eldri konur líka dónalegar við okkur.

*Margrét:* Já, þetta eru eiginlega alltaf karlar á þessum aldri og maður finnur fyrir því hvað þeir líta niður á mann. En ég hef líka lent í leiðindum við eldri konur. Okkur finnst eldri kynslóðin sýna meiri lítilsvirðingu. Og oft algjöra lítilsvirðingu.

**Undantekningin**

Að minnsta kosti á einum stað í Reykjavík gera stöðuverðir ekkert



„Allt þetta rugl til að sleppa því að setja fimmtíukall í stöðumæli eða ganga stutta vegalengd?“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

veður út af því þegar fólk öskrar á þá. Það er við Landspítalann við Hringbraut.

*Margrét:* Þetta er erfiðasta hverfið í Reykjavík. Ég hef oft lent í því að fólk verður reitt og þarf að fá útrás. Þá tek ég því bara og leyfi fólki að öskra á mig. Við skiljum hvernig fólki líður. En þetta er sárt.

*Jóhanna:* Þarna er fólk að fara í geislameðferð við lífshættulegum sjúkdómi og þarna erum við góðir boxpúðar. Það er lítið sem maður getur sagt og fólk vill ekki hlusta. Þetta eru tilfinningar fólks og það þarf að fá útrás.

**Vinátta og frelsi**

*Hvað er gott við að vera stöðuvörður? Það er ekki nema eðlilegt að blaðamaður spyrji að því.*

*Jóhanna:* Mér finnst gott að ganga um Reykjavík. Ég sé alltaf eitthvað áhugavert og tek oft myndir af skemmtilegum hlutum sem ég sé. Það eru svo margir faldir gimsteinar í borginni sem enginn veit um.

*Margrét:* Það sem heldur mér í þessu starfi er fólkið sem er að vinna hér. Við erum öll góðir vinir. Ég held að ástæðan sé sú að við upplifum stundum að samfélagið sé á móti okkur. Við þurfum oft að tala um það sem gerist. Við erum samheldinn hópur.

Ég gæti heldur ekki verið í vinnu þar sem ég þyrfti að vera inni á sama stað á hverjum degi. Ég vil hafa frelsi, ég er líka mikill dýravinur og klappa öllum kisum sem verða á vegi mínum. Dýrin dæma ekki.

*Jóhanna:* Það er líka ákveðið frelsi og sveigjanleiki sem fæst í starfinu þrátt fyrir að vinnudagurinn sé langur, frá 9-18. Ef þú þarft að skreppa til læknis, ekkert mál. Tannlæknis, ekkert mál. Það getur komið sér vel.

*Einar:* Það er gott að ráða sér sjálfur. Við fáum úthlutað hverfi í hverri viku sem við sjáum svo um. Það er enginn yfirmaður að horfa yfir öxlina á okkur. Við erum alltaf á rólegu rölti og ég nýti tímann og hlusta á góð hlaðvörp. Sumir hlusta á hljóðbækur.

*Þannig að það eru margir víðlesnir stöðuverðir á ferð?*

*Einar:* Já, heldur betur.

**Lykillinn sem gleymdist**

*Eigið þið einhverja skemmtilega sögu úr starfinu?*

*Einar:* Alla vega eina áhugaverða. Einu sinni gleymdi stöðumælavörður sem var að tæma kassana lyklinum í. Einhver tók hann og gekk svo á milli stöðumæla í borginni í einhvern tíma á eftir. Það var nú smá hasar á skrifstofunni þá.

*Margrét:* Og ekki má gleyma fólkinu sem kemur okkur til aðstoðar. Ég var að skrifa stöðubrotagjald á bíl uppi á miðri gangstétt þegar eigandi bílsins ógnaði mér. Hellti sér yfir mig og öskraði hástöfum. Þá kom kona á hjóli og hvessti sig við manninn: Hættu að áreita fólk í vinnunni. Honum var mjög brugðið.

*Dugði þetta?*

*Margrét:* Nei, hann hélt áfram þegar hún var farin, elti mig niður götuna og hélt áfram að drulla yfir mig. En ég er svo þakklát henni. Það linar áfallið og dregur úr lítilsvirðingunni þegar fólk kemur manni svona til hjálpar.

*Og hverjir eru í uppáhaldi hjá ykkur?*

*Margrét:* Það er hressa fólkið sem tekur því sem við segjum. Rífst ekki. Mest yngra fólk á milli tvítugs og þrítugs. Það notar oft húmorinn og veit upp á sig sökina.

*Einar:* Það er líka einstaka sinnum sem fólk hrósar eða heilsar vinalega. Það er fínt.

*Jóhanna:* Fólk sem býr við götur þar sem er mikill átroðningur bíla er vanalega bara afar glatt að sjá okkur mæta á vettvang.

*Jóhanna:* Við höfum oft velt því fyrir okkur af hverju stöðuverðir eru ekki hluti af lögregluliði. Þannig er það víða. Við fengjum meiri virðingu. Við erum stundum spurð: Af hverju færðu þér ekki almennilega vinnu.

*Hverju svarið þið þá?*

*Jóhanna:* Ég svara alltaf því til að ég sé í almennilegri vinnu þótt starf okkar væri betra ef fólk kæmi vel fram við okkur og ef launin væru hærri.

## Stöðuverðir þurfa að bera neyðarhnapp

„Mér finnst frásagnir stöðuvarðanna vera raunsæjar, því miður er starfsumhverfi þeirra mun erfiðara en margra annarra, meðal annars vegna framkomu almennings í þeirra garð,“ segir Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs. „Það er mikil starfsmannavelta hjá okkur, það eru ekki allir sem eru til í að sætta sig við svona framkomu við vinnu sína. Það er í raun ótrúlegt að segja frá því að það eru nokkrir stöðuverðir með um og yfir 10 ára starfsreynslu,“ segir Kolbrún sem segir að þótt frásögn stöðuvarðanna sé afar sláandi telji hún að það hafi dregið úr áreitni og hótunum síðustu ár. „Það er að segja, það eru ekki eins margir í þessum hópi. Viðhorf til gjaldskyldu og lagningar ökutækja er að breytast til batnaðar.“



**Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs.**

Stöðuverðir bera neyðarhnapp. Þeir sem hóta stöðuvörðum geta hins vegar gert ráð fyrir því að allt sem þeir hafa í frammi sé tekið upp. Þá geta stöðuverðir komist beint í samband við neyðarlínuna með því að nota hnappinn. Hnappurinn hefur þó ekki nýst þeim nógu vel. „Neyðarhnappurinn hefur ekki verið notaður til að kalla eftir aðstoð lengi, í einhverjum tilfellum er það vegna þess að sá sem lendir í þessu fer í panikk og hugsar ekki rökrétt fyrr en eftir á. Það eru þó haldnar skrár yfir öll svona tilvik. Sönnunarbyrðin getur verið erfið í svona málum þegar um alvarlegar hótanir er að ræða, vörðurinn oftar en ekki einn á ferð á meðan sá sem hótar er jafnvel með einhverjum sem bakka hann upp. Í svona tilvikum stendur þeim til boða sálfræðimeðferð, fjöldi skipta fer eftir aðstæðum hverju sinni. Þau ræða málin líka sín á milli og við yfirmenn og aðra samstarfsmenn,“ segir Kolbrún.



12.-14. OKTÓBER

# STÓR SÝNING

## Í LAUGARDALSHÖLL 12.-14. OKTÓBER



**MATUR ÚR ÍSLENSKRI SVEIT**
Stór matarsýning þar sem fjölmörg fyrirtæki kynna hreinleika íslenskrar matvælaframleiðslu.

**TÆKJASÝNING**
Umfangsmikil sýning bæði úti og inni á tækjum, tólum og vörum til landbúnaðar.

**ÖFLUG DAGSKRÁ**
Afar áhugaverð fyrirlestradagskrá um íslenskan landbúnað

**OPNUNARTÍMAR**
Föstudagur 12. okt. 14.00-19.00. Laugardagur 13. okt. 10.00-18.00. Sunnudagur 14. okt. 10.00-17.00.

**MIÐAR GILDA ALLA HELGINA**
Miðaverð aðeins 1.000 krónur og frítt fyrir aldraða, öryrkja, námsmenn og börn yngri en 12 ára í fylgd með fullorðnum.

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR
- 2018 -

# Lítill hluti plasts frá heimilum er flokkaður

Þrátt fyrir að árangur hafi náðst í flokkun og endurvinnslu á síðustu árum er stærstur hluti heimilissorps urðaður.

Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Heildarmagn úrgangs á Íslandi árið 2016 var rúmlega milljón tonn. Tæplega 229 þúsund tonnum var fargað en óflokkað heimilissorp var meira en helmingur þess magns.

Sorpa sem rekin er af sex sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu tók á móti rúmlega 233 þúsund tonnum af úrgangi á síðasta ári sem var tæplega 12 prósenta aukning milli ára og var um helmingur úrgangsins urðaður.

Á síðasta ári var magn heimilissorps á hvern íbúa á höfuðborgarsvæðinu tæp 240 kg. Langstærstur hluti þess eða tæp 190 kg var óflokkað sorp, flokkaður pappír var 44,5 kg og flokkað plast rúm 5 kg. Inni í þessum tölum er það sorp sem skilað er í grenndargáma og á endurvinnslustöðvar.

Sorpa framkvæmir árlega svokallaða húsasorpsrannsókn þar sem óflokkað heimilissorp er greint eftir mismunandi efnum. Samkvæmt rannsókn síðasta árs var eldhúsúrgangur tæplega helmingur óflokkaðs heimilissorps eða um 70 kg á íbúa. Plast var tæpur fimmtungur óflokkaðs heimilissorps eða rúm 26 kg á íbúa og pappír um 11 prósent eða 16 kg á íbúa.

Af þessu má sjá að hlutfall af plasti sem skilar sér frá heimilum á höfuðborgarsvæðinu til endurvinnslu, annaðhvort í grænar tunnur, endurvinnslustöðvar eða grenndargáma, er aðeins um 17 prósent. Skýrt skal tekið fram að hér eru undanskildar plastumbúðir sem bera skilagjald en á því sviði hefur náðst mikill árangur og er hlutfallið sem skilar sér til endurvinnslu um 85 prósent.

Sé litið til þróunarinnar síðustu ár hefur hlutfall plasts sem skilar sér til endurvinnslu þó aukist. Árið 2015 fór tæpt 31 kg af plasti á íbúa óflokkað í ruslið en aðeins 1,7 kg á íbúa skilaði sér í endurvinnslu. Árið eftir fóru um 28 kg af plasti á íbúa óflokkað í ruslið en 3,7 kg skiluðu sér í endurvinnslu.

Þessi þróun virðist ætla að halda áfram á yfirstandandi ári þótt það sé enn of snemmt að staðfesta það. Húsasorpsrannsókn Sorpu mun fara fram í næsta mánuði og þá mun staðan skýrast.

Gyða S. Björnsdóttir, sérfræðingur í sjálfbærni og samfélagsábyrgð hjá Sorpu, segir að það sem af er ári hafi söfnun plasts til endurvinnslu aukist um 50 prósent og nemur magnið um 1.355 tonnum. Á sama tíma hefur blandaður úrgangur frá heimilum sem fer í urðun dregist saman um þrjú prósent.

„Það má hugsanlega túlka það sem svo að um aukna umhverfisvitund sé að ræða en það er í raun erfitt að meta það eingöngu út frá heildarmagntölum. Það er margt sem getur spilað inn í að blandaður úrgangur dregst saman. Það getur verið aukin flokkun, minni neysla vegna aukinnar umhverfisvitundar eða minni neysla vegna verri efnahags.“



Á síðasta ári voru rúmlega 130 þúsund tonn af sorpi urðuð á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Óflokkað plast frá heimilum og fyrirtækjum er urðað. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hvað verður um pappírinn og plastið sem er flokkað?

Pappír sem er flokkaður hjá Sorpu er sendur til móttökuaðila í Svíþjóð sem er viðurkenndur af Úrvinnslusjóði. Um er að ræða fyrirtækið Stena Recycling sem miðlar pappírnum áfram til frekari vinnslu. Í gegnum tíðina hefur pappírinn meðal annars farið í endurvinnslu hjá fyrirtækjum sem framleiða annars vegar dagblaðapappír og hins vegar pappírsþurrkur og klósettpappír.

Endurvinnsla plasts er flóknari vegna mismunandi tegunda af plasti. Sami móttökuaðili í Svíþjóð og tekur við pappírnum sér um að flokka plastið og koma því í framleiðslu á plastflögum.

Markaður með plast er erfiður um þessar mundir þar sem Kínverjar, sem voru stærsti móttökuaðili fyrir plast í heiminum hafa lokað fyrir innflutning á plasti frá öðrum löndum. Þetta hefur valdið því að offramboð af plasti er nú á Evrópumarkaði.

Gyða S. Björnsdóttir, sérfræðingur í sjálfbærni og samfélagsábyrgð hjá Sorpu, segir að Stena Recycling vinni nú að því að auka getu sína til að endurvinna plast en stærri hluti en áður nýtist nú eingöngu í orkuendurheimt. „Það er þó klárlega betri kostur en urðun og mikilvægt að halda áfram að flokka plastið þrátt fyrir þetta millibilsástand á mörkuðum.“

## Nokkrar tölur um umfang sorpsins

**1 milljón tonna**
Heildarmagn úrgangs á Íslandi á ári.

**229 þúsund**
tonnum er fargað á ári.

**240 kg**
heimilissorps á hvern íbúa höfuðborgarsvæðisins.

**190 kg**
af heimilissorpinu voru óflokkuð *2017.

*nýjustu tölur eru frá 2016


Notast verður við urðunarstaðinn í Álfsnesi til ársins 2020 en þá verður tekin í notkun

## Nokkur góð ráð varðandi

Mismunandi reglur geta gilt milli sveitarfélaga og því er mikilvægt að fólk kynni sér reglurnar á hverjum stað. Þetta á til dæmis við um hvernig meðhöndlun á gleri og málmum er háttað. Sums staðar er boðið upp á tunnur sem hægt er að setja þessi efni í og þau svo flokkuð eftir losun. Annars staðar eru grenndarstöðvar sem taka á móti umræddum efnum.

Reyna skal eftir fremsta megni að aðskilja mismunandi efni séu umbúðir samsettar úr fleiri en einu efni. Sé það ekki mögulegt skal flokka umbúðirnar eftir því efni sem mest er af.

Það er góð þumalputtaregla að efni telst plast ef það sprettur aftur út ef það er krumpað saman. Þetta á til dæmis við um snakkumbúðir og oft umbúðir utan um kaffi.

Hægt er að safna lífrænum úrgangi í sérstök ílát þar sem hann umbreytist í moltu sem er góður jarðvegsbætir.

# Verslun sem selur umbúðalausar vörur

Það er oft bent á að það sé ekki nóg að flokka og endurvinna heldur þurfi líka að ráðast að rót vandans og minnka notkun umbúða. Víða erlendis hafa sprottið upp verslanir sem selja eingöngu umbúðalausar matvörur.

Ein slík er verslunin LØS market sem er á Vesterbro í Kaupmannahöfn. Verslunin var opnuð fyrir rúmum tveimur árum og nú er í undirbúningi opnun nýrrar verslunar á Nørrebro.

Hægt er að kaupa vörur eins og ávexti, grænmeti, ýmsar þurrvörur eins og hveiti og pasta, olíur, vín, kaffi, krydd, sápur og sælgæti allt án umbúða. Viðskiptavinurinn þarf að koma með ílát að heiman en einnig er hægt að kaupa krukkur og margnota poka á staðnum. Vörurnar eru svo allar seldar eftir vigt.

Óskar Ísfeld Sigurðsson, deildarstjóri matvælaeftirlits hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, segir að vilji verslanir selja vörur án umbúða þurfi að hafa samband við heilbrigðiseftirlit viðkomandi sveitarfélags. Hann segir mjög fáar fyrirspurnir berast um slíkt.

„Söluaðilar bera ábyrgð á því að hafa hættugreint starfsemina. Það þarf að tryggja öryggi neytenda og heilbrigðiseftirlitið myndi meta það hvernig það öryggi yrði tryggt.“

Hann segir að umbúðir hafi tilgang, bæði til að auka öryggi og til að bæta geymsluþol matvæla. „Hins vegar eru víða möguleikar á því minnka umbúðir án þess að ógna öryggi.“



Verslunin LØS market selur eingöngu vörur án umbúða. MYND/JIM BABBONEAU

## Jarðgerðarstöðin mun breyta miklu

Framkvæmdir standa nú yfir við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu í Álfsnesi. Ráðgert er að stöðin taki til starfa árið 2020 en þá verður urðun úrgangs hætt á svæðinu. Með tilkomu hennar er stefnt að því að 95 prósent heimilisúrgangs verði endurnýtt.

Óflokkaður heimilisúrgangur verður flokkaður vélrænt en leggja verður áherslu á að fólk flokki enn betur raftæki, spilliefni, lyf og gler frá öðrum úrgangi. Áhersla verður sem fyrr á flokkun á pappír, plasti og textíl. Stöðin mun fyrst og fremst taka við lífrænum úrgangi en er þannig hönnuð að unnt verður að ná frá plasti og málmum.

Með því að nýta þá orku sem verður til við niðurbrot úrgangsins verður hægt að framleiða metangas sem getur nýst sem eldsneyti á bíla og jarðvegsbætir fyrir landgræðslu.

**95%**

endurnýtingarhlutfall heimilissorps með tilkomu stöðvarinnar.



gas- og jarðgerðarstöð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

flokkun

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Hægt er að sjá fleiri myndir á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**





Uppþvottatöflur frá Finish fylgja með öllum uppþvottavélum.



Framúrskarandi Siemens uppþvottavélar á afar hagstæðu verði.

Gildir til og með 31. október eða á meðan birgðir endast.

Vélar þessar eru einstaklega hraðvirkar (60° C hraðþvottakerfi), hljóðlátar (42 dB) og orkusparandi (orkuflokkur A+++).

Taka borðbúnað fyrir 14 manns og hafa þrjár grindur, þar á meðal hnífaparaskúffu efst. Þær hafa sjö uppþvottakerfi og fjögur sérkerfi.

Lýsing er inni í vélinni.

Einstaklega áhrifarík þurrkun
Zeolith®-þurrkun notfærir sér eiginleika seólíta til að draga í sig raka og umbreyta í varmaorku. Niðurstaðan verður skilvirkari og umhverfisvænni þurrkun.

Flæðivörn
aquaStop® kemur í veg fyrir vatnstjón, bæði af völdum leka í vélinni og frá slöngu sem tengist vélinni. Öryggið er tryggt allan endingartíma vélarinnar.

Tímastytting þvottakerfa
Með því að þrýsta á varioSpeed Plus-hnappinn má stytta þvottatímann um allt að 66%. Styttur tími birtist þá á skjá stjórnborðsins.

Home Connect
Stjórnaðu uppþvottavélinni úr snjallsíma eða spjaldtölvu hvar sem þú ert.

Tilboðsverð: 129.900 kr.
Uppþvottavél, SN 457S16MS / SN 457W16MS

Opið virka daga frá kl. 8.30 - 18
og á laugardögum frá kl. 11 - 14.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Á síðasta ári fóru rúmlega 132 þúsund tonn af sorpi í urðun í Álfsnesi sem er urðunarstaður Sorpu. Rúmlega helmingurinn var óflokkað sorp frá heimilum og fyrirtækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Endastöð óflokkaða sorpsins



Óflokkað sorp er sett í bagga sem síðan er raðað upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Urðað verður í Álfsnesi til ársins 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR





Plastpokar og umbúðir eru áberandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hér sést urðunarstaðurinn í Álfsnesi úr lofti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Gunnhildur Helga í Nýlenduvöruverslun Súgandafjarðar sem hún hannaði áður en hún hóf að læra að hjallaþurrka fisk. Þar er allt í gömlum stíl en með nútímaþægindum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Það tók sinn tíma að ná taktinum

**Gunnhildur Helga Gunnarsdóttir** kvikmyndagerðarmaður tekur óhrædd við áskorunum eins og þeim að flytja úr Vesturbænum í Reykjavík vestur á Suðureyri, hanna þar verslun og kaffihús og læra að þurrka og reykja fisk og kjöt.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Að hanna þessa búð var mjög skemmtilegt verkefni. En ég tók það fram strax við eigandann að ég væri ekki tilbúin til að standa vaktina þar, ég færi yfir í næsta verkefni," segir Gunnhildur Helga Gunnarsdóttir, sem við Sigtryggur Ari ljósmyndari hittum í Nýlenduvöruverzlun Súgandafjarðar. Það er ný búð í nýju húsi þó hvort tveggja gæti, í fljótu bragði, virst frá fyrri hluta síðustu aldar. Vörurnar í hillunum bera þó nútímanum vitni og kjörbúðarfyrirkomulag er á afgreiðslunni. „Ég vildi gera þetta í gamla stílnum en samt með nútímaþægindum," segir Gunnhildur sem er kvikmyndagerðarmaður í grunninn og þegar hún fékk tómt hús til að hanna kveðst hún hafa litið á það sem nokkurs konar leikmynd.

„Ég ákvað að hafa opið rými og afgreiðsluna flæðandi. Ekki eitthvað – ég er hér og þú ert þarna – heldur þannig að fólk geti farið út um allt, skoðað og afgreitt sig svolítið sjálft."

Úrvalið er eins og í almennri nýlenduvöruverslun. „Við erum með svolítið af vörum frá Frú Laugu og erum í samstarfi við hana. Svo erum við að sjálfsögðu með Fisherman vörurnar, sem framleiddar eru hér á Suðureyri, hann Elías Guðmundsson, eigandi Fisherman, á þessa búð," upplýsir Gunnhildur og segir þetta einu matvöruverslunina í bænum. „Það er búið að taka alla þjónustu frá Suðureyri eftir að göngin komu og Ísafjarðarbær tók við stjórninni. Flestir fara auðvitað í matvörubúð á Ísafirði að kaupa inn til heimilisins. En það er óþolandi ef engin búð er í bænum til að fá það allra nauðsynlegasta. Það tekur 20 mínútur að keyra til Ísafjarðar og ef mann vantar einn mjólkurpott þá verður hann ansi dýr ef hann er sóttur þangað. Þessi verslun er því til hagræðingar fyrir íbúana hér," segir hún og tekur fram að hún sé opin frá klukkan 15 til 19 í vetur.

### Lifnar yfir Rómarstíg

Nýja búðin stendur við Rómarstíg og breytingarnar við hann eru stærri í sniðum. „Verslunarhúsið og þau fjögur næstu eru öll glæný en byggð í sama stíl og hús sem voru hér um aldamótin 1900. Sum eru með sléttu járni að utan og önnur bárujárni, eins og gömlu húsin voru sem til eru á myndum," upplýsir Gunnhildur og segir snyrtingar og kannski þvottahús verða í húsi sem stendur næst versluninni. Svo sé eftir að ákveða hvað verði í hinum húsunum. „Rómarstígurinn var orðinn alveg líflaus, við hann stóðu engar byggingar en nú er að lifna yfir honum aftur. Ég er búin að tala um það við forsvarsmenn Ísafjarðarbæjar að merkja götuna inn á kortin, því hér eru engar merkingar lengur síðan allt var rifið niður á Rómarstígnum. Þetta er uppbygging í smábæ, sjávarþorpi sem allir halda að sé að deyja út en hér eru skemmtilegir hlutir í gangi."

Gunnhildur bendir á að þegar fólk komi til Suðureyrar um miðjan dag, eins og við núna, sé fáferðugt um göturnar. „Það eru allir að vinna og börnin og unglingarnir í skólanum. Það er miklu meira að gera hér og stærri fyrirtæki á staðnum en fólk áttar sig á. Hér er smábátahöfn og hér er Íslandssaga með fiskvinnslu og Klofningur með fiskþurrkun, nýtir alla afganga þegar búið er að flaka fiskinn. Ekkert fer til spillis. Síðan er náttúrlega Fisherman, allt sem það fyrirtæki selur er framleitt hér, fiskibollur, plokkfiskur, alls konar fiskréttir og sósur sem sent er víða um land, enda er hér fullbúið matvælaeldhús og aðstaða til að pakka fiski og tilbúnum réttum fyrir stórar og smáar verslanir."



Búðin er í einu nýju húsanna við Rómarstíg sem óðum tekur stakkaskiptum.

### Úr Vesturbænum til Vestfjarða

*Hvað kom til að þú komst vestur. Ertu héðan?*

„Nei, ég er úr Vesturbænum í Reykjavík. Kannski þess vegna leitaði ég vestur!" svarar Gunnhildur hlæjandi. Viðurkennir að það hafi verið nokkuð stórt skref. „Það tók sinn tíma fyrir mig að ná taktinum, að róa mig niður. Það er allt svo miklu hraðara í Reykjavík. Þar er allt á fullu. En ég kom hingað bæði vegna þess að ég fékk það skemmtilega verkefni að hanna þessa búð, sem mér fannst vera svo mikil áskorun – og ég segi ekki nei við áskorun. Síðan á ég tvær litlar stelpur, sex og fjögurra ára, og mig langaði að eiga meiri tíma með þeim en ég átti kost á í bænum. Ég fékk að gera það hér í sumar. Það var æðislegt. Hér gat ég bara farið í sund eftir vinnu og slakað á. Það gerist ekki í Reykjavík, þar er aldrei tími fyrir neitt. Mér leið það vel hérna að ég ákvað að prófa að vera hér einn vetur. Stelpunum líkar vel. Þær eru búnar að kynnast öllum krökkunum, og það er sko hellingur því hér býr margt ungt fólk með börn. Það skemmtilega við krakkana hér á Suðureyri er að þau eru alltaf úti í leikjum. Ég sé þau leika eins og ég lék mér, sem ég er hætt að sjá í Reykjavík. Hér er gott fólk og okkur líður vel. Mér finnst það áskorun að vera einn vetur á Vestfjörðum og ég bý mig undir að það fari allt á kaf og ég verði að moka mig út. Finnst það bara skemmtileg tilhugsun. Það heitir að prófa eitthvað nýtt!"

Gunnhildur telur marga Reykvíkinga hafa fordóma fyrir landsbyggðinni. En bara af vanþekkingu. „Ég tel lífsgæðin hjá fólki sem býr úti á landi svo miklu meiri en í Reykjavík. Á höfuðborgarsvæðinu er þróun í gangi sem er ekki fjölskylduvæn, langur vinnutími og stíflaðar samgönguæðarnar á álagstímum. Fólk er þrælar húsnæðisverðs og að berjast við að ná endum saman. Allir pirraðir. Fólk verður að vinna fulla vinnu, fara með börnin í leikskólann, síðan er það íþróttirnar og tónlistarnámið. Allt þarf að vera fínt heima, helst matarboð einu sinni í viku – og ekki má gleyma ræktinni. Svo náttúrlega að fara með krakkana í eitthvað skemmtilegt um helgar, húsdýragarðinn, Skautahöllina, Smáralindina, eitthvað, eitthvað. Þetta er súrrealískt. Tómt rugl."

Gunnhildi gekk vel að fá íbúð á Suðureyri. „Vinafólk mitt býr hérna og ég leigði efri hæðina hjá því í sumar, nú er ég komin í aðeins stærra húsnæði þannig að ég get tekið á móti gestum. Mér finnst það skipta máli, sérstaklega yfir veturinn. Þá geta pabbi og mamma komið í heimsókn og gist hjá mér."

### Byrjuð að handflaka

Í vetur ætlar Gunnhildur að kynna sér hjallaþurrkun og læra að þurrka og reykja bæði fisk og kjöt. „Ég komst að því þegar ég kom vestur að ég þekkti ekki mikið af matnum sem er borðaður hér fyrir vestan og það eru ýmsar hefðir hér sem mér þykja mjög áhugaverðar. Ég er svo heppin að hafa hitt mann sem kann vel til verka og hefur tekið mig undir sinn væng, hann er að kenna mér að hjallaþurrka bæði fisk og kjöt. Þar sem ég er mikill matgæðingur er þetta alveg kjörið og þetta er því miður deyjandi grein. Hver veit hvað verður úr þessu skemmtilega viðfangsefni en alla vega er ég byrjuð á að læra að handflaka fisk og er að pækla hann og hengja í hjall hér fyrir vestan. Þetta er nýtt viðfangsefni og það er alltaf gaman að læra eitthvað nýtt."

# HEIMILIS TÆKJA DAGAR

**10. - 20. OKTÓBER**

## 15-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STÆRRI HEIMILISTÆKJUM



**SÍÐUSTU EINTÖK OG ÚTLITSGÖLLUÐ TÆKI Á ÓTRÚLEGUM VERÐUM!**

BEKO · CANDY · INDESIT · LG · SCAN domestic · VESTFROST · witt · Whirlpool




Heimilistæki ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • AUSTURVEGI 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# Repúblikanar mælast með öruggt forskot í könnunum í Texas

Demókratar hafa í undanförnum kosningum ítrekað rennt hýru auga til Texas og dreymt um að snúa þessu næststærsta og næstfjölmennasta ríki Bandaríkjanna á sitt band.

Stærstu borgir ríkisins, Houston, Austin, Dallas, San Antonio og El Paso, má nú þegar flokka sem bláar [venjulega er talað um svæði sem blá eða rauð með vísan í einkennisliti flokkanna tveggja]. En helsti þátturinn í því að Demókratar sjá fyrir sér sigur í Texas er sá að þar býr mikill fjöldi rómanskættaðra íbúa. Þeim fjölgar einnig ört og stefnir í að þeir verði fleiri en hvítir Texasbúar. Hins vegar ber að taka tillit til þess að í síðustu kosningum kusu um fjórutíu prósent rómanskættaðra Ted Cruz.

Ekki er útlit fyrir að draumur Demókrata rætist í þetta sinn enda eru um 16,9 prósentustigum fleiri Repúblikanar í Texas en að meðaltali í landinu sem heild. Cruz vann góðan sigur á Donald Trump forseta í Texas í forkosningunum 2016 og stefna Repúblikana er vinsæl í ríkinu.

Samkvæmt spálíkani tölfræðimiðilsins FiveThirtyEight, sem byggir á könnunum, sögunni, fjáröflun og mati sérfræðinga, hefur Demókratinn Beto O'Rourke einungis 22 prósenta sigurlíkur en Repúblikaninn Ted Cruz 78 prósenta líkur.

Sé einungis horft til skoðanakannana mælist Cruz með 51,9 prósenta fylgi samkvæmt vegnu meðaltali en O'Rourke 46,6 prósent. Bilið hefur breikkað undanfarna daga.

En Demókratar gera sér samt vonir um að O'Rourke verði fyrsti öldungadeildarþingmaður Demókrata í Texas frá því að Bob Krueger tók við af Lloyd Bentsen í hálft ár fram að kosningum 1993 þegar Bentsen varð fjármálaráðherra Bills Clinton forseta.

**Sigurlíkur frambjóðenda**




# Beto sagður næsti Jack Kennedy

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



## Æði hefur gripið um sig í Texas vegna öldungadeildarframboðs **Beto O'Rourke**. Hann liggur ekki á skoðunum sínum þrátt fyrir íhaldssama kjósendur, er gæddur miklum persónutöfrum og segist ætla að þjóna öllum.

Það er óhætt að segja að Robert Francis O'Rourke, kallaður Beto, sé gæddur miklum persónutöfrum og hefur honum ítrekað verið líkt við John F. Kennedy. Hann hefur rekið jákvæða kosningabaráttu, sést klappa kanínum, spilaði í pönkhljómsveit á yngri árum og heldur baráttufundi sína á skokkinu með óákveðnum kjósendum. Þetta hefur aflað honum mikilla vinsælda á landsvísu, mikilla peninga í kosningasjóðinn og hefur hann meira að segja verið orðaður við forsetaframboð árið 2020, takist honum ekki að vinna sigur í nóvember.

O'Rourke er sitjandi þingmaður í fulltrúadeildinni og var áður borgarfulltrúi í El Paso. Þótt hann berjist nú um atkvæði í íhaldssömu fylki hefur hann verið óhræddur við að standa fast á skoðunum sínum.

**Nóg til í framboðssjóðum**

Framboð O'Rourkes greindi frá því í gær að fjáröflunarmet hefði verið slegið. Framboðið, sem neitar að taka við styrkjum frá efnafólki og stórfyrirtækjum, hefði safnað 38,1 milljón dala á síðustu þremur mánuðum. Því má áætla að framboðið hafi nóg á milli handanna á lokasprettinum.

**Frjálslyndur í íhaldsríki**

Þannig hefur O'Rourke til að mynda gert meinta kynþáttafordóma lögreglumanna og ofbeldi þeirra gegn svörtum Bandaríkjamönnum að einu af leiðarstefjum kosningabaráttu sinnar. Einnig hefur hann talað fyrir hertri skotvopnalöggjöf, lögleiðingu kannabisefna og andstöðu við brottvísanir ólöglegra innflytjenda og fyrirhugaðan landamæravegg Donalds Trump forseta.

Stundum er ekki annað hægt en að raula lag hins ástralska Geoffs Mack, I've Been Everywhere, þegar hlýtt er á ræður O'Rourkes. Hann hefur nefnilega gert það að umtalsefni trekk í trekk að hann hafi ferðast til hverrar einustu sýslu í Texas. Allra 254. Þetta segist O'Rourke hafa gert til þess að sýna fram á að hann vilji þjóna öllum Texasbúum.

O'Rourke var á árum áður handtekinn fyrir ölvunarakstur, þó ekki sakfelldur, og samkvæmt lögregluskýrslu reyndi hann að flýja vettvang. Þegar hann var spurður um þetta í kappræðunum baðst hann afsökunar, sagðist hafa fengið annað tækifæri en neitaði því að hafa flúið vettvang. Þannig var hann í beinni mótsögn við lögregluskýrslu og laug, að mati The Washington Post.

**Cruz sé fjarverandi**

Þótt Cruz hafi án nokkurs vafa skotið oftar á O'Rourke en öfugt hefur Demókratinn ekki hlíft Repúblikananum alfarið við gagnrýni. Þegar hann minntist á ferðalög sín um sýslur Texas í kappræðum frambjóðenda í september sagði hann að öfugt við sig væri Cruz alltaf fjarverandi.

„Fáeinum mánuðum eftir að þið kusuð síðast var Ted Cruz farinn frá Texas. Hann heimsótti allar 99 sýslur Iowa. Hann ferðaðist um forkosningaríki Repúblikana í stað þess að vera hér. Hann þvingaði fram stöðvun hjá alríkisstofnunum í sextán daga árið 2013 því honum fannst of margir Bandaríkjamenn fá gjaldfrjálsa heilbrigðisaðstoð.“




| | |
|---|---|
| **Höfuðborg** Austin | |
| **Fjölmennasta borgin** Houston (2.099.451) | **Stærð** 696.241 km² |
| | **Fólksfjöldi** 28.304.596 |

| O'Rourke | | Cruz |
|---|---|---|
| 46 ára | **Aldur** | 47 ára |
| 3 | **Börn** | 2 |
| **5 ár** í fulltrúadeild | | **5 ár** í öldungadeild |
| **6 ár** í borgarstjórn | | **5 ár** sem ríkissaksóknari |

# Cruz segist harðgerður sem Texas

## Repúblikaninn **Ted Cruz** nýtur vinsælda í heimaríki sínu en er ekki alveg jafnvinsæll á vinnustaðnum. Þekktur fyrir að standa fast á skoðunum sínum og gagnrýnir O'Rourke fyrir meinta öfgavinstrimennsku.

Rafael Edward Cruz, kallaður Ted, er öllu þekktari en O'Rourke. Enda var hann sá maður sem komst næst því að veita Trump raunverulega samkeppni í forkosningum Repúblikana árið 2016. Cruz er harður íhaldsmaður, heittrúaður og klókur. Hann hefur jafnvel staðið svo fast á skoðunum sínum að Lindsey Graham, samflokksmaður hans í öldungadeildinni, sagði eitt sinn að þingmaður gæti myrt Cruz á gólfi öldungadeildarinnar fyrir framan alla en samt myndi enginn greiða atkvæði með sakfellingu morðingjans.

Cruz fæddist bandarískri konu og kúbverskum föður í Kanada. Hann hefur setið í öldungadeildinni fyrir Texas frá árinu 2013 og er kenndur við Teboðshreyfinguna svokölluðu. Áður var hann ríkissaksóknari Texas í fimm ár.

**Ekkert frjálslyndi í Texas**

„Ef þú vilt bjóða þig fram í Texas, geturðu ekki verið frjálslyndur,“ mátti heyra í stuttu lagi sem framboð Cruz gaf út snemma í kosningabaráttunni. Þótt lagið hafi kannski ekki verið sérstaklega gott er mikið til í þessum málflutningi og litast boðskapur Cruz af því.

Cruz er andvígur réttinum til þungunarrofs, vill lækka skatta töluvert og halda heilbrigðiskerfinu í höndum einkaaðila. Hann hefur sagst opinn fyrir lögleiðingu kannabisefna og hlynntur dauðarefsingu. Vill ekki herða byssulöggjöfina og er harður andstæðingur þess að heimila ólöglegum innflytjendum að vera áfram í Bandaríkjunum eða gefa þeim færi á því að fá ríkisborgararétt.

**Segir O'Rourke of róttækan**

Cruz kom því skýrt frá sér í kappræðum frambjóðenda að honum þætti O'Rourke róttækur öfgamaður.

„Öfgavinstrimenn eru fullir af orku, reiðir og jafnvel hatursfullir. Nú erum við að sjá milljónir Bandaríkjadala streyma til O'Rourkes frá fólki utan ríkisins. Hann hefur öfgavinstrisinnaða stefnu, er lengra til vinstri en Elizabeth Warren og Bernie Sanders,“ sagði Cruz til að mynda og bætti því við að O'Rourke væri opinn fyrir því að leggja útlendingaeftirlitið niður og ákæra Trump til embættismissis.

Einnig hefur Cruz gert grín að því að O'Rourke kalli sig Beto, til að mynda í laginu sem áður var nefnt. O'Rourke er af írskum ættum, alls ekki rómönskum, og hefur það því komið spánskt fyrir sjónir að hann noti rómanskt gælunafn.

Sjálfur segir O'Rourke að nafnið hafi hann fengið á barnsaldri í borginni El Paso, þar sem flestir vinir hans voru af rómönskum uppruna.

Chris Cuomo, fréttamaður á CNN, spurði Cruz í viðtali hver munurinn væri á því að O'Rourke kallaði sig Beto og Cruz kallaði sig Ted. Svaraði Cruz því þá að að lagið væri bara grín, menn þyrftu að hafa húmor fyrir svona löguðu.



# Fólk

Helgin

LAUGARDAGUR 13. OKTÓBER 2018



**Ninna Þórarinsdóttir myndskreytir barnabókina Líkami minn er veikur en Elín Berglind Skúladóttir semur söguna. Bókin fjallar um litla stúlku sem greinist með hvítblæði og tilgangurinn með útgáfunni er að hjálpa og styrkja krabbameinsveik börn.** →8


**Acid Soothe**
- ertu með brjóstsviða eða bakflæði?








Lilja Hilmarsdóttir mátti ekki vera seinni að leita til læknis. Hún fór í hjartaþræðingu og segir líðan sína allt aðra. MYND/ERNIR

# Lykla-Pétur stóð í dyrunum

Lilja Hilmarsdóttir fann fyrir óþægilegum verk í brjóstkassa sem olli henni áhyggjum. Hún vissi að kólesteról í blóði hennar var of hátt enda á hún ættarsögu um það vandamál. Lilja hafði hins vegar ekki grun um að stærstu æðarnar voru að því komnar að stíflast en það kom í ljós við hjartaþræðingu. →2




Lilja ákvað að sleppa blóðfitulækkandi lyfi og tók í staðinn Cholesterol Pro sem er náttúrlegt efni. Það hefur gefið góða raun. MYND/ERNIR

Lilja mátti ekki bíða mikið lengur með að fara til læknis. Hún segist hafa verið komin í mikla lífshættu þar sem æðarnar gátu lokast hvenær sem var. Eftir að hún leitaði til læknis þurfti hún engu að síður að hafa heilmikið fyrir því að komast í hjartaþræðingu. „Þegar ég fór að finna fyrir verk í brjóstkassanum vissi ég auðvitað ekki nákvæmlega hvað þetta var. Mig grunaði samt að hann væri merki um eitthvað óeðlilegt. Í hjartaþræðingunni kom í ljós að þrjár af aðalæðunum voru mikið stíflaðar. Lykla-Pétur stóð bara með kippuna í dyrunum,“ segir Lilja. „Ég fékk stoðnet í aðgerðinni, var síðan sett á blóðfitulækkandi lyf, blóðþynningarlyf og barnamagnyl. Síðan tók endurhæfing við,“ útskýrir hún.

## Breyting til batnaðar

„Ég hafði ekki verið á lyfjum áður og þau fóru ekki vel í mig. Þar fyrir utan leiðist mér að taka lyf þó ég viti að þau geti auðvitað verið lífsnauðsynleg. Dóttir mín, Ragga nagli, kom til mín með Cholesterol Pro frá fyrirtækinu NOW. Það er náttúruleg vara sem getur hjálpað til við að halda kólesteróli eðlilegu. Ég var nýbúin að vera í mælingu hjá lækninum. Vonda kólesterólið var enn of hátt en þar sem lyfin fóru illa í mig ákvað ég að prófa Cholesterol Pro. Ég fór aftur í mælingu sex mánuðum síðar og þá hafði orðið mikil breyting. Vonda kólesterólið hafði lækkað umtalsvert. Læknirinn taldi að lyfin sem hann hafði gefið mér hefðu gefið svona góða raun. Þegar ég sagði honum að ég hefði ekki tekið þau heldur náttúrlegt efni sem héti Cholesterol Pro frá NOW trúði hann mér varla. Bæði lækninum og hjúkrunarfræðingnum fannst þetta ótrúlegt. Síðan hef ég tekið eina töflu á dag og veit ekki betur en að allt sé í góðu lagi. Ég vonast til að næsta mæling sýni það,“ segir Lilja sem starfar á skrifstofunni hjá Gaman ferðum sem er dótturfyrirtæki WOW air ásamt því að vera fararstjóri víða um heim og skipuleggja hópferðir.




## Barðist fyrir hjartaþræðingu

„Ég er enginn sérfræðingur í náttúrulegum efnum en veit að Cholesterol Pro hefur gert gott fyrir mig. Reyndar fannst læknunum í byrjun algjör óþarfi hjá mér að fara í hjartaþræðingu og ég þurfti að hafa fyrir því að á mig væri hlustað. Ég hafði farið í skanna tveimur árum áður en fékk aldrei niðurstöðu frá þeirri rannsókn frá lækninum. Það liðu sem sagt tæp tvö ár þar til ég leitaði aftur læknis þegar verkirnir fóru að ágerast. Sá sendi mig í þrekpróf og skoðaði jafnframt hvað hefði komið út úr skönnuninni. Það var hann sem sagði mér að mikil breyting hefði komið í ljós þegar ég fór í skannann. Ég væri greinilega með æðaþrengsli. Ég hins vegar gleymdist í skúffunni hjá lækninum og fékk ekkert að vita,“ segir Lilja og vonar að fleiri hafi ekki lent í því saman. Fólk eigi rétt á að fá upplýsingar sem koma fram í rannsóknum.

> „Í hjartaþræðingunni kom í ljós að þrjár af aðalæðunum voru mikið stíflaðar.
>
> Lilja Hilmarsdóttir

## Konur öðruvísi en karlar

„Verkirnir sem ég fékk voru staðbundnir og leiddu ekki út í handlegg. Ég held að þetta sé skólabókardæmi um það sem hefur verið sagt að konur fái annars konar einkenni vegna hjarta- og æðasjúkdóma en karlar. Ég geng mikið, spila golf og hef lengi spilað badminton. Spilafélagi minn trúði mér varla þegar ég sagðist hafa farið í hjartaþræðingu. „Og þú sem hleypur hraðar en vindurinn,“ sagði vinkona mín. Ég fann aldrei fyrir neinu á hlaupum eða göngu. Það var helst þegar ég var í hvíldarstöðu, til dæmis að lesa bók, sem ég fann fyrir verknum,“ segir hún.

Lilja segist hafa góða reynslu af vörunum frá NOW. Hún hefur tekið inn D-vítamín frá NOW og segir að það geri sér líka gott. „Lyf hafa aukaverkanir en ekki heilsuvörurnar. Þær eru því góður kostur fyrir mig. Dóttir mín hefur mælt með þessum vörum og sömuleiðis Guðrún Bergmann. Mér fannst því allt í góðu lagi að prófa hvort þetta reyndist vel fyrir mig og sé ekki eftir því.“




Cholesterol Pro hefur reynst Lilju mjög vel í baráttunni við of hátt kólesteról.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Femarelle styrkir bleiku slaufuna



**Femarelle er náttúruleg lausn gegn einkennum breytingaskeiðs. Það örvar estrógennema í staðbundnum vef og eykur beinþéttni án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum.**



Femarelle vörurnar eru hannaðar fyrir konur á mismunandi stigum tíðarhvafa en þau hefjast yfirleitt upp úr þrítugu þó svo að einkenna verði ekki vart strax.

Femarelle vörurnar eru hannaðar fyrir konur á mismunandi stigum tíðahvarfa en þau hefjast yfirleitt upp úr þrítugu þó svo að einkenna verði ekki vart strax. Femarelle getur slegið á fjölmörg einkenni sem tengja má hormónabreytingum og þar á meðal er beinþéttni en rannsóknir sýna að líkur á beinþynningu minnka tölvuvert með inntöku.

## Einkenni hormónabreytinga

Flestar konur finna fyrir því þegar hormónabreytingar hefjast en þó í mismiklum mæli. Sumar finna mikið fyrir þeim á meðan aðrar finna minna og svo er líka misjafnt hversu fjölbreyttra einkenna verður vart. Flestar konur kannast þó við að finna fyrir einhverju af eftirfarandi:

- Fyrirtíðaspenna
- Óreglulegar blæðingar
- Hitakóf & nætursviti
- Svefntruflanir
- Skapsveiflur
- Þurr húð og minni teygjanleiki
- Minni orka, þreyta og slen
- Pirringur
- Aukinn hjartsláttur
- Höfuðverkur
- Minni kynlöngun
- Kvíði og sorgartilfinning

## Mæla með Femarelle

Femarelle nýtur mikilla vinsælda hjá konum allt frá 35 ára aldri og ekki að ástæðulausu. Þarna er um náttúrulega lausn að ræða sem hefur ekki bara áhrif á merkjanleg einkenni heldur líka á beinþéttni en beinþynning er sjúkdómur sem ber að taka alvarlega og er hann allt of algengur, sérstaklega hjá konum.

## Halldóra Ósk Sveinsdóttir



„Eftir 7 til 10 daga inntöku samviskusamlega kvölds og morgna, fór ég að finna mun. Líkamsofninn minn var farinn að kveikja á yfirhita í tíma og ótíma en það hætti alveg. Ég vaknaði 4-6 sinnum á nóttu vegna svita og almenns pirrings en sef núna mjög vel sem skilar sér í meiri orku og úthaldi. Fótapirringur sem hefur hrjáð mig í mjög mörg ár hefur einnig minnkað til mikilla muna. Þetta allt þakka ég Femarelle Recharge töflunum því ef ég á þær ekki til þá láta einkennin aftur á sér kræla. Þess vegna get ég sagt með góðri samvisku að Femarelle virkar“

> Fótapirringur sem hefur hrjáð mig í mörg ár hefur einnig minnkað til mikilla muna. Þetta allt þakka ég Femarelle Recharge töflunum.
>
> Halldóra Ósk Sveinsdóttir

## Þórunn Elva Magnúsdóttir



„Í byrjun árs 2017 fór ég að finna fyrir hitaköstum bæði á daginn og einnig á nóttunni sem var mjög skrítið því mér var venjulega alltaf svo kalt. Þetta ágerðist svo meira þegar leið á sumarið og ég fór að spá í því hvað væri í gangi. Ég las um Femarelle rejuvenate og ákvað að prófa. Ég fann mikinn mun strax eða eftir u.þ.b. þrjár vikur og leið mikið betur. Ég mæli hiklaust með Femarelle því ég tek það enn þá og það stendur ekki til að hætta.“

## Dídí Ásgeirsdóttir



„Ég svaf illa, vaknaði mörgum sinnum á nóttu og gat bara engan veginn sofið, nótt eftir nótt vaknaði ég kófsveitt og sæng og koddi vel blaut sem er mjög óþægilegt. Einn góðan veðurdag fékk ég nóg og ákvað að kaupa mér einn pakka af Femarelle rejuvenate og hugsaði: „Ég hef engu að tapa.“ Ég var bara búin með tvö spjöld úr pakkanum þegar líf mitt breyttist og ég fann heilmikinn mun. Ég tók U-beygju í lífinu, sef miklu betur, næ miklu betri hvíld og svitinn er horfinn þannig að dagurinn á eftir er allt annar. Femarelle rejuvenate er klárlega málið.“

## Guðrún Ragna Ólafsdóttir



„Þegar ég kom á breytingaskeiðið fékk ég hormóna hjá lækninum. Þeir fóru ekki vel í mig svo að ég ákvað að prófa Femarelle. Ég get ekki líkt líðan minni við þá líðan sem ég hafði áður. Ég er einnig með gigt og hef verið á lyfjum við gigtinni en mörg þeirra fara ekki of vel í mig. Eftir að ég fór að taka Femarelle fer ekkert í skapið á mér, og mér líður mikið betur í alla staði. Ég er ekki sama manneskjan“.

## Valgerður Kummer Erlingsdóttir



Ég var farin að svitna mikið yfir daginn og var ég oft með skapsveiflur, jafnvel að ástæðulausu. Ég var auðvitað ekki ánægð með þessa líðan og fékk hormónatöflur hjá lækninum en var aldrei alveg sátt við að nota þær. Ég ákvað að hætta og hef nú notað Femarelle um nokkurt skeið og finn að mér líður mikið betur en áður. Takk fyrir að bjóða upp á Femarelle, það hefur hjálpað mér alveg ótrúlega mikið og bjargað minni líðan.“




## Femarelle stutt með rannsóknum

Prófessor Andrea Genazzani, forseti Evrópuráðs í kvensjúkdómafræðum, mælir með Femarelle sem fyrstu meðferð við einkennum breytingaskeiðs en það hefur færst gríðarlega í aukana að konum sé bent á náttúrulegar leiðir frekar en að taka inn hormóna. Það sem gerir Femarelle sérstakt er efnasamband, unnið úr óerfðabreyttu soya, sem kallast DT56a og viðurkenndar rannsóknir sýna að það örvar estrógennema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og styrkir bein, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum. Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna.

## Bleika slaufan

Í ár renna 200 krónur af hverjum seldum pakka af Femarelle til bleiku slaufunnar. Við erum stolt af því að geta látið gott af okkur leiða á sama tíma og við hjálpum fjölda kvenna við að draga úr eða losna við einkenni sem fylgja hormónabreytingum.

# Ert þú með hálsbólgu?

**Hálsbólga er mjög algeng og leggst á alla aldurshópa. Hálsbólga getur verið vegna veiru- eða bakteríusýkingar einnig getum við fengið hálsbólgu í tengslum við flensu.**

Flestir þekkja einkenni hálsbólgu en henni fylgja særindi í hálsi, kyngingarerfiðleikar, hiti og roði í hálsi,“ segir Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi hjá Artasan. „Strefen munnúði er nýtt lyf gegn særindum í hálsi sem fæst án lyfseðils í næsta apóteki. Strefen munnúði inniheldur flurbiprofen sem hefur öfluga verkjastillandi, hitalækkandi og bólgueyðandi verkun,“ bætir hún við.

Strefen er notað til að draga tímabundið úr einkennum óþæginda í hálsi eins og eymslum, verk og bólgu í hálsi ásamt erfiðleikum við að kyngja hjá fullorðnum 18 ára og eldri.

Þrír úðar eru 1 skammtur, úðið þrisvar sinnum aftast í hálsinn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, hámark 5 skammtar á 24 klst. tímabili. Forðist að anda inn á meðan úðað er.

Strefen munnúði byrjar að verka eftir tvær mínútur, eftir aðeins fimm mínútur hafa kyngingarerfiðleikar marktækt minnkað og minnkunin varir í allt að 6 klst.

Sýnt hefur verið fram á að stakur skammtur af Strefen munnúða sem er gefinn staðbundið í hálsi dragi úr eymslum í hálsi þar á meðal bólgu og þrota í sárum hálsi.

Strefen tilheyrir flokki bólgueyðandi lyfja, það má ekki nota Strefen samhliða öðrum bólgueyðandi lyfjum.



Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi hjá Artasan.

- Munnúði gegn særindum í hálsi
- Bólgueyðandi og verkjastillandi
- Verkar eftir 2 mínútur og varir í allt að 6 klukkustundir
- Fyrir 18 ára og eldri
- Mintu- og kirsuberjabragð

Nýtt

Fæst í næsta apóteki






Strefen munnúði byrjar að verka eftir 2 mínútur.

Strefen 16,2 mg/ml munnholsúði, lausn inniheldur flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga úr einkennum bráðra hálssærinda hjá fullorðnum. Einn skammtur (3 úðaskammtar) aftast í hálsinn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 5 skammtar á 24 klst. tímabili. Ráðlagt er að nota lyfið að hámarki í þrjá daga.
Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. **Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.v**

# Skemmtilegar og bragðgóðar tilraunir

**Margir eru vanafastir þegar kemur að því að nýta grænmeti til matargerðar. Það er þó lítið mál að elda grænmeti á ólíka vegu, hvort sem það er í aðalhlutverki eða sem eitt hráefna í góðum rétti.**

## Matarmikil kjúklingasúpa með grænkáli og baunum

**3 msk. olía**
**2 bollar smátt skorinn laukur**
**1 bolli smátt skorið sellerí**
**2-3 bollar smátt skorið blöðrukál (annars hvítkál)**
**4 hvítlauksgeirar, maukaðir með hvítlaukspressu**
**8 bollar kjúklingasoð**
**3-4 bollar eldaður kjúklingur**
**2 dósir hvítar baunir (cannellini), hreinsið vel undir köldu vatni**
**1 msk. þurrkuð steinselja**
**1 tsk. þurrkað óreganó**
**1 tsk. salt**
**1 tsk. svartur pipar**
**4 grænkálsblöð. Skerið stilka af og saxið í litla bita**
**1 bolli kúrbítur, saxaður í litla munnbita**
**1 msk. sítrónusafi (má sleppa en frískar upp á bragðið)**

Setjið olíu í stóran pott og bætið út í lauknum og selleríinu. Steikið létt í nokkrar mínútur eða þar til orðið mjúkt. Hrærið reglulega. Bætið blöðrukálinu út í og steikið í um 3 mín. eða þar til það er mjúkt. Bætið hvítlauknum út í og hrærið rólega í 1-2 mín. Næst er kjúklingasoði, kjúklingi, baunum, steinselju, óreganó, salti og pipar bætt út í og látið sjóða í um 5 mín. Að lokum er grænkálinu, kúrbítnum og sítrónusafanum bætt út í og látið sjóða í 2 mín. Smakkið til með salti, pipar og meira af þurrkuðu kryddjurtunum. Súpan geymist í ísskáp í 5-7 daga og hægt er að frysta afganginn. Gott brauð og smjör fer vel með súpunni.

## Einfaldar súrar gúrkur

Það er afar einfalt að sýra grænmeti, t.d. gúrkur. Súrar gúrkur fara vel með mörgum mat, t.d. rúgbrauði og kæfu, grilluðum og steiktum pylsum, með hamborgaranum og í alls kyns salöt og meðlæti, t.d. kartöflusalat og remúlaði. Hér er einföld uppskrift af súrum gúrkum sem er góð fyrir byrjendur. Dugar fyrir þrjár meðalstórar krukkur

**3 gúrkur**
**1 lítill laukur**



**Ofnbakað rósakálið er dásamlegt meðlæti og inniheldur m.a. beikon, parmesanost og mozzarella ost.**

**1 bolli hvítvínsedik**
**1 bolli borðedik**
**1 bolli sykur**
**3 msk. gróft salt**
**1 tsk. fennelfræ**
**1 tsk. piparkorn**
**2 tsk. sinnepsfræ**
**1 tsk. kóríanderfræ**

Takið fram þrár meðalstórar krukkur og sjóðið í nokkrar mínútur (lokin líka). Setjið til hliðar á hreint viskustykki. Gúrkurnar eru sneiddar þunnt, laukurinn er saxaður smátt og þessu blandað saman. Setjið í pott borðedik og hvítvínsedik, sykur, saltið, sinneps-, kóríander- og fennelfræin og piparkornin. Látið suðuna koma upp. Skiptið gúrku- og laukblöndunni í krukkurnar og hellið edikblöndunni yfir þannig að vökvinn nái yfir gúrkurnar. Lokið og setjið í ísskáp. Geymist í nokkrar vikur.

## Ofnbakað rósakál

Fátt er vanmetnara í þessu lífi en blessað rósakálið. Allt of margir eiga misgóðar minningar um mauksoðið rósakál úr barnæsku en það er hægt að elda á svo marga spennandi vegu, ekki síst sem spennandi meðlæti með ýmsu kjöti og fiski. Hér kemur sælkerabomba
Fyrir 6-8 manns sem meðlæti.

**300 g beikon, skorið í bita**
**2 msk. smjör**
**1 kg rósakál. Takið ystu blöðin, skerið af stilkinum og skerið í tvennt)**
**Salt og pipar**
**5 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir**
**400 ml rjómi**
**1½ tsk. maizenamjöl**
**⅓ bolli rifinn mozzarella ostur**
**¼ bolli parmesanostur**

Hitið ofninn í 190 gráður. Steikið beikon þar til það er stökkt. Setjið á eldhúspappír. Hellið mestu fitunni af pönnunni (skiljið þó smá eftir). Bræðið smjörið á pönnunni, bætið rósakálinu út í og kryddið með salti og pipar. Hrærið reglulega í um 6 mín. Bætið hvítlauk í og hrærið áfram í um mínútu. Næst fer rjóminn í, lækkið aðeins hitann og látið sjóða létt í 3-4 mín. Ef sósan er of þunn má bæta maizenamjöli út í. Bætið beikoni í og blandið öllu vel saman. Hellið í eldfast mót og setjið mozzarella og parmesanostinn yfir allt saman. Bakið í ofni í um 15 mín. eða þar til osturinn er fallega brúnn. Það er gott að strá smá svörtum pipar og ferskri steinselju yfir þegar rétturinn er borinn fram.


HAUST ÚTSALA
-30%
AF VÖLDUM VÖRUM
AMOUR
Curvy.is
Verð nú
4.893 KR
6.990 kr
Verð nú
4.893 KR
6.990 kr
Verð nú
4.193 KR
5.990 kr
Verð nú
4.893kr
6.990 kr
Verð nú
6.293 KR
8.990 kr
Verð nú
4.613kr
6.590 kr
Verð nú
3.493 KR
4.990 kr
Verð nú
2.513 KR
3.590 kr
Verð nú
7.693kr
10.990 kr
AMOUR
Verð nú
5.593 KR
7.990 kr
Verð nú
5.493KR
7.490 kr
Verð nú
5.593 KR
7.990 kr
WWW.CURVY.IS | Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552

# Tannlæknir á sanngjörnu verði

**Valþór Örn Sverrisson fer með Íslendinga til Búdapest í tannlækningar á sanngjörnu verði.**



Valþór Örn Sverrisson. MYND/STEFÁN

Ferlið gengur þannig fyrir sig að hægt er að fá tilboð upp á hverja einustu krónu áður en lagt er af stað á tannheilsustofnunina Fedasz Dental í Ungverjalandi. Það hefur nú þegar sparað tugum Íslendinga mörg hundruð þúsund í tannlæknakostnað og með mjög góðum árangri,“ segir Valþór sem sjálfur sparaði sér stórfé með því að leita sér tannlækninga hjá Fedasz Dental.

„Fyrir lágu kostnaðarsamar tannviðgerðir sem áætlað var að ættu að kosta á hálfa þriðju milljón hér heima en þegar upp var staðið greiddi ég 800 þúsund fyrir viðgerðirnar í Búdapest, og var þá flug og gisting innifalið,“ upplýsir Valþór.

### Viðskiptavinir í skýjunum

Fedasz Dental er mikils metin tannlæknastofnun í Ungverjalandi. Þar starfa viðurkenndir tannlæknar við afbragðs aðstæður og fyrsta flokks aðbúnað.

„Fedasz Dental hefur á sér hágæða stimpil og eru viðskiptavinirnir í skýjunum. Íslendingar sem farið hafa utan og sótt hjá þeim tannviðgerðir í Búdapest hafa verið mjög sáttir. Verðið kemur svo vitaskuld ánægjulega og alltaf á óvart, akkúrat öfugt við verðlag tannlækna hér heima,“ segir Valþór sem fylgir Íslendingum utan til Fedasz Dental.

„Við fylgjum okkar fólki til og frá flugvellinum í Búdapest og bjóðum upp á gistingu á heilsustofnun Fedasz Dental. Til Búdapest er svo beint flug með Wizzair, sem er lággjaldaflugfélag. Með Wizzair er bæði auðvelt og ódýrt að fljúga og kostar flugfarið til Búdapest frá krónum 20 til 40 þúsund, báðar leiðir, en það fer eftir fyrirvara á bókun,“ segir Valþór sem farið hefur utan með fjölda einstaklinga jafnt sem pör.

„Stundum þurfa báðir aðilar að gangast undir tannviðgerðir eða þá bara annar aðilinn sem vill hafa hinn með sér til halds og trausts.“

Valþór verður með hópferð til Fedasz Dental í samstarfi við Tripical Travel vikuna 24. nóvember til 1. desember.

„Í tengslum við þá ferð verð ég með kynningarfund hjá Tripical Travel í Borgartúni 8, laugardaginn 21. október klukkan 17, og eru allir velkomnir til að fá betri innsýn í þennan frábæra og hagkvæma kost,“ segir Valþór.



Fedasz Dental tannheilsustofnunin í Búdapest.

Nánari upplýsingar fást hjá Tripical Travel á tripical.is og í síma 519 8900, og hjá Valþóri í síma 771 7171 eða á netfanginu vallisverriss@hotmail.com.

MINNINGASTUND Í GUÐRÍÐARKIRKJU REYKJAVÍK OG GLERÁRKIRKJU AKUREYRI
15. OKTÓBER 2018 KL. 20:00

15. október er alþjóðlegur dagur tileinkaður missi á meðgöngu og barnsmissi. Gleym mér ei styrktarfélag hefur staðið fyrir minningastund ár hvert. Í ár er stundin haldin í Guðríðarkirkju í Reykjavík og Glerárkirkju á Akureyri.

Við hvetjum ykkur öll að koma og eiga saman hugljúfa stund mánudaginn 15. október kl. 20:00.

Litlir fætur marka djúp spor



www.gleymmerei-styrktarfelag.is

GLEYM MÉR EI



Hvít pitsa er mjög góð og ekkert síðri en sú með tómatsósu.

# Æðisleg hvít pitsa

Hvít pitsa er æðisleg. Hún er sögð hvít þar sem engin tómatsósa er á henni. Því er þó hægt að breyta eftir smekk hvers og eins. Hvít pitsa er eins og hvítlauksbrauð og má borða til dæmis með súpu eða pottréttum eða hafa sem forrétt þegar gestir eru í mat. Hér er æðisleg uppskrift sem allir ættu að prófa. Einnig er hægt að borða hana með salati sem heila máltíð.

### Pitsudeig

300 g hveiti
1 tsk. salt
1 tsk. þurrger
200 ml volgt vatn

Hrærið saman hveiti, salt og þurrgeri. Setjið vatnið saman við og hnoðið. Bætið við vatni ef þarf. Látið hefast þar til deigið hefur tvöfaldast að stærð.

### Það sem fer ofan á pitsuna:

2-3 msk. ólífuolía
3-4 hvítlauksrif
300 g mozzarella-ostur
½ tsk. þurrkað óreganó
1 tsk. basil

Hitið ofninn í 250°C. Það væri mögulegt að gera deigið áður en haldið er til vinnu að morgni. Þá er það tilbúið fyrir kvöldmat. Skiptið deiginu í tvennt og fletjið út í tvær pitsur. Penslið deigið með ólífuolíu og stráið rifnum hvítlauk yfir. Það má líka útbúa hvítlauksolíu og hella yfir. Blandið ostinum yfir ásamt kryddinu. Bakið í um það bil sjö mínútur eða þar til osturinn er bráðnaður. Það má setja hvaða vitakrydd sem er yfir pitsuna og vitaskuld má líka bæta við alls kyns ostum, til dæmis gráðaosti.

**Óskum eftir smiðum vönum mótauppslætti.**
Upplýsingar í s.699-8282 eða á verklag-ra@outlook.com

**Carpenters wanted. Must be used to formwork.**
Information in 699-8282 and verklag-ra@outlook.com

aton

**Aton er leiðandi fyrirtæki í skipulagðri upplýsingamiðlun, greiningum og ráðgjöf sem leitar að tveimur starfsmönnum til að sinna fjölbreyttum verkefnum á vegum fyrirtækisins.**

***I. Greiningarvinna og skýrslugerð***
Viðkomandi mun sinna verkefnum í úrvinnslu og framsetningu á tölulegum upplýsingum.

Krafa um háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði, tölfræði eða sambærilegum greinum.

***II. Skipulögð upplýsingamiðlun og ráðgjöf***
Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum, sýna framúrskarandi samskiptahæfni og vera mjög fær í textavinnu.

Krafa er um reynslu sem nýtist í starfi og háskólapróf.

Áhugasamir sendið umsókn með ferilskrá á aton@aton.is fyrir **24. október 2018.**

HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTURLANDS
AKRANES • BORGARNES • BÚÐARDALUR • GRUNDARFJÖRÐUR • HÓLMAVÍK • HVAMMSTANGI • ÓLAFSVÍK • STYKKISHÓLMUR

## Staða læknis við Heilbrigðisstofnun Vesturlands í Borgarnesi

Á Heilsugæslustöðinni í Borgarnesi fer fram fjölbreytt starfsemi en auk almennrar heilsugæsluþjónustu eins og móttöku, ungbarnaverndar, skólaheilsugæslu og mæðraverndar er þar teymisvinna í kring um vaktþjónustu að deginum, sykursýkismóttöku og lífstílsmóttöku. Upptökusvæði stöðvarinnar er víðfeðmt og nær yfir 5500 ferkílómetra svæði, þar eru u.þ.b 4000 íbúar auk tveggja háskóla með nemenda- görðum og ríflega 2000 sumarbústaða.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Lögð er áhersla á faglegan metnað, jákvæðni og sveigjanleika. Lipurð og áreiðanleiki í samskiptum eru skilyrði.

**Hæfnikröfur**
Íslenskt lækningaleyfi er skilyrði og sérfræðiviðurkenning í heimilslækningum er æskileg.
Góðrar íslensku kunnáttu er krafist.
Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum frá einstaklingum sem ekki teljast uppfylla framangreind skilyrði.

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélag Íslands hafa gert.
Starfshlutfall er 100% en hægt að semja um annað, sem og vaktbyrði.
Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknismenntun, læknisstörf og vísinda- og rannsóknarstörf ásamt staðfestu afriti af opinberu starfsleyfi.
Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til yfirlæknis heilsugæslustöðvarinnar í Borgarnesi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Borgarnes er góður staður til að búa á, stutt í mikla náttúrufegurð, mannlíf gott og starfsandi á stöðinni góður.
Húsnæði í boði á staðnum.

**Umsóknarfrestur er til og með 29.10.2018**
**Nánari upplýsingar veitir**
Linda Kristjánsdóttir - linda.kristjansdottir@hve.is - 432-1430
Þórir Bergmundsson - thorir.bergmundsson@hve.is - 432-1000



# LEIÐTOGI
## STAFRÆN FRAMTÍÐ

Við leitum að metnaðarfullum og framsæknum leiðtoga til að leiða Rafrænar þjónustulausnir á Hugbúnaðarlausnasviði.

Um þrjátíu og fimm starfsmenn vinna við Rafrænar þjónustulausnir að þróun CCQ og Focal gæðastjórnunarlausna, þróun þjónustusíðna og veflausna auk sérþróunar og ráðgjafar í stafrænum breytingum og hugbúnaðargerð.

**HÆFNISKRÖFUR**
- Stjórnunarreynsla
- Leiðtoga- og samskiptahæfileikar
- Reynsla af vöruþróun og nýsköpun á hugbúnaðarsviði
- Reynsla af viðskiptastjórnun og ráðgjöf
- Metnaður, frumkvæði og drifkraftur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.
Kynntu þér vinnustaðinn og störfin á **origo.is/mannaudur**

Hjá Origo starfa yfir 400 hressir og skemmtilegir einstaklingar af báðum kynjum sem allir nýta hugvit sitt til að efla árangur, hagsæld og öryggi viðskiptavina. Við störfum eftir gildunum okkar þremur, samsterk, þjónustuframsýn og fagdjörf.

.origo.

FERÐA MÁLA STOFA
ICELANDIC TOURIST BOARD

*Ferðamálastofa stuðlar að þróun ferðaþjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærrar grunnstoðar í íslensku samfélagi. Auk þess vinnur Ferðamálastofa að samræmingu, greiningum og rannsóknum í ferðaþjónustu með hliðsjón af stefnu stjórnvalda.*

*Eitt af hlutverkum Ferðamálastofu er að vinna að gagnaöflun og rannsóknum í ferðaþjónustu á Íslandi. Verkefni í þessum flokki varða bæði talnagögn og landfræðilegar upplýsingar, sem auka þekkingu um ferðamenn og atvinnugreinina, bæta gæði, auka arðsemi, huga að þolmörkum og styrkja innviði greinarinnar. Þannig stuðlar Ferðamálastofa að því að niðurstöður séu nýttar við ákvarðanatöku í greininni, með skýrri framsetningu niðurstaðna og markvissri upplýsingagjöf.*

*Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á* ***www.ferdamalastofa.is***

# Hagfræðingur Ferðamálastofu

Rannsóknasvið Ferðamálastofu óskar eftir að ráða öflugan einstakling í greiningu og miðlun hagstærða sem tengjast íslenskri ferðaþjónustu. Um er að ræða nýtt og spennandi starf hjá Ferðamálastofu. Starfshlutfall er 100% og mun viðkomandi hafa starfsaðstöðu á skrifstofu Ferðamálastofu í Reykjavík.

Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á ferðamálum, getu til að meta rekstur og umhverfi ferðaþjónustu og gildi rannsóknaniðurstaðna í því sambandi. Viðkomandi einstaklingur þarf að eiga auðvelt með að koma þeim upplýsingum á framfæri á hnitmiðaðan hátt, bæði í rituðu og mæltu máli.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Greining á fyrirliggjandi talnaefni, rannsóknaniðurstöðum og úrvinnslu gagna sem tengjast ferðamálum á Íslandi
- Greining á gögnum um erlenda markaði
- Spá um þróun út fyrir fyrirliggjandi gögnum
- Miðlun þekkingar og upplýsinga
- Þátttaka í þróun rannsóknasviðs

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í hagfræði eða viðskiptafræði með sérhæfingu í hagfræði
- Greiningarhæfni og næmni fyrir gildi rannsóknaniðurstaðna
- Gott vald á íslensku og ensku, einkum á rituðu máli
- Reynsla af rannsóknastörfum, textaskrifum og upplýsingamiðlun
- Frumkvæði og skipuleg vinnubrögð
- Hæfni í samskiptum og þverfaglegri samvinnu

Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag.

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 29. október 2018.* ***Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is*** *og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# VILTU VINNA SKÝJUM OFAR?

Við leitum að jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingum til að bætast við í okkar frábæra hóp flugliða fyrir sumarið 2019. Í boði eru sumarstörf á tímabilinu maí til október. Áhugasamir þurfa að hafa hreint sakavottorð, bílpróf, vera hraustir og hressir á líkama og sál og fæddir eigi síðar en árið 1998. Kröfur eru gerðar um stúdentspróf eða sambærilega iðngráðu og góð enskukunnátta er skilyrði. Önnur tungumálakunnátta kemur sér einnig vel.

**UMSÓKN ÞARF AÐ FYLGJA:**

- Ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar
- Mynd af umsækjanda, í lit með hvítum bakgrunni í 600x600 pixla upplausn
- Sakavottorð
- Ljósrit af vegabréfi
- Afrit af Attestation of Initial training hafi umsækjandi lokið grunnþjálfun
- Afrit af stúdentsskírteini eða öðru sambærilegu prófskírteini

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL MIÐNÆTTIS 12. NÓVEMBER 2018. ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR MÁ FINNA Á WOWAIR.IS/STARF OG ÞAR ER JAFNFRAMT TEKIÐ Á MÓTI UMSÓKNUM



## Þjónustu- og upplýsingafulltrúi hjá Dalvíkurbyggðar

Dalvíkurbyggð óskar eftir að ráða þjónustu- og upplýsingafulltrúa á Fjármála- og stjórnsýslusvið í 100% starf. Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn að þróast áfram í starfi og aðlaga sig að breyttu starfsumhverfi á hverjum tíma. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið:**
- Ritstjórn heimasíðu og umsjón með vefmiðlum.
- Tekur þátt í uppbyggingu á rafrænni stjórnsýslu og upplýsingatækni.
- Markaðssetning á Dalvíkurbyggð og gerð kynningarefnis.
- Almenn upplýsingagjöf í þjónustuveri.
- Starfsmaður atvinnumála- og kynningarráðs.
- Móttaka og skráning reikninga.
- Þátttaka í stefnumótun.
- Ýmis tímabundin verkefni .

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi, háskólapróf er æskilegt.
- Góð þekking og reynsla af sambærilegum störfum er skilyrði.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga, er kostur.
- Góð tölvukunnátta og þekking á upplýsingatækni skilyrði.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Skipulagshæfileikar, nákvæm vinnubrögð og árverkni.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund.
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
- Metnaður til árangurs og jákvæðni.

**Umsóknarfrestur er til og með 25. október 2018.**

Umsóknum skal skila til sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs á netfangið gp@dalvikurbyggd.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veitir Guðrún Pálína Jóhannsdóttir, sviðstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, (gp@dalvikurbyggd.is) eða í síma 460-4903.

Dalvíkurbyggð er 1900 manna sveitarfélag við Eyjafjörð. Þar er blómlegt atvinnulíf, öflugt menningarlíf og aðstaða til íþróttaiðkunar framúrskarandi. Umhverfið er sérlega fjölskylduvænt og aðstæður til útivistar með besta móti.

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Verkefnastjóri í veiðistjórn | Atvinnuv.- og nýsköpunarráðuneytið | Reykjavík | 201810/1867 |
| Gæða- og öryggisstjóri | Þjóðskrá Íslands | Reykjavík | 201810/1866 |
| Fjármálafulltrúi | Sinfóníuhljómsveit Íslands | Reykjavík | 201810/1865 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, krabbameinslækn.deild | Reykjavík | 201810/1864 |
| Sérfræðingur á húsnæðissviði | Íbúðalánasjóður | Reykjavík | 201810/1863 |
| Verkefnastjóri á upplýsingasviði | Tryggingastofnun | Reykjavík | 201810/1862 |
| Deildarstjóri | Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild | Reykjavík | 201810/1861 |
| Vefstjóri | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201810/1860 |
| Verkefnisstjóri á Verkefnastofu | Háskóli Íslands, Verkfr./náttúruvís.svið | Reykjavík | 201810/1859 |
| Lögfræðingur | Velferðarráðuneytið | Reykjavík | 201810/1858 |
| Hagfræðingur | Ferðamálastofa | Reykjavík | 201810/1857 |
| Félagsráðgjafi | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201810/1856 |
| Hjúkrunarstjóri | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Laugarás | 201810/1855 |
| Deildarlæknir | Landspítali, augndeild | Reykjavík | 201810/1854 |
| Starfsmaður/sendill | Landspítali, rekstrarsvið | Reykjavík | 201810/1853 |
| Starfsmaður | Landspítali, samfélagsgeðteymi | Reykjavík | 201810/1852 |
| Verkefnastjóri prófa og námsmats | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201810/1851 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201810/1850 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Ólafsvík | 201810/1849 |
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra | Dalvík | 201810/1848 |
| Forst.maður Stofn. Árna Magnúss. | Mennta- og menningarmálaráðuneytið | Reykjavík | 201810/1847 |
| Námsstaða deildarlæknis | Landspítali, bæklunarskurðdeild | Reykjavík | 201810/1846 |
| Listmeðferðarfræðingur | Landspítali, barna- og unglingageðd. | Reykjavík | 201810/1845 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, Barnaspítali Hringsins | Reykjavík | 201810/1844 |
| Aðstoðarmaður | Landspítali, bráða- og göngudeild | Reykjavík | 201810/1843 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, bráða- og göngudeild | Reykjavík | 201810/1842 |
| Sjúkraliði | Landspítali, gjörgæsla | Reykjavík | 201810/1841 |
| Iðjuþjálfar | Landspítali, bráðadeildir | Reykjavík | 201810/1840 |
| Sálfræðingur | Kvennaskólinn í Reykjavík | Reykjavík | 201810/1839 |
| Framkv.stjóri uppl.tæknisviðs | Veðurstofa Íslands | Reykjavík | 201810/1838 |
| Sérfræðingur í gagnagreiningu | Íbúðalánasjóður | Reykjavík | 201810/1837 |
| Hjúkrunarfræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201810/1836 |
| Starfsmaður í ræstingu og búri | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201810/1835 |
| Starfsmaður í ræstingu og búri | Sjúkrahúsið á Akureyri, Kristnesspítali | Akureyri | 201810/1834 |

# Fly Over Iceland – General manager

**Vilt þú taka þátt í að búa til ógleymanlegar minningar með nýstárlegri upplifun af Íslandi?**

Fly Over Iceland leitar að aðila til að stýra nýrri starfsemi á Íslandi. Þessi aðili þarf að hafa ástríðu fyrir ævintýrum, vera leiðtogi og geta stýrt verkefnum á stefnumiðaðan hátt. General manager gegnir lykilhlutverki við að koma fyrirtækinu á laggarnar frá húsbyggingu að fullbúnu nútíma kvikmyndahúsi. Framundan eru mikil erlend samskipti, ferðalög og krefjandi verkefni.

Horft er til þess að fyrirtækið hefji starfsemi sína í apríl 2019 en þangað til þarf viðkomandi að vera útsjónasamur varðandi vinnuaðstöðu og sýna sveigjanleika fram að opnun.

**Umsóknarfrestur til og með**
**23. október**

**Upplýsingar og umsókn**
**capacent.com/s/10299**

**Verkefni:**
- Verkefnastjórnun og ábyrgð á framkvæmdum
- Þróun og uppbygging vörumerkis
- Koma auga á ný viðskiptatækifæri
- Áætlanagerð, mælingar og greiningar á starfsemi
- Uppsetning verkferla
- Samskipti og samvinna við aðra sem gegna sömu stöðu
- Kemur að ráðningum, þjálfun og móttöku nýliða

**Hæfniskröfur:**
- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Lágmark fimm ára stjórnunarreynsla
- Reynsla af nýsköpunarverkefnum kostur
- Reynsla úr sambærilegum geira
- Reynsla af starfsmannamálum
- Útsjónasemi og lausnamiðuð hugsun
- Leiðtogahæfni og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Mjög góð hæfni í íslensku, bæði í ræðu og riti
- Faglegur orðaforði í ensku, bæði í ræðu og riti

Fly Over Iceland er í eigu Pursuit sem starfrækir samskonar kvikmyndahús sem sýnir 7D afþreyingu þess lands sem starfsemin er í. Um er að ræða fyrirtæki sem sérhæfir sig í einstakri upplifun fyrir þá sem vilja fljúga yfir Ísland og njóta náttúrunnar á ógleymanlegan og raunverulegan máta.

Capacent – leiðir til árangurs

Capacent

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og póstþjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál. Hjá PFS starfa 26 starfsmenn, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar. Sjá nánari upplýsingar á **www.pfs.is**

# Sérfræðingur á sviði radíómála

Póst- og fjarskiptastofnun leitar að öflugum sérfræðingi til liðs við tæknideild stofnunarinnar. Sérfræðingurinn verður hluti af teymi starfsmanna sem vinnur náið saman að skipulagi tíðnimála, úthlutun tíðna og númera, eftirliti með ljósvakanum o.fl. Þá er net- og upplýsingaöryggi fjarskiptakerfa hluti af starfsemi tæknideildar.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Eftirlit með ljósvakanum, þ.e. fyrirbyggjandi aðgerðir gegn radíótruflunum ásamt truflanaleit
- Markaðseftirlit
- Skipulag og úthlutun tíðna og númera
- Aðkoma að verkefnum sem miða að aukinni sjálfvirknivæðingu starfs tæknideildar

Auk þessara verkefna er um að ræða almennt eftirlit með reglum um net- og upplýsingaöryggi, ásamt stuðningi við störf annarra deilda. Þátttaka í innleiðingu gæðaferla tæknideildar er einnig mikilvægur þáttur í starfinu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í verk – eða tæknifræði, upplýsingatækni eða sambærileg menntun á raunvísindasviði. Framhaldsnám eða starfsreynsla á sviði fjarskipta er kostur
- Góður skilningur á upplýsingatækni og þekking á helstu þáttum í framkvæmd UT verkefna
- Þekking á uppbyggingu og virkni fjarskiptaneta æskileg
- Einnig þarf viðkomandi að geta unnið skipulega í að greina og svara erindum
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti
- Ríkuleg samskiptafærni ásamt öguðum og skipulögðum vinnubrögðum
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að vinna í hópi ásamt því að búa yfir bæði sveigjanleika og festu sem nauðsynleg er í samstarfi við fjarskiptafélög á Íslandi

Um er að ræða krefjandi starf í síbreytilegu og spennandi umhverfi þar sem gerðar eru miklar fagkröfur. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.
PFS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá stofnuninni.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. október nk.** Umsjón með starfinu hefur Þorleifur Jónasson forstöðumaður tæknideildar. Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu PFS www.pfs.is.
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Krafist er sakavottorðs.

Rio Tinto



# Rafvirki

## Rio Tinto á Íslandi óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa, til að sinna fjölbreyttum störfum á aðalverkstæði fyrirtækisins.

**Starfssvið:**
» Fyrirbyggjandi viðhald og rekstur á rafbúnaði
» Bilanagreining á framleiðslubúnaði
» Almenn viðgerðarvinna
» Bakvaktir

**Menntunar – og hæfniskröfur:**
» Sveinspróf í rafvirkjun
» Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna í hópi
» Góðir samskiptahæfileikar
» Almenn tölvuþekking
» Reynsla af rafvirkjavinnu í iðnaðarumhverfi og háspennubúnaði er kostur

Nánari upplýsingar veita Stefán Þór Ragnarsson og/eða Ágúst Helgi Jóhannesson í síma 560 7000.

Áhugasamir eru beðnir um að fylla út atvinnuumsókn á vef fyrirtækis www.riotinto.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. október 2018.**

Rio Tinto á Íslandi er þekkingarfyrirtæki sem rekur álverið ISAL í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf og fjölbreytt verkefni þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegna lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, gott upplýsingaflæði og umhverfi sem hvetur til góðrar frammistöðu. Framtíð okkar byggist á framúrskarandi starfsfólki sem skapar öruggan og eftirsóttan vinnustað. Áhersla ISAL á öryggis-, umhverfis- og heilbrigðismál er forsenda framúrskarandi árangurs. Við leggjum okkur fram um að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Gildi ISAL eru ábyrgð, samvinna, heilindi og virðing.

Rio Tinto
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
**www.riotinto.is**

# Tæknivík ehf

## Tæknivík óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa

- Starfið fellst í uppsetningu, gangsetningu og viðhaldi á stýringum ásamt almennum rafvirkjastörfum.
- Leitað er eftir starfsmanni sem getur starfað sjálfstætt.

Tæknivík er leiðandi fyrirtæki í forritun og uppsetningu stýringa í fiskeldi á Íslandi.

**Umsóknum skal skila á netfangið gulli@eldi.is**

Allar upplýsingar um störfin fást í síma 895-3556 eða á fyrrgreint netfang.



# Ferðaráðgjafi

Visitor
FERÐASKRIFSTOFA

## Óskum eftir að ráða reyndan ferðaráðgjafa í 100% starf

**Starfssvið**
- Sala og þjónusta
- Utanumhald og eftirfylgni bókana
- Bókunarþjónusta
- Samskipti við viðskiptavini
- Samskipti við birgja
- Hugmyndavinna í hópaferðum

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af Amadeus bókunarkerfinu skilyrði
- Skipulagshæfileikar
- Sjálfstæði og nákvæmni
- Gott vald á íslensku og ensku í ritun og tali
- Önnur tungumál er kostur
- Stúdentspróf eða háskólanám æskilegt

Ferðaskrifstofan Visitor er 10 ára á þessu ári en byggir á yfir 25 ára reynslu eigenda.
Visitor sérhæfir sig í viðskiptaferðum og hóp- og árshátíðarferðum ásamt fótbolta- og golfferðum.

**Ferilskrá sendist á netfangið obby@visitor.is fyrir 20. október 2018.**



Embætti landlæknis
Directorate of Health

Embætti landlæknis sinnir fjölmörgum lögbundnum verkefnum sbr. lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Frekari upplýsingar um embættið er að finna á heimasíðu þess, landlaeknir.is.

# ÁHUGAVERÐ STÖRF HJÁ EMBÆTTI LANDLÆKNIS

## Fjármálastjóri

Fjármálastjóri starfar á sviði rekstrar og þjónustu og heyrir undir sviðsstjóra þess. Sviðið ber ábyrgð á innri rekstri embættisins. Starfið felur í sér fjölbreyttar áskoranir um að ná þeim markmiðum sem embættið hefur sett sér.

**Helstu verkefni:**
- Fjármálastjórnun og reikningshald
- Gerð fjárhagsáætlunar og fjárhagslegt eftirlit
- Samningagerð
- Umsýsla sjóða sem heyra undir embættið
- Umsjón með húsnæði og eignum
- Þátttaka í stefnumótun
- Önnur verkefni sem sviðsstjóri eða landlæknir felur fjármálastjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Víðtæk reynsla af rekstrar- og fjármálastjórnun er nauðsynleg
- Þekking á lögum um opinber fjármál
- Þekking eða reynsla af samninga- og útboðsgerð
- Þekking eða reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Hæfni og lipurð í samskiptum er nauðsynleg
- Skipulagshæfni, öguð og sjálfstæð vinnubrögð

Laun eru skv. kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

## Hjúkrunarfræðingur

Hjúkrunarfræðingur vinnur að eftirlitsmálum og tengdum verkefnum í samræmi við skyldur embættisins. Starfið tilheyrir sviði eftirlits og gæða og heyrir undir sviðsstjóra þess.

**Helstu verkefni:**
- Móttaka, utanumhald og þátttaka í meðferð kvartana og skyldra erinda vegna heilbrigðisþjónustu
- Þátttaka í úrvinnslu mála, sérstaklega þar sem þekking á hjúkrunarfræði kemur að notum
- Þátttaka í eftirliti með heilbrigðisstofnunum
- Samskipti við heilbrigðisstarfsmenn, heilbrigðisstofnanir og stjórnvöld vegna eftirlitsmála
- Önnur verkefni að beiðni landlæknis og sviðsstjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í hjúkrunarfræði
- Víðtæk starfsreynsla innan heilbrigðisþjónustu
- Starfsreynsla á sviði stjórnsýslu er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta og ritfærni
- Gott vald á íslensku og ensku
- Skipulagshæfni, öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum er nauðsynleg

Laun eru skv. kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

**Upplýsingar veita:**
Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is
Inga Steinunn Arnardóttir, inga@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 30. október 2018.**
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknum skal fylgja ýtarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Embættið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störfin. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Embætti landlæknis áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef svo ber undir. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700




## Viðskiptastjóri á Lyfjasviði (Key Account Manager)

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Kynningar og sala á lyfjum
- Myndun viðskiptatengsla og heimsóknir til heilbrigðisstarfsfólks og apóteka
- Markaðssetning lyfja, gerð auglýsinga og markaðsefnis
- Samskipti við erlenda birgja
- Verkefnastýring og þátttaka í útboðum
- Markaðsgreiningar og áætlanagerð
- Þátttaka í og skipulagning funda og ráðstefna hérlendis og erlendis

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda (t.d. lyfjafræði eða hjúkrunarfræði)
- Reynsla af sölu og markaðsstarfi, viðskiptastjórn og sölu heilbrigðisvara eða lyfja
- Jákvæðni, framúrskarandi færni og áhugi á mannlegum samskiptum og tengslamyndun
- Góð greiningarhæfni og eiginleiki til að túlka og leggja fram niðurstöður og tillögur
- Fagmennska og frumkvæði
- Gott vald á íslensku og ensku
- Kunnátta í Norðurlandamáli er kostur

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Bessi H. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Lyfjasviðs Icepharma, bessi@icepharma.is.

Framúrskarandi fyrirtæki 2010–2017

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2018

Icepharma er í fararbroddi á íslenskum heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugu framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 100 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði, gleði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.

icepharma

Umsóknarfrestur: **22. október** Sótt er um starfið á ráðningarvef Icepharma: **www.icepharma.is - Um Icepharma - Atvinna**




**Mannvit óskar eftir að ráða sérfræðing í mælitækni við vatnamælingar.**
Í starfinu felst uppsetning og rekstur mælibúnaðar, sem notaður er við sjálfvirka vöktun vatna- og veðurfars. Um er að ræða mælingar á ýmsum eðlis- og efnaeiginleikum yfirborðs-, fráveitu- og grunnvatns auk andrúmslofts. Starfsstöð umsækjanda verður á aðalskrifstofu Mannvits í Kópavogi en starfinu fylgja ferðalög víða um land.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Tæknimenntun á sviði rafeindabúnaðar, s.s. sveinspróf í rafeindavirkjun eða próf í hátækniverkfræði, raunvísindamenntun kemur einnig til greina.
- Góð tölvukunnátta ásamt grunnþekkingu á forritun, t.d. C++. Reynsla af forritun mælibúnaðar er kostur.
- Jákvæðni, samviskusemi og nákvæm vinnubrögð.

Umsækjandi þarf að hafa reynslu af verklegri vinnu og vera tilbúinn að vinna við fjölbreyttar aðstæður utanhúss. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af ferðalögum í óbyggðum eða björgunarstörfum.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. október.**
**Sótt er um starfið á www.mannvit.is.**
Nánari upplýsingar veitir Sverrir Óskar Elefsen, soe@mannvit.is.

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.**

MANNVIT

# GÆÐA- OG VERKEFNASTJÓRI

**Strætó bs. óskar eftir að ráða gæða- og verkefnastjóra til starfa.**

**Megináhersla starfsins er rekstur gæðakerfa félagsins ISO 14001 og OHSAS 18001, verkefnastjórnun umbótaverkefna auk annarra verkefna Strætó bs. Gæða- og verkefnastjóri heyrir undir mannauðs- og gæðasvið.**

HELSTU VERKEFNI:

- Rekstur gæðakerfa
- Umsjón með gæðahandbók
- Ferlagreining – innleiðing og endurskoðun ferla
- Úttektar- og umbótaverkefni
- Umhverfis- og öryggismál

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla á gæðastjórnun og rekstri gæðakerfa
- Þekking á umhverfis- og öryggismálum
- Reynsla og þekking af verkefnastjórnun
- Vottun í verkefnastjórn er kostur
- Færni í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Skipulagshæfni, samskiptafærni og sjálfstæði í starfi

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agla Sigr. Björnsdóttir, agla@radum.is.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

Strætó bs. er öflugt þjónustufyrirtæki á sviði almenningssamgangna þar sem starfa um 300 manns sem mynda sterka liðsheild. Strætó bs. er byggðasamlag, í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem hefur það meginmarkmið að veita viðskiptavinum góða þjónustu með öflugu og víðtæku leiðakerfi og gefa þeim kost á að komast leiðar sinnar á hagkvæman og umhverfisvænan hátt.

ráðum
ráðningarstofa

**Umsóknarfrestur er til og með 29. október nk.**

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • radum@radum.is



# Þjónustufulltrúi í rafmagni hjá Mæla- og notendaþjónustu

*Við leitum að þjónustustarfsmanni í teymi iðn- og tækni-menntaðs starfsfólks í Mæla- og notendaþjónustu OR. Þetta er fjölbreytt starf í tæknilegu starfsumhverfi fyrir fólk sem hugsar í lausnum og nýtur sín í samskiptum.*

**Verkefni og kunnátta:**
Starfið er fjölbreytt og felur í sér samskipti við ýmsa hagsmunaaðila í tengslum við umsóknir um heimlagnir og ráðgjöf til rafverktaka, hönnuða og húseigenda meðal annars vegna heimlagna, breytinga á neysluveitu, mælinga og val á taxta.

Hluti af starfinu felst í spennusetningum, tengingum og mælavinnu og er því gerð krafa um sveinspróf í rafvirkjun og um meistararéttindi eða próf í rafmagnsiðnfræði.
Ef þú býrð þar að auki yfir góðum samskiptahæfileikum, nákvæmni og þjónustulund viljum við endilega fá umsókn frá þér.

**Við hvetjum jafnt karla sem konur til að sækja um.**

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is. Þú sækir um á ráðningavef OR, starf.or.is, þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna.

**Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2018**

OR Orkuveita Reykjavíkur

JAFNRÉTTISRÁÐ

JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021

**Orkuveita Reykjavíkur** • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími • Tel. +354 516 6100 • **www.or.is**



# Rafmagnsverkfræðingur - krefjandi verkefni

Orkubú Vestfjarða óskar eftir að ráða metnaðarfullan og ábyrgan verkfræðing í spennandi framtíðarstarf á veitusviði. Í boði er áhugavert starfsumhverfi með krefjandi og fjölbreyttum verkefnum.

Starfsmaðurinn verður með aðsetur á aðalskrifstofu Orkubús Vestfjarða á Ísafirði en starfsumhverfið er allir Vestfirðir. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri veitusviðs.

Orkubúið sinnir alhliða orkuvinnslu á Vestfjörðum ásamt dreifingu orkunnar til kaupenda hennar. Starfsmenn eru um 70 talsins og er hópurinn samheldinn og metnaður mikill.

Ef þú vilt starfa hjá traustu og framsýnu fyrirtæki og búa í návígi við ægifagra náttúru er þetta tækifærið þitt!

**Helstu verkefni:**

- Hönnun og undirbúningur verka
- Verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Önnur fjölbreytt og krefjandi verkefni á veitusviði

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Rafmagnsverkfræði
- Metnaður, nákvæmni og góð skipulagshæfni
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góð samstarfshæfni
- Reynsla af rafveitustörfum æskileg

Orkubúið vill fjölga konum í störfum hjá fyrirtækinu. Konur sem og karlar eru því hvött til að sækja um ofangreint starf.



Lind Einarsdóttir

FAST Ráðningar

Allar nánari upplýsingar veitir Lind hjá FAST Ráðningum í síma 552-1606 eða lind@fastradningar.is

Umsækjendur er vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á www.fastradningar.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember nk.

# Hagstofa Íslands

## leitar að metnaðarfullu og áhugasömu starfsfólki

### Gagnaforritari og gagnagrunnsstjóri (e. data engineer)

Starfið felst í uppbyggingu gagnainnviða og gagnamiðlunar hjá Hagstofu Íslands. Starfsmaðurinn mun sinna rekstri og skipulagi gagnagrunnsþjóna og gagnaskipunar, hönnun og þróun úrvinnslu- og miðlunarferla miðað við ytri og innri þarfir notenda ásamt almennri hugbúnaðarþróun sem viðkemur gagnanýtingu. Starfsmaðurinn vinnur í gagnagrunnsteymi Hagstofunnar.

**HÆFNISKRÖFUR**

- Geta til að sökkva sér í og leysa upplýsingatæknivandamál
- Reynsla og þekking á almennt viðurkenndum venjum í hugbúnaðarþróun
- Reynsla af hugbúnaðarþróun og bestun gagnagrunnskerfa
- Þekking og reynsla af notkun og rekstri mismunandi gagnagrunnsþjóna
- Reynsla af hönnun tæknilegrar högunar almennra gagnagrunnskerfa
- Þekking á gæðaferlum í innlestrarferlum og gagnagrunnsvinnslu er æskileg
- Þekking á helstu öryggisógnum upplýsingakerfa er æskileg
- Þekking og reynsla af vöktunarkerfum og samskipanastjórnunartólum (e. configuration management tools) er æskileg
- Þekking og reynsla af rekstri netþjóna er kostur
- Háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi er kostur
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar

### Innviðaforritari (e. infrastructure engineer)

Starfið felst í sjálfvirknivæðingu kerfisstjórnunar hjá Hagstofu Íslands. Starfsmaðurinn mun sinna sjálfvirkri kerfisstjórnun með samþættingu ýmissa kerfa með notkun og forritun viðbóta við samskipanastjórnunarkerfi (e. configuration management) stofnunarinnar. Starfsmaðurinn vinnur í kerfisstjórnarteymi Hagstofunnar.

**HÆFNISKRÖFUR**

- Vilji til að læra á nýjar lausnir og aðferðir og kynna sér í dýpt eldri lausnir
- Reynsla og þekking á almennt viðurkenndum venjum í hugbúnaðarþróun
- Reynsla af hönnun tæknilegrar högunar upplýsingakerfa, þ.m.t. sýndarumhverfa fyrir tölvurekstur
- Þekking og reynsla af notkun og uppbyggingu ýmissa forritunartungumála, þ.m.t. Python
- Þekking og reynsla af vöktunarkerfum og samskipanastjórnunartólum (e. configuration management tools) er æskileg
- Þekking á helstu öryggisógnum upplýsingakerfa og fyrirbyggjandi aðgerðum er æskileg
- Þekking og reynsla af mikilvægum stoðkerfum tölvureksturs er æskileg
- Þekking og reynsla af rekstri netþjóna er kostur
- Háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi er kostur
- Hreint sakavottorð

### Sérfræðingur í vefhögun (e. web architect)

Starfið felst í tæknilegri hönnun upplýsingakerfa með áherslu á vefhögun. Starfsmaðurinn mun sinna samþættingu ýmissa kerfa í samstarfi við vef- og gagnagrunnssérfræðinga stofnunarinnar ásamt því að auka skilvirkni kerfa með bestun á úrvinnslum þeirra. Starfsmaðurinn mun jafnframt forrita bakendavinnslur vefkerfa og setja vefkerfi í rekstur. Starfsmaðurinn vinnur í vefteymi Hagstofunnar.

**HÆFNISKRÖFUR**

- Vilji til að læra á nýjar lausnir og aðferðir og kynna sér í dýpt eldri lausnir
- Reynsla og þekking á almennt viðurkenndum venjum í hugbúnaðarþróun
- Þekking á tæknilegri högun upplýsingakerfa, þ.m.t. almennra vefkerfa
- Þekking og reynsla af vefstöðlum og vefhönnun, þ.m.t. svargæfa hönnun og bestun fyrir vefi
- Þekking og reynsla af notkun og uppbyggingu ýmissa forritunartungumála, þ.m.t. Python
- Þekking og reynsla af almennum vefþjónabúnaði (e. web server) og vefselum (e. proxy servers) er æskileg
- Þekking og reynsla af vöktunarkerfum og samskipanastjórnunartólum (e. configuration management tools) er æskileg
- Þekking á helstu öryggisógnum upplýsingakerfa og fyrirbyggjandi aðgerðum er æskileg
- Þekking og reynsla af rekstri netþjóna er kostur
- Háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi er kostur

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 22.10.2018** og skulu umsóknir berast til: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknafrestur rennur út. Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir í síma 5281000.

**Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk Hagstofunnar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.**

**Nánari upplýsingar má finna á www.hagstofa.is**

ora

# GÆÐASTJÓRI ÓSKAST

Við leitum að drífandi einstaklingi til að leiða gæðastarf fyrirtækisins.

**Starfssvið:**

- Umsjón og ábyrgð á rekstri, viðhaldi og þróun gæðakerfis félagsins skv. opinberum kröfum og stöðlum.
- Umsjón og ábyrgð á gæðahandbók félagsins.
- Umsjón og ábyrgð á innri úttektum, vörulýsingum, merkingum framleiðsluvara, áhættugreiningum og birgjamati.
- Umsjón og ábyrgð á gæðaeftirliti, s.s. sýnatökum og skráningum.
- Þátttaka í vöruþróun og umbótaverkefnum.
- Samskipti við eftirlitsstofnanir, úttektaraðila og kaupendur.

**Hæfniskröfur:**

- Fagleg þekking og reynsla af gæðakerfum er skilyrði.
- Menntun á sviði matvælafræða er mikill kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð samskiptafærni.
- Geta til að starfa sjálfstætt og frumkvæði.
- Ákveðin og fagleg vinnubrögð.

**Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Ora er einn elsti og rótgrónasti matvælaframleiðandi landsins en fyrirtækið var stofnað árið 1952. Ora framleiðir breitt úrval matvæla fyrir bæði innlendan markað og til útflutnings. Ora er staðsett að Vesturvör 12 og er hluti af Ísam samsteypunni.**

ÍSAM

**Umsóknarfrestur** er til og með **1. nóvember 2018** og skulu umsóknir berast rafrænt á heimasíðu **www.isam.is.** Öllum umsóknum verður svarað.

***Nánari upplýsingar*** *um starfið veitir* ***Elísabet Þóra Jóhannesdóttir****, mannauðsdeild, netfang* ***elisabet@isam.is*** *eða í síma:* ***522-2703***

# STARFSMAÐUR Í MÚRVERSLUN

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Steypustöðin ehf. óskar eftir starfsmanni í Múrverslun félagsins á Malarhöfða.

Verslunin er nýopnuð aftur eftir miklar endurbætur og er öll starfsaðstaða til fyrirmyndar.

Helstu verkefni eru:

- Sala, afgreiðsla, móttaka og frágangur á vörum, bæði í verslun og á lager
- Önnur tilfallandi störf

Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknarfrestur er til og með 21. október.

Umsóknir skulu berast til Sigríðar Rósu Magnúsdóttur starfsmannastjóra á netfangið sigridur@steypustodin.is sem jafnframt veitir frekari upplýsingar um starfið.

**Hæfniskröfur**

- **Þekking eða reynsla af múriðn og múrvörum kostur**
- **Stundvísi og heiðarleiki**
- **Góð íslenskukunnátta skilyrði**
- **Góð þjónustulund og jákvæðni**
- **Almenn tölvukunnátta**
- **Lyftarapróf er kostur**
- **Reynsla af sölumennsku æskileg en ekki skilyrði**

**STEYPUSTÖÐIN EHF | MALARHÖFÐA 10 | 110 REYKJAVÍK | STEYPUSTODIN.IS | S: 4 400 400**




**Arion banki leitar að metnaðarfullum einstaklingi** til starfa á áhættustýringarsviði við að efla enn frekar notkun gagna og líkana við útlánaeftirlit. Hlutverk útlánaeftirlits er að greina og hafa eftirlit með útlánaáhættu og gæðum lánasafns bankans. Á áhættustýringarsviði starfar hópur öflugra sérfræðinga með fjölbreyttan bakgrunn.

**Helstu verkefni**

- Þróun, notkun og viðhald reikniverks í tengslum við mat á útlánaáhættu
- Sannprófun líkana (e. validation)
- Þátttaka í þróun, greiningu og túlkun áhættumælikvarða
- Þátttaka í þróun vöruhúss gagna
- Ýmis skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnenda, stjórnar og eftirlitsaðila

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði, tölvunarfræði eða stærðfræði
- Reynsla af greiningu og túlkun gagna
- Gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga
- Góð tölvukunnátta og reynsla af notkun SQL er kostur
- Samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Nánari upplýsingar um starfið veita **Ísleifur Orri Arnarson**, forstöðumaður útlánaeftirlits, sími **444 7165**, netfang **isleifur.arnarson@arionbanki.is** og **Hanna María Pálmadóttir mannauðsstjóri**, sími **444 6333**, netfang **hanna.maria.palmadottir@arionbanki.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **23. október 2018**. Sótt er um á www.arionbanki.is.

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

arionbanki.is

**Arion banki** atvinna

SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

# Tæknimaður

Samhentir Kassagerð HF Suðurhrauni 4, 210 Garðabæ
Samhentir leita að áhugasömum einstaklingi til að slást í samhent teymi okkar. Til að hafa yfirumsjón með viðhalds og varahlutaþjónustu félagsins

Viðkomandi einstaklingur þarf að vera traustur, með ríka þjónustulund og geta tekist á við krefjandi verkefni.

**Helstu verkefni:**

- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Móttaka á þjónustubeiðnum frá viðskiptavinum
- Umsjón með varahlutalager og pöntunum.
- Umsjón með reikningagerð vegna þjónustu við viðskiptavini.
- Umsjón með verkbókhaldi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Vélfræðingur, vélstjóri, sambærileg iðn eða tæknimenntun
- Ökuréttindi
- Staðgóð þekking á vél og rafmagnsbúnaði
- Góð íslensku- og enskukunnátta, töluð og rituð
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund.
- Snyrtimennska í umgengni við vélar og tæki

Um er að ræða framtíðarstarf hjá traustu fyrirtæki sem leggur metnað í þjálfun og starfsþróun sinna starfsmanna.

Samhentir hefur vaxið jafnt og þétt frá stofnun, frá því að vera lítið sprotafyrirtæki í stærsta umbúðaþjónustufyrirtæki á Íslandi. Lykillinn að framgangi fyrirtækisins liggur í góðum tengslum við viðskipavini og birgja félagsins, vönduðu og reynslumiklu starfsfólki ásamt áherslu á gæði og nýjungar. Hjá félaginu starfa 40 manns.

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf Nánari upplýsingar veitir Bjarni Hrafnsson (bjarni@samhentir.is)



# Rafvirki - sunnanverðir Vestfirðir

Orkubú Vestfjarða óskar eftir að ráða metnaðarfullan og ábyrgan starfsmann í spennandi framtíðarstarf á veitusviði. Í boði er áhugavert starfsumhverfi með krefjandi og fjölbreyttum verkefnum.

Starfsmaðurinn verður hluti af vinnuflokki veitusviðs Orkubús Vestfjarða með höfuðstöðvar á Patreksfirði. Starfsumhverfið er sunnanverðir Vestfirðir. Næsti yfirmaður er svæðisstjóri Orkubús Vestfjarða á Patreksfirði.

Orkubúið sinnir alhliða orkuvinnslu á Vestfjörðum ásamt dreifingu orkunnar til kaupenda hennar. Starfsmenn eru um 70 talsins og er hópurinn samheldinn og metnaður mikill. Ef þú vilt starfa hjá traustu og framsýnu fyrirtæki og búa í návígi við ægifagra náttúru er þetta tækifærið þitt!

**Helstu verkefni:**

- Fjölbreytt verkefni í flutnings- og dreifikerfi
- Nýframkvæmdir
- Viðhald á háspennu- og lágspennubúnaði
- Reglubundið eftirlit í veitukerfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Almenn tölvufærni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í samskiptum
- Reynsla af veitustarfsemi er kostur

Orkubúið vill fjölga konum í störfum hjá fyrirtækinu. Konur sem og karlar eru því hvött til að sækja um ofangreint starf.



Lind Einarsdóttir

FAST Ráðningar

Allar nánari upplýsingar veitir Lind hjá FAST Ráðningum í síma 552-1606 eða lind@fastradningar.is

Umsækjendur er vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á www.fastradningar.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember nk.





## Sérfræðingar í ráðningum

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar
www.fastradningar.is

# Opportunities at **Tern Systems**

tern systems

For over 20 years we have been developing Air Traffic Control systems that help safely navigate millions of passengers to their destinations each year.

## PROJECT MANAGER

As a member of our Project Management Office, you will set the strategic direction of projects, develop and execute project plans, and work closely with the development teams to ensure high quality and cost effective project deliverables.

## QUALITY ASSURANCE ENGINEER

As a Quality Assurance Engineer you will develop and execute effective test procedures and work closely with colleagues in development to ensure that our systems meet quality and safety standards.



Submit applications to **jobs@ tern.is** For more information visit **www.tern.is**

# Umsjón fasteigna

**Ert þú rétti aðilinn?**



**Nýsköpunarmiðstöð Íslands leitar að:**

- Handlögnum einstaklingi í framtíðarstarf til að annast viðhald og rekstur fasteigna.
- Starfið felur í sér fjölbreytt verkefni, svo sem umsjón með fasteignum stofnunarinnar, samskipti við verktaka, umsjón með öryggiskerfi og aðgangsstýringum auk þess að halda utan um verklegar framkvæmdir.
- Æskilegt er að viðkomandi þekki til gæðakerfa og öryggismála.
- Áhersla er lögð á fagleg og sjálfstæð vinnubrögð, samskiptahæfni og góða þjónustulund.

**Umsóknarfrestur er til 10. nóvember 2018**
**Umsóknir sendist á starf@nmi.is**

Upplýsingar um starfið veita:

Sigríður Ingvarsdóttir, *si@nmi.is* og
Jón Hreinsson, *jonhr@nmi.is*.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og SFR - stéttarfélag í almannaþjónustu hafa gert.
Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði á grundvelli rannsókna og þróunar.
Upplýsingar um starfsemina er að finna á *www.nmi.is*.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Árleyni 8 - 12, 112 Reykjavík • Sími 522 9000 • www.nmi.is

---

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

## Sinfóníuhljómsveit Íslands óskar eftir að ráða fjármálafulltrúa

**Fjármálafulltrúi** annast samskipti við Fjársýslu ríkisins f.h. SÍ og sér um uppgjör tónleika og gerð rekstraráætlana í samvinnu við framkvæmdastjóra. Hann hefur umsjón með launakeyrslum og tímafærslum, ásamt afgreiðslu reikninga. Fjármálafulltrúi hefur að auki umsjón með eignaskrá og vörslu sérsjóða auk annarra fjölbreytilegra verkefna skv. beiðni yfirmanns hverju sinni.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi marktæka reynslu af sambærilegum störfum og yfirgripsmikla þekkingu á fjárhags- og mannauðskerfinu ORACLE/Orri og öðrum kerfum fjársýslunnar. Framhaldsmenntun í bókhaldi og uppgjöri s.s. próf til viðurkennds bókara er æskilegt. Áhersla er lögð á færni í mannlegum samskiptum, sjálfstæði og fagmennsku í vinnubrögðum, skipulagshæfni og metnað til árangurs í starfi.

**Umsóknarfrestur** er til og með 30. október nk., en starfsbyrjun verður frá og með 1. janúar nk. Starfskjör verða skv. kjarasamningi SFR. **Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ www.stra.is.**

**Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf.** veitir nánari upplýsingar í síma 588 3031, en símaviðtalstími er frá kl. 13-15, alla virka daga meðan á umsóknarferlinu stendur. Vinsamlega sendið starfsferilskrár til **stra@stra.is** ásamt viðeigandi gögnum.

**Sinfóníuhljómsveit Íslands** er ein stærsta menningarstofnun landsins með um 100 manna starfslið. Hljómsveitin hefur aðsetur í tónlistarhúsinu Hörpu og heldur um 100 tónleika og viðburði á hverju starfsári, m.a. áskriftartónleika með heimsþekktum stjórnendum og einleikurum, fjölskyldutónleika og skólatónleika fyrir nemendur á öllum aldri. Gildi Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru: Listrænn metnaður - Liðshygð - Fagmennska - Fjölbreytni. Sjá nánar **www.sinfonia.is**

STRÁ

---










**www.skra.is**
**www.island.is**

# Gæða- og öryggisstjóri / persónuverndarfulltrúi

Við leitum að gæða- og öryggisstjóra sem mun einnig gegna hlutverki persónuverndarfulltrúa á skrifstofu forstjóra hjá Þjóðskrá Íslands. Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt starf.

**Helstu verkefni:**

- Hefur umsjón með uppbyggingu, rekstri og þróun gæða- og öryggiskerfis og ber ábyrgð á að kerfið sé samofið starfsemi stofnunarinnar
- Sér um að viðhalda vottuðu stjórnkerfi upplýsingaöryggis og stýrir innri úttektum
- Stýrir dagskrá öryggismála, fylgir eftir umbótastarfi og skipuleggur vinnuhópa
- Leggur fram tillögur að fræðslu sem tengist gæða- og öryggiskerfinu, annast kynningar eftir því sem við á
- Hefur eftirlit með að starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við persónuverndarlög
- Sinnir innra eftirliti, upplýsir, ráðleggur og kemur á framfæri tillögum á grundvelli persónuverndarlöggjafar og er tengiliður við einstaklinga og Persónuvernd
- Sér um að efla persónuverndarmenningu innan stofnunarinnar

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Þekking á ISO27001 er skilyrði
- Haldgóð þekking á persónuverndarlögum er skilyrði
- Starfsreynsla í upplýsingatækni er kostur
- Gerð er rík krafa um frumkvæði og sjálfstæði
- Góðir skipulagshæfileikar
- Góð samskiptahæfni

*Við kunnum vel að meta frumkvæði, nákvæmni og hraða í vinnubrögðum.*

*Við nýtum aðferðir straumlínustjórnunar til að verða betri í dag en í gær.*

Hlutverk Þjóðskrár Íslands er að greiða götu fólks og fyrirtækja í samfélaginu og gæta upplýsinga um réttindi þeirra og eignir. Við sinnum því með því að safna, varðveita og miðla upplýsingum um fólk, mannvirki og landeignir. Innan starfssviðs Þjóðskrár Íslands er rekstur fasteignaskrár og þjóðskrár, útgefið fasteignamat og brunabótamat, rekstur island.is og umsjón með útgáfu vegabréfa.

Við leggjum ríka áherslu á jákvæð samskipti og góða samvinnu sem er undirstaða góðrar þjónustu. Við teljum eftirsóknarvert að fá til liðs við okkur þá sem vilja starfa í anda gilda okkar um virðingu, sköpunargleði og áreiðanleika.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.
Um er að ræða fullt starf og laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. **Umsóknarfrestur er til og með 29. okt. 2018.**
Umsóknum skulu fylgja starfsferilskrár og kynningarbréf. Umsóknir óskast sendar á netfangið **starfsumsoknir@skra.is**.
Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
**Nánari upplýsingar veitir mannauðsteymi, netfang: starfsumsoknir@skra.is.**

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

**JOB REFERENCE 17/2018**

**Deadline for applications:**
28 October 2018 (midnight CET)
**Start date:** January 2019 or as soon as possible thereafter.

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is an international organisation, independent of the States, which safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 500 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

ESA is based in Brussels. It currently employs 76 staff members of 19 nationalities. ESA is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

# Food Safety Auditor

**Role Description**

ESA is recruiting an officer in the Internal Market Affairs (IMA) Directorate to work as an auditor in the field of food and feed safety, animal health and welfare. The successful candidate will be assigned responsibilities related to the application of the relevant EEA legislation in Iceland and Norway. Depending on workload and other requirements, the responsibilities may also cover case handling relating to the same, or other, areas of EEA Law.

The successful candidate will join the IMA Directorate, which is responsible for monitoring the EEA EFTA States to ensure that they comply with their obligations in the field of internal market law. This position sits within IMA's Food Safety Unit.

We are looking for a well-qualified candidate with at least 5 years' relevant experience from the public and/or private sector. Experience of leading audits in an international context would be advantageous but is not essential.

For full details of this position and to apply, please visit: **https://jobs.eftasurv.int**

# Aðstoðarmaður bakara óskast.

Umsóknir sendist á ***bjornsbakari@bjornsbakari.is***
merkt **BAKARI.**

BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433

**GRINDAVÍKURBÆR**

## Atvinna - Byggingarfulltrúi

Grindavíkurbær auglýsir stöðu byggingarfulltrúa lausa til umsóknar. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í vaxandi bæjarfélagi. Leitað er að öflugum einstaklingi sem sýnir metnað og frumkvæði í starfi. Starfshlutfall er 100%. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til þess að sækja um starfið.

**Helstu verkefni:**
- Byggingareftirlit og umsjón með byggingarmálum bæjarins
- Ráðgjöf er varðar byggingarmál ásamt afgreiðslu á lóða - og leyfisumsóknum
- Umsjón með framkvæmdum sveitarfélagsins
- Framkvæmd úttekta og útgáfa leyfa ásamt staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Veitustjóri vatns- og fráveitu
- Yfirferð og samþykkt reikninga
- Áætlanagerðir
- Önnur verkefni sem viðkomandi er falið af sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs, þá helst verkefni er lúta að byggingarmálum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Tæknimenntun á háskólastigi og löggildingu sem hönnuður skv. 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010
- Þekking á lagnakerfum og lagnateikningum
- Æskilegt er að viðkomandi hafi góða þekkingu og reynslu á sviði byggingarmála
- Góð tölvukunnátta
- Mikil samskipta- og samstarfshæfni ásamt frumkvæði og öguðum vinnubrögðum í starfi

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Ólafsson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, í síma 420 1100 og með tölvupósti til sigurdur@grindavik.is
**Umsóknarfrestur er til og með 22. október nk.** og skulu umsóknir sendar á framangreint netfang eða berast bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62, 240 Grindavík, merkt **„Byggingarfulltrúi – umsókn".** Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

# Skipulagsfulltrúi óskast til starfa.

Laus er til umsóknar staða skipulagsfulltrúa hjá Umhverfis- og tæknisviði uppsveita. Að embættinu standa sveitarfélögin Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur og Ásahreppur. Aðsetur skipulagsfulltrúa er að Dalbraut 12 á Laugarvatni.

Skipulagsfulltrúi starfar með sameiginlegri skipulagsnefnd áðurnefndra sveitarfélaga. Hann hefur umsjón með skipulagsgerð á svæðinu og hefur eftirlit með að framkvæmdir séu í samræmi við skipulag og útgefin leyfi. Skipulagsfulltrúi skal uppfylla kröfur um menntun og starfsreynslu samkvæmt 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

**Starfssvið:**
- Yfirumsjón skipulagsmála í sveitarfélögunum.
- Útgáfa framkvæmdaleyfa.
- Leiðbeiningar til sveitarfélaganna um skipulagsmál.
- Undirbúningur funda skipulagsnefndar, lögformleg afgreiðsla erinda og eftirfylgni mála.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi.
- Umsækjandi skal uppfylla menntunar og hæfniskröfur samkvæmt 7. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.
- Reynsla af starfi tengdu skipulagsmálum er skilyrði.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Metnaður og frumkvæði til að ná árangri í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni í ræðu og riti.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Á starfsvæði embættisins er mikil fjölbreytni, þéttbýli, landbúnaður, sumarhús, dreifbýli og virkjanir. Íbúafjöldi svæðisins er um 3.900. Heildar flatarmál u.þ.b. 11.000 ferkílómetrar. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til 4. nóvember** og eiga umsóknir að berast á netfangið umsokn@gogg.is
Frekari upplýsingar veitir formaður skipulagsnefndar, Björgvin Skafti Bjarnason í síma 895-8432 eða á netfangið oddviti@skeidgnup.is

# Vantar þig aukatekjur?

NUMERUS

Um starfið:

Numerus óskar eftir að ráða spyrla til starfa í tímabundið verkefni. Starfið felst í að hafa samband símleiðis við almenning og bjóða þeim að vera þátttakendur í spurningavagni Numerus. Unnið er að jafnaði tvö kvöld í viku.
Góðir tekjumöguleikar. Hentar vel með námi.

Hæfniskröfur:
- Jákvæðni, samviskusemi, stundvísi, kurteisi og góð færni í mannlegum samskiptum.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- 18 ára aldurstakmark.

VINNUSTAÐAGREININGAR
SPURNINGAVAGNAR
SKOÐANAKANNANIR

Hvað er Numerus?
Numerus var stofnað árið 2018. Við könnum skoðanir fólksins í landinu. Við spyrjum, greinum og kynnum niðurstöður.
Fagmennska og trúverðugleiki eru einkennisorð okkar.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á
Jóhönnu Margrét Sigurðardóttur á netfangið johanna@numerus.is

# Starfsfólk í afgreiðslu óskast

Í boði eru vaktir bæði fyrir og eftir hádegi,
einnig eitthvað um helgar. Framtíðarstarf.
Íslenskukunnátta skilyrði

Áhugasamir sæki um á netfangið
***bjornsbakari@bjornsbakari.is*** merkt **ATVINNA**

BJÖRNSBAKARÍ Sími: 561 1433

Íbúðalánasjóður

## Sérfræðingur óskast til starfa á Húsnæðissviði Íbúðalánasjóðs

Íbúðalánasjóður leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf sérfræðings á Húsnæðissviði til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu sjóðsins á sviði stefnumótunar, framþróunar, rannsókna og greininga á húsnæðismálum, veitingu húsnæðisstuðnings og að tryggja aðgengi að húsnæði fyrir alla.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Aðkoma að verkefnum Húsnæðissviðs, þar á meðal veitingu stofnframlaga og gerð húsnæðisáætlana sveitarfélaga
- Aðkoma að eftirliti með úthlutun stofnframlaga
- Greiningar og samanburður á stefnu annarra landa í húsnæðismálum
- Kynningar og greinarskrif

**Hæfnikröfur**
- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Framhaldsnám er kostur.
- Brennandi áhugi á húsnæðismálum
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði, metnaður, góðir skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum og góðir samskiptahæfileikar skipta miklu máli
- Reynsla af verkefnastjórnun er skilyrði

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi og viðkomandi stéttarfélags.
Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf.
Umsókn óskast fyllt út á vef starfatorgs.

Um fullt starf er að ræða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamnings ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjandi þarf að skila sakavottorði. Hafi umsækjandi verið fundinn sekur um refsiverða háttsemi getur það orðið til þess að viðkomandi telst ekki hæfur til að gegna starfi hjá sjóðnum.

Íbúðalánasjóður hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.
Áhugavert er að sérfræðingarnir stilltu sig nær alveg um að ímynda sér ný og áður óþekkt tæknikerfi sem gjörbylta myndu daglegu lífi fólks. Þótt í myndskreytingum listamannsins Bjarna Jónssonar með greininni mætti sjá fljúgandi diska á sveimi yfir Reykjavík, létu fimmmenningarnir að mestu nægja að spá fyrir um framtíðina á grunni þeirrar tækni sem þekkt var eða innan seilingar.

Íbúaþróun var þeim ofarlega í huga, ekki hvað síst í ljósi þeirrar þróunar í Vestur-Evrópu að fólki færi fækkandi vegna lægri fæðingartíðni. Töldu þeir mikilvægt að koma í veg fyrir að sú yrði raunin hér, til dæmis með því að gera mæðrum ungra barna kleift að vinna hlutastörf eða sinna störfum frá heimili sínu með hjálp tölvutækni. Íslendingar yrðu væntanlega um 300 þúsund árið 2030, þar af ⅔ hlutar á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Greindi sérfræðingana á um hvort mikið meiri fólksfjölgun væri æskileg. Þannig áleit Ágúst Valfells að 330 þúsund væri kjörstærð þjóðarinnar, miðað við að allar auðlindir væru fullnýttar með núverandi tækni. Ef íbúum fjölgaði mikið umfram það hlyti slíkt að bitna á lífskjörum og minnti hann á að ef landsmönnum hefði fjölgað með sama hraða og verið hefði á tuttugustu öld, væru landsmenn 11 milljarðar!

En hvernig yrði umhorfs í Reykjavík árið 2030? Í samræmi við ríkjandi skipulagshugmyndir gerðu álitsgjafarnir allir ráð fyrir að byggðin héldi áfram að þenjast út. „Borgin verður komin upp um öll holt og hæðir, hún verður komin upp að Blikastaðakró og upp allan Korpudal. Bæjarmyndin verður orðin samfelld og borgin samgróin við nágrannasveitarfélögin“, sagði Þórður Þ. Þorbjarnarson. Víglundur Þorsteinsson benti þó á að landrými væri ekki óþrjótandi og því hlyti borgin að þéttast eitthvað og tuttugu til fjórutíu hæða byggingar farnar að sjást í Reykjavík.

## Höggvið á umferðarhnútinn

Þótt umferðarþunginn árið 1986 blikni við hliðina á því sem síðar varð, ollu samgöngumál sérfræðingunum áhyggjum. Þorvaldur S. Þorvaldsson óskaði þess helst að einhverjar tækniframfarir myndu verða í samgöngumálum „… þannig að við finnum leið út úr þessum óskaplegu vandræðum sem við erum í með einkabílinn“.

Ágúst Valfells varpaði því fram hvort neðanjarðarlestir kynnu að vera valkostur fyrir Reykvíkinga og lék sér að hugmyndinni um einhvers konar deilibíla í stað strætisvagna, sem fólk gæti tekið og skilið eftir á ákveðnum stöðum. Þá væri líklegt að bensín yrði sífellt dýrara þegar fram liðu stundir og það eitt gæti leitt til þéttingar byggðar. Sigmundur Guðbjarnason sagðist á hinn bóginn vonast eftir enn dreifðari byggð, með stórum grænum svæðum. Raunar hallaðist hann að því að aukin fjarskiptatækni myndi hafa áhrif á bæjarbraginn á þann hátt að fólk myndi breyta lífsháttum sínum vegna upplýsinga- og tölvutækninnar og í ríkari mæli fá upplýsingar heim til sín.

Ekki verður annað sagt en að háskólarektor hafi reynst sannspár um upplýsingabyltinguna. Það sama verður ekki sagt um vangaveltur þeirra félaganna um ýmis önnur áhrif tæknibreytinga. Fiskvinnsluna sáu þeir fyrir sér í höndum vélmenna, þar sem hlutverk mannsins yrði einkum að hafa eftirlit með tækjunum. Iðnaðurinn myndi byggjast á orkunýtingu en væntanlega verða miklu sjálfvirkari og vinnuvikan gæti farið niður í fimmtán stundir.

Þrátt fyrir tölvutækni myndi fólk almennt halda áfram að sækja störf sín á skrifstofur og vinnustaði til þess að hitta annað fólk, þótt vel mætti sjá fyrir sér að yfirmenn verðu heilu dögunum heima við í tölvunni, en kæmu svo endurnærðir á vinnustað. Tölvur myndu á hinn bóginn flytja drjúgan hluta af fræðsluhlutverki skólans inn á heimilið. Skólamaðurinn Sigmundur ræddi sérstaklega um möguleikann á fjarkennslu, en bætti því þó við að hefðbundin samskipti nemenda og kennara héldu áfram að standa fyrir sínu.

Sérfræðingarnir sáu allir fyrir sér grænni borg, með auknum trjágróðri. Sá gróður þyrfti ekki einungis að vera utandyra, þannig gætu léttari og ódýrari byggingarefni gert það að verkum að hrinda mætti í framkvæmd gömlum hugmyndum um gróður- og veðursælar hvelfingar og koma þannig stórum hlutum borgarinnar undir þak.

Ekki tóku álitsgjafarnir neina afstöðu til þess hvort sveitarfélögum kynni að fækka á höfuðborgarsvæðinu, en þeim þótti einsýnt að íbúum suðvesturhornsins héldi áfram að fjölga á kostnað landsbyggðarinnar. Þó væri ekki ólíklegt að úti á landi yrðu til færri en stöndugri bæir sem verið gætu mótvægi við mölina. Einkum mætti sjá fyrir sér að Akureyri styrktist ef takast mætti að koma upp heilsársvegi yfir Sprengisand eða Kjöl.

En ein er sú spurning sem ætíð hlýtur að koma upp í umræðum um skipulagsmál Reykjavíkur, hvort sem árið er 1986 eða 2018: hvað með flugvöllinn? Þar voru skoðanir skiptar. Víglundur Þorsteinsson taldi skynsamlegt að efla Reykjavíkurflugvöll og hefja á ný millilandaflug um hann, sem gæti sparað mikið fé og tíma. Svar Sigmundar Guðbjarnasonar var öllu styttra: „Ég held að verði búið að leggja Reykjavíkurflugvöll niður árið 2030.“







Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA
12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur
á frábæru verði
Hjólatjakkur
2T m/tösku
3.795
Öflugar
háþrýstidælur
165Bör
1800W
19.999
Háþrýstidæla
1650W
9.999
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af
verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur
á hjólum
79.995
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostþolið
24.995
Ruslapokar
10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Skóflur
frá 995
Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC
1200W
19.995
Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)
16.995
Metabo
KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

KJARNAFÆÐI

**ÍSLENSKT**
Lambakjöt

Af nýslátruðu
**2018**




**2.098**
kr. kg

**Kjarnafæði Lambahryggur**
Lundarpartur, af nýslátruðu




**1.998**
kr. kg

**Kjarnafæði Lambahryggur**
Heill, af nýslátruðu




**1.259**
kr. kg

**Íslandslamb Lambalæri**
Sérskorið, af nýslátruðu

Fullmeyrnað
**ÍSLENSKT**
Ungnautakjöt






TILBÚIÐ TIL SOUS VIDE ELDUNAR
SOUS VIDE

**4.598**
kr. kg

**ÍN Ungnauta Ribeye**
Ferskt og fullmeyrnað




**4.598**
kr. kg

**ÍN Ungnauta Fillet**
Ferskt og fullmeyrnað

Lúxus
**PÖRUSTEIK**



**1.298**
kr. kg

**Stjörnugrís Pörusteik**
Úrbeinuð, af nýslátruðu




**679**
kr. kg

**Stjörnugrís Grísabógur**
Ferskur




**498**
kr. 550 g

**Gríms Fiskibollur**
550 g

Verð gildir til og með **14. október** eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÍSLENSKT
gjörið svo vel

## Haframjöl og tröllahafrar

Sunnlensk gæðavara unnin úr bragðmiklum og hægsprottnum höfrum af ökrum í Meðallandi sem hafa aldrei verið úðaðir með eiturefnum.

Hágæða
ÍSLENSK
Repjuolía




**579** kr. 500 ml

**Sandhóll Repjuolía**
Extra Virgin olía, 500 ml

NÝTT Í BÓNUS




**479** kr. 1 kg

**Sandhóll Haframjöl**
1 kg

NÝTT Í BÓNUS




**479** kr. 1 kg

**Sandhóll Tröllahafrar**
1 kg



SAMA VERÐ
UM LAND ALLT




330g

**598** kr. 330 g

**OS Brauðostur**
26%, í sneiðum, 330 g




**359** kr. 125 g

**Lambhaga Bónusblanda**
125 g




**359** kr. 500 g

**Leynir Gulrætur**
Ný uppskera, 500 g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00



†

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðný Margrét Árnadóttir**
Rauðalæk 19, Reykjavík,

lést föstudaginn 28. september
á Landspítalanum í Fossvogi.
Útför verður frá Háteigskirkju
föstudaginn 19. október kl. 13.00.

**Þorgrímur Jónsson**
**Bára Þorgerður Þorgrímsdóttir** **Ólafur Jónsson**
**Sigurður Trausti Þorgrímsson** **Zhanna Þorgrímsdóttir**
**Jón Þór Þorgrímsson** **Aldís Yngvadóttir**
**Herdís Þorgrímsdóttir** **Kristinn G. Hjaltalín**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskuleg móðir mín,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Benedikta Jónsdóttir**
frá Hellissandi,
Faxabraut 32c, Keflavík,

lést á Hrafnistu, Hlévangi, laugardaginn
6. október. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju
fimmtudaginn 18. október kl. 13.00.

**Sólveig Anna Einarsdóttir** **Björn Rúnar Albertsson**
**Björn Björnsson**
**Sveindís Árnadóttir**
**Einar Árni Jóhannsson**
**Ingvi Steinn Jóhannsson**
**Þóra Björg Jóhannsdóttir**
**barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441




*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag?
Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.útför.is.
Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur
í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð
erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
**timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 512 5407.

# Með kindur í bakgarðinum

**Frístundabændur í borginni fagna níutíu ára afmæli Fjáreigendafélags Reykjavíkur í kvöld með góðri veislu, gamanmálum og dansi. Árni Ingason er formaður félagsins.**

Þegar félagið var stofnað fyrir um það bil 90 árum voru fjárbændur úti um alla borg. Fólk var með sjálfsþurftarbúskap og átti kindur í bakgarðinum," segir Árni Ingason, formaður Fjáreigendafélags Reykjavíkur. Það er félagsskapur þeirra sem stunda búskap í frítíma sínum í Reykjavík og haldið verður upp á níutíu ára afmæli hans með heilmiklu hófi í kvöld í sal Garðyrkjufélagsins.

Sauðfjárbændurnir í borginni hafa langflestir aðstöðu í svokallaðri Fjárborg sem tilheyrir Hólmsheiði. En þannig hefur það ekki alltaf verið eins og Árni lýsir: „Gamla Fjárborg var þar sem Tengi við Smiðjuveg er núna og þá var réttin þar sem Staldrið er (nú hinum megin við Reykjanesbrautina) en féð gekk meðal annars í Breiðholtinu. Svo hófst uppbygging þar og um 1970 var gert samkomulag við þáverandi borgarstjóra, Geir Hallgrímsson, um land og uppbyggingu fjárhúsa á Hólmsheiði, þar sem við erum núna. Svo eftir tvö ár verður nýja Fjárborgin 50 ára. Þar hefur byggst upp hverfi, upphaflega mátti bara vera fé þar en svo fékkst heimild til að hafa þar smalahesta. Þá komust hestar inn í Fjárborgina og þeir eru orðnir margir í dag."

*En hversu margt fé eiga Reykvíkingar?*

„Það eru um 150 vetrarfóðraðar kindur í Fjárborg, í 10 eða 11 húsum, og þær eru í eigu margra, því oft eru fleiri en einn eigandi á bak við hvert hús. Menn sameinast um þennan búskap. Fólk er með fimm ær og upp í 25. Fénu er alltaf að fækka enda borgar sig fyrir okkur sem þurfum að kaupa öll aðföng að fara út í búð og kaupa okkur kjöt. En þetta er fyrir gamanið gert."

Afrétturinn er á Sandskeiði, norðan Suðurlandsvegar, að sögn Árna, og fjáreigninni tilheyra töluverðar smalamennskur, eins og vænta má, meðal annars um Hengilssvæðið. „En það er alltaf vel mannað í leitum, jafnvel um 40 manns sem mæta í þær og nánast smalað öxl við öxl í seinni tíð," segir hann.

Árni segir á annað hundrað manns í félaginu. Þar af bara einn sem er einungis með kindur, aðrir bæði með hesta og kindur en meirihluti félagsmanna er eingöngu hestamenn. „Þátttaka í félaginu er skilyrði fyrir því að fá hús í Fjárborg," útskýrir hann. „Fjáreigendafélagið virkar þannig líka sem húsfélag. Svo er einn félagsmaður með fé utan Fjárborgar. Það er Ólafur Dýrmundsson, fyrrverandi ráðunautur Bændasamtakanna, sem hýsir sínar kindur uppi í Jóruseli í Breiðholti." Innan félagsins eru margir sérstakir karakterar, að sögn Árna. „Margir þessir eldri eru uppaldir í sveit og vanir skepnuhaldi. Svo hefur orðið nýliðun, það hefur komið inn ungt fólk sem finnst gaman að vera með kindur og það er vel."



Árni Ingason segir marga sérstaka karaktera innan Fjáreigendafélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það er alltaf vel mannað í leitum, jafnvel um 40 manns sem mæta í þær og nánast smalað öxl við öxl í seinni tíð.**

*Hvernig verður þetta hóf hjá ykkur í kvöld?*

„Bara hefðbundið. Við ætlum að hittast og borða góðan mat, Ari Eldjárn ætlar að skemmta okkur og svo kemur hljómsveit að spila fyrir dansi."

**gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 13. OKTÓBER 1997

## Fóstbræður flugu af stað

Fyrsti grínþáttur Fóstbræðra fór í loftið þennan mánaðardag árið 1997. Upphaflegir meðlimir þess gríngengis voru Jón Gnarr, Sigurjón Kjartansson, Helga Braga Jónsdóttir, Hilmir Snær Guðnason og Benedikt Erlingsson. Hilmir Snær var aðeins með í einni seríu en þá kom Þorsteinn Guðmundsson í hans stað. Í þriðju seríu bættist Gunnar Jónsson í hópinn.

Fóstbræður slógu strax í gegn og eru reglulega endursýndir, auk þess sem búið er að horfa á mörg atriði úr þáttunum mörg þúsund sinnum á YouTube. Margir ódauðlegir karakterar urðu til í þáttunum, til dæmis Júlli, Gyða Sól og Helgi, persónulegi trúbadorinn.

Þeir hirfsuðu líka til sín verðlaun. Þátturinn var valinn besta leikið sjónvarpsefni ársins 1999 á Edduverðlaunahátíðinni og ári síðar var hann valinn skemmtiþáttur ársins. Þá hlaut Jón Gnarr verðlaun sem leikari ársins í aðalhlutverki fyrir frammistöðu sína í þáttunum árið 2001 og það ár var Ragnar Bragason tilnefndur sem leikstjóri ársins fyrir Fóstbræður.



# Gústi guðsmaður á stall

**Stytta af Gústa guðsmanni verður afhjúpuð á Ráðhústorginu á Siglufirði í dag af Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra. Séra Vigfús Þór Árnason fer þar líka með gott orð.**

Það er bara eins og Gústi sé kominn. Hann stóð þarna á torginu í yfir 40 ár, predikaði og söng og gaf öllum miða með ritningarorðum," segir séra Vigfús Þór Árnason um styttu þá sem búið er að koma fyrir á Ráðhústorginu á Siglufirði og afhjúpuð verður klukkan 14 í dag og vígð.

Ágúst Gíslason hét hann, fæddist 1897 og dó 1985. „Móðir hans dó þegar hann var ungur en amma hans tók hann að sér og ól hann upp í góðum siðum, lét hann til dæmis lesa einn passíusálm á dag á föstunni, þannig sköpuðust trúarstefin," segir séra Vigfús og heldur áfram. „Svo hitti Gústi guð sinn á Akureyri og gerði samning, keypti bátinn Sigurvin, reri á honum í 40 ár og varði öllu sem hann þénaði til kristniboðs og góðverka. Studdi til dæmis 50 indíánabörn í Bólivíu frá því þau voru kornung, þegar hann dó höfðu mörg þeirra lokið stúdentsprófi."

Styttan er steypt í brons af Ragnhildi Stefánsdóttur. Auk Vigfúsar stóðu þeir Kristján L. Möller, fyrrverandi ráðherra, og Hermann Jónasson framkvæmdastjóri fyrir gerð minnisvarðans. „Við eigum góða vildarvini," segir séra Vigfús. „Í fjölmennri Siglufjarðarmessu í Grafarvogskirkju fyrir nokkrum árum var hugmyndinni hreyft og allir stóðu upp og klöppuðu. Maður fann strax mikinn byr."

Hann nefnir meðal annars Birki Baldvinsson og Pál Samúelsson sem hafi styrkt framtakið. „Þeir eru báðir Siglfirðingar sem misstu mæður sínar, þá voru ekki félagslegar stofnanir eins og núna, fólk stóð bara á klakanum kalda, þeir eru að þakka Siglfirðingum gamlar velgjörðir við sig."

Séra Vigfús rifjar upp þegar Gústi guðsmaður týndist á sjónum, einu sinni sem oftar. „Allur siglfirski flotinn fór að leita og ég með, hann hafði verið týndur í þrjá daga. Við fundum hann utan við Siglunesið þar sem öldurnar voru eins og fimm hæða blokkir og hann hvarf ofan í dalina en skaust upp aftur. Þegar hann sá okkur stóð hann upp og söng Hærra minn Guð til þín, sama lag og sungið var um borð í Titanic. Hann vildi ekki hjálp. Nokkru síðar lygndi og þá kom hann í land og sagði: Guð sér um sína."

gun@frettabladid.is



**Styttan af Gústa guðsmanni að lesa upp úr Nýja testamentinu.** MYND/KRISTJÁN MÖLLER



**Séra Vigfús Þór Árnason.** FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

---



Ástkær faðir minn,
**Jón Þórarinn Bárðarson**
frá Vík í Mýrdal,
Engihjalla 3, Kópavogi,
lést á Landspítalanum þann 2. október síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju, fimmtudaginn 18. október kl. 13.00.

**Bárður Jónsson**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
**Ásbjörn Vigfússon**
lést 15. september 2018. Útför fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Guðrún Ólafsdóttir**
**Guðbjörg Ásbjörnsdóttir**
**Guðlaugur Ásbjörnsson** **Anita Hannesdóttir**
**Ásdís Ásbjörnsdóttir**
**Dagbjört Ásbjörnsdóttir** **Vytautas Narbutas**
**börn og barnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Halldóra Guðmundsdóttir**
frá Raufarhöfn,
Lyngholti 6, Akureyri,
sem lést á dvalarheimilinu Hlíð sunnudaginn 30. september, verður jarðsungin frá Glerárkirkju þriðjudaginn 16. október kl. 13.30.

**Guðmundur Bárðarson** **Steingerður Steinarsdóttir**
**Jóhanna Bárðardóttir** **Guðni Þóroddsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Benedikt Hans Alfonsson**
skólastjóri Siglingaskólans,
Vatnsholti 8, Reykjavík,
lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Grund, 29. september. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, 15. október kl. 13.00.

**Katrín Jónsdóttir**
**Guðleif Hlíf Benediktsdóttir** **Jan Lönnqvist**
**Jón Atli Benediktsson** **Stefanía Óskarsdóttir**
**Kristín Benediktsdóttir** **Jón Pétur Friðriksson**
**Anna Þóra Benediktsdóttir**
**Helgi Benediktsson** **María S. Norðdahl**
**Kjartan Benediktsson** **Lísa Anne Libungan**
**og barnabörn.**

---



Elskuleg systir okkar,
**Guðríður Jónsdóttir**
(Dódó)
andaðist 10. október.
Útförin fer fram frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 17. október kl. 15.

**Sveinn Jónsson**
**Gunnar Jónsson**

---



Ástkær sonur okkar, bróðir og mágur,
**Snorri Jónsson**
viðskiptafræðingur,
varð bráðkvaddur 11. október á heimili sínu. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 19. október kl. 11.00.

**Jón Snorri Snorrason** **Sigríður Knútsdóttir**
**Tryggvi Jónsson** **Rúna Thors**
**Hildur Jónsdóttir** **Alfredo Ferrise**

---



Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,
**Vals Aðalsteins Jóhannessonar**
Skeiðarvogi 141,
Reykjavík.

**Sigrún Pétursdóttir**
**Emma Ingibjörg Valsdóttir** **Valtýr Björn Thors**
**Þóra Valsdóttir** **Ronald P. F. Janssen**
**Pétur Valsson** **Björn Erlingur Flóki Björnsson**
**og Pétur Valur, Tomas og Daníel**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,
**Braga Þorsteinssonar**
bónda, Vatnsleysu, Biskupstungum.

**Halla Bjarnadóttir**
**Ingunn Birna Bragadóttir**
**Ragnheiður Bragadóttir** **Eymundur Sigurðsson**
**Kristrún Bragadóttir** **Björn Davíð Þorsteinsson**
**og barnabörn.**

---



Hjartans þakkir fyrir hlýhug og vináttu vegna andláts eiginmanns míns, ástvinar, föður, tengdaföður, afa og langafa,
**Lúðvígs A. Halldórssonar**
fv. skólastjóra í Stykkishólmi.

**Guðrún R. Kristjánsdóttir** **Guðrún I. Árnadóttir**
**Grétar F. Jakobsson** **Guðrún H. Hjálmarsdóttir**
**Lára Lúðvígsdóttir** **Sigurður G. Guðjónsson**
**Halldór Lúðvígsson** **Margrét Þ. Sigurðardóttir**
**María R. Lúðvígsdóttir** **Björgvin G. Sigurðsson**
**afa- og langafabörn.**

---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar,
**Elínbjargar Kristjánsdóttur**
(Ellu),
Boðahlein 22, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við nágrönnum við Boðahlein og samstarfsfólki Ellu í tómstundastarfi Hrafnistu. Einnig viljum við koma á framfæri þökkum til sr. Guðna M. Harðarsonar, Útfararstofu kirkjugarðanna, tónlistarmanna og allra annarra sem tóku þátt í að gleðja okkur á kveðjustund Ellu.

**Pétur, Sigrún, Trausti, Einar, Sigurður, Bragi, Ester, Ágústa, Davíð og Kári Unnsteinsbörn og Elínbjargar**

---



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,
**Þóru Lilju Bjarnadóttur**
Sólvangsvegi 1,
Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjartadeildar LSH, 14 EG fyrir góða umönnun.

**Bjarni Valdimarsson** **Guðfinna Karlsdóttir**
**Eygló Valdimarsdóttir** **Guðjón Þorvaldsson**
**Halldóra Valdimarsdóttir** **Valur Svavarsson**
**og ömmubörnin.**

---



Elsku hjartans sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,
**Kristján Ketilsson**
lést á heimili sínu, sambýlinu Hlein í Mosfellsbæ, í faðmi fjölskyldunnar miðvikudaginn 3. október.
Útför fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 15. október kl. 13.00.

**Auður Ásta Sigríður Jónasdóttir**
**Bára A. Ketilsdóttir** **Örn Gunnarsson**
**Írunn Ketilsdóttir** **Tómas Sigurðsson**
**Steinunn Ketilsdóttir** **Snorri Þórisson**
**Jónas Ketilsson** **Sigríður M. Óskarsdóttir**
**frændsystkin og fjölskyldur.**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**TRÖLLAKIRKJA**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| F | Ö | L | S | K | V | A | L | A | U | S | U | M | | Í | | F | | H | |
| R | | J | | E | | U | | R | | Æ | | Ú | T | G | A | R | Ð | U | R |
| Á | R | Á | T | T | U | K | E | N | N | D | I | R | | R | | A | | G | |
| M | | B | | I | | A | | A | | Ý | | S | | U | | M | | B | |
| U | | E | | L | | V | | R | | R | É | T | T | N | E | F | N | I | Ð |
| N | O | R | Ð | H | V | A | L | I | N | A | | E | | D | | A | | T | |
| A | | A | | Ú | | Ð | | N | | N | | I | | A | T | R | E | I | Ð |
| L | A | N | D | S | L | I | Ð | S | | N | | N | | Ð | | I | | N | |
| E | | D | | U | | N | | | B | A | K | A | R | A | D | R | E | N | G |
| G | E | I | R | M | U | N | D | A | R | | A | | E | | R | | Y | | I |
| | I | | Á | | N | | A | | Ú | L | F | A | F | L | O | K | K | U | M |
| U | M | S | N | Ú | N | I | N | G | A | | T | | A | | P | | O | | B |
| | S | | F | | V | | S | | R | | E | N | G | J | A | R | N | A | R |
| S | K | A | U | T | A | S | V | E | L | L | I | | I | | T | | A | | U |
| | I | | G | | R | | Æ | | A | | N | Á | L | B | E | I | N | U | M |
| S | P | I | L | A | P | E | N | I | N | G | A | | D | | L | | | N | |
| E | | G | | S | | S | A | N | D | A | R | A | R | | J | | | D | |
| S | E | L | S | K | A | P | | N | | N | | | U | T | A | N | V | I | Ð |
| A | | U | | A | | A | L | B | O | G | I | N | N | | R | | | N | |
| M | Ú | R | A | R | A | R | | Ú | | A | | | A | Ð | A | L | Ö | N | D |

**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist hugmynd að samgöngubótum. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 18. október næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „12. október".




FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Kapítóla** eftir **E.D.E.N. Southworth** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Jón Guðmundsson, 107 Reykjavík**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Hermi eftir Hrafnhildi Hagalín (9)
**11** Kem með ísinn og frauðið er klárast ýsan og brauðið (12)
**12** Brýt tíu dropa með bitlingum (9)
**13** Syndi með asísku verðlaunakörfunum (12)
**14** Ég tel hár í eyrum til mikillar prýði (9)
**15** Tel svona deilur þó trufla dugmikið fólk (8)
**16** Fínar hirslur geyma óbeint herbergisdúó (11)
**19** Fullkomið ríkidæmi, já, en gjörsnauður hugur (7)
**21** Leita afstæðrar en finn svið fyrir aðrar (8)
**26** Kjaftakæpa leitar remmujurta (7)
**30** Þessa andskota þyrstir í langvinnar deilur (9)
**31** Snýeinfaldlega upp á þau kið sem þið grenjið út (6)
**32** Þótt óður sé vil ég helst ekki ribbur (7)
**33** Rauð skemmta sér við sprikl ef það er hægt (5)
**34** Leysið fólk mitt úr ánauð og tryggið því ákveðið umburðarlyndi í ástum (10)
**35** Vil rækta munablóm bola (7)
36 Elskaðir þegar runni fór úr skorðum (5)
**37** Inn við vel væðar ár sem koma málinu ekkert við (10)
**41** Man þegar þetta var vinsælasta ameríska sápan (2)
**44** Hitti þar ókátan mann og illa heyrandi (6)
**45** Rán ránfuglanna (10)
**48** Dvaldir við ver sem laut þínu boðvaldi (9)
**49** Sú móða flúði fjandann (5)
**50** Tré geyma málmhaf (5)
**51** Aðeins aumur sauður sýnir slíka mildi (7)
**52** Bræðum klaka frá jöklum (6)
**53** Nái Ægir því sem þú limlestir er lausnin komin (7)

### LÓÐRÉTT

**1** Útbjuggum arm úr runnum (9)
**2** Hin grimmu og óvelkomnu strá (9)
**3** Gerir boðum refsingu fyrir ásökun (9)
**4** Kæna huldukonu setur gáru þótt ekki hreyfi vind (10)
**5** Mjúk er terta úr mjúku mauki (8)
**6** Leiðsla upp í koll er gagnslaus hjálækning (8)
**7** Þessi hola er sköpuð til að vera klúr (8)
**8** Svik meistara maskínanna (9)
**9** Þrælpældu og eimuðu áræði að austan (9)
**10** Mein er hingað komið að hrella fólk sem hryggt er fyrir (9)
**17** Ríkisbubbi efnaðist á álnavöru (9)
**18** Mun fé Þórs og Óðins bæta tjón óþokkanna? (10)
**20** Allt um erindin og það sem sagt var í kjölfar þeirra (10)
**22** Kollvarpaði öllu og kyndir enn undir hlýnun Jarðar (12)
**23** Fjölga hittingum með einum enn (9)
**24** Opnuðum lausnir með stilltum borgurum (9)
**25** Sitjandi vísar svo á botnlangan (9)
**27** Hvort eru þeir frambjóðendur eða málarar? (9)
**28** Fjarlægi úrelt goð (6)
**29** Saga af bók og annarri eins (6)
**38** Grasið og ruglað nöldrið um það (6)
**39** Óð sem draugur en alltaf í ræktinni (6)
**40** Þetta flan frjóanga kemst í sögubækur (6)
**42** Hopaði jökull er íslensk rannsóknamiðstöð reis? (6)
**43** Þefum af nefjum kletta (6)
**45** Bæli allt frá hæl að tá ef ég rekst á hindrun (5)
**46** Ráða jaka til að taka á skæðum sóttum (5)
**47** Kemst í allt sem kjánar forðast (5)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 4 | | 2 | | | | |
| | 2 | | | | 4 | | 9 | 5 |
| 3 | 5 | | | | | 6 | | |
| | | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 8 | 4 | 9 | | | 2 | | | |
| 7 | | | | 5 | | 2 | | |
| | | 5 | 7 | 4 | | | 2 | |
| | | | | | | 4 | 1 | |
| | 9 | 6 | | 1 | | 7 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 3 | | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | | 3 | | | | 5 | | 1 |
| | | | 6 | | | 2 | | |
| 6 | | 4 | | | | | 3 | |
| | | | | | | | | 8 |
| | | | 4 | | | 7 | | 2 |
| 3 | | 8 | 5 | 4 | | | | |
| 5 | | | 7 | | 3 | | 9 | |
| 7 | | | | 9 | 2 | | | 4 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | | | | | | 2 | 4 |
| 4 | | | | | 2 | | | |
| | 5 | 9 | 3 | | | | | |
| 9 | | | | 3 | 7 | | | 8 |
| | | | | | | | | |
| | 1 | 4 | | 2 | 9 | | 3 | |
| 8 | | | 9 | 6 | | | | 5 |
| | | | 1 | | | 3 | | |
| | | 5 | | 8 | | | 1 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 7 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 |
| 6 | 8 | 4 | 7 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 5 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 |
| 7 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 1 | 8 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 1 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 3 | 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 6 | 2 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 4 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 2 | 5 | 6 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 2 | 1 | 4 | 6 | 3 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 4 | 2 |
| 4 | 9 | 5 | 7 | 3 | 2 | 6 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 7 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 1 | 5 | 2 | 8 | 6 | 4 | 3 | 9 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 | 8 |
| 9 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 6 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 |

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Tómas Veigar Sigurðarson (1.946) virðist vera að tapa drottningu gegn Sigurði Arnarsyni (2.033).

**28. b4! Dxb4 29. Rcd5 Da3?** (29...Hxc6 30. Rxb4 Hxd6 er teflanlegt) **30. Re7+ Kf7 31. Rxc8 Hxc8 32. d7!** og hvítur vann skömmu síðar.

**www.skak.is:** Allt um Íslandsmót ungmenna.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## BRJÓTA VARNARREGLU

Spilarar eru yfirleitt með þá „reglu" að þegar spilað er út gegn grandi og spilafélagi útspilarans á 3 spil eftir, þá spilar hann lægsta spilinu af 3 til baka, en hærra ef 2 eru eftir. Þessi regla er ágæt en þarf að brjóta af og til þegar nauðsyn er. Þetta spil er ágætt dæmi um það. Það kom fyrir í úrslitaleik sveita Zimmermans og Lavazza í Orlandó í lok september (Rosenblum). Á báðum borðum í leiknum enduðu sagnir í 3 gröndum í AV. Vestur var sagnhafi í bæði skiptin og útspil norðurs (Dennis Bilde úr sveit Lavazza og Franck Multon úr sveit Zimmermans) var laufafjarki. Austur var gjafari og AV á hættu:

**Norður**
♠ Á106
♥ 6542
♦ K10
♣ ÁG94

**Vestur**
♠ G8
♥ ÁG109
♦ 984
♣ D632

**Austur**
♠ KD53
♥ KD
♦ ÁDG763
♣ 8

**Suður**
♠ 9742
♥ 873
♦ 52
♣ K1075

Í bæði skiptin fékk suður fyrsta slaginn á kóng. Zimmerman var í sæti suðurs og hann fylgdi reglunni og spilaði lægsta spilinu af 3 til baka, laufafimmu. Sagnhafi (Madala) dúkkaði það einfaldlega og norður neyddist til að taka þann slag og sagnhafi henti spaða. Spaðaásinn var tekinn af vörninni og Madala henti kóngnum undir til að búa til auka innkomu fyrir tígulsvíningu og vörnin spilaði út á hjarta. Madala fékk rólega 10 slagi með tígulsvíningunni og skráði 630 í dálk sinn. Á hinu borðinu var Duboin vakandi fyrir þessari hættu í suður og braut regluna og spilaði laufatíu til baka. Sagnhafi (Klukowski í sveit Zimmermans) átti engan möguleika og missti 5 slagi (4 á lauf og spaðaás) og tapaði 12 impum á þessu spili. Dennis Bilde, sem var í norður, var fljótur að þakka Duboin fyrir að brjóta regluna – sem var nauðsynlegt í þessu spili.

# KRÓNAN

## Vietnam kjúklingur



Svarið við erfiðustu spurningu dagsins?

KORTER Í 4



Hrísgrjón í suðupokum
**219** kr. pk.

Vietnamese Lemongrass chicken
**599** kr. pk.



Krónu Kjúklingafile
**2299** kr. kg



Laukur
**99** kr. kg

Rauð paprika
**399** kr. kg

Matur fyrir fjóra = 2.880 kr.*

**720** kr. á mann

*Miðað við 800 g af kjúkling, 1 papriku og 1 lauk

**Einfaldir asískir réttir**
Pakkinn inniheldur marineringu, krydd og sósu fyrir kjöt, fisk eða grænmetisrétti



Nýtt!

Afgreiðslutímar á www.kronan.is | Uppskriftir á kronan.is/korteri4 | Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 322

„Er þetta ekki talnavölundarhúsið þar sem við eigum að byrja á bláu tölunni neðst og með því að fylgja bara sléttum tölum lárétt og lóðrétt en ekki á ská, finna leið upp á topp teningsins, bláu tölunnar sex?“ spurði Kata. „Jú,“ sagði Lísaloppa. „Við eigum að fylgja sléttu tölunum 2, 4, 6, og 8.“ „Mig minnti það,“ sagði Kata. „Mér gekk nú ekkert of vel síðast þegar við glímdum við svona þraut en nú skal það ganga betur,“ sagði hún ákveðin og keppnisskapið leyndi sér ekki.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 2 | 5 | 3 | 7 | 8 | 6 | 2 | 5 | 7 | 9 |
| 2 | 5 | 2 | 4 | 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 8 | 3 | 2 |
| 6 | 8 | 5 | 6 | 4 | 2 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 6 |
| 5 | 4 | 8 | 1 | 7 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 2 | 5 | 2 | 2 | 6 | 5 | 2 | 3 | 6 | 3 | 5 | 6 |
| 3 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 2 | 6 | 4 | 2 | 8 | 4 |
| 4 | 6 | 4 | 2 | 5 | 2 | 9 | 1 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 7 | 6 | 7 | 3 | 1 | 3 | 7 | 3 | 2 | 8 | 7 | 8 |
| 5 | 8 | 9 | 4 | 8 | 4 | 2 | 5 | 4 | 3 | 9 | 2 |
| 6 | 8 | 5 | 2 | 1 | 3 | 6 | 8 | 6 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 3 | 2 | 8 | 2 | 7 | 2 |
| 2 | 6 | 4 | 7 | 8 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 | 5 | 6 |

Getur þú fundið leiðina í gegnum talnateninginn?



## Listaverkið

**Emil Daði Baldursson** átta ára gaf okkur þessa sjálfsmynd sína.





Embla Karen fær stundum að baka og finnst það gaman. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Langar að verða lögga

## það er eitthvað svo spennandi

**Embla Karen Garpsdóttir** hefur áhuga á ballett og táskóm og svo finnst henni líka gaman að lesa bækur eftir David Walliams. Embla Karen er tíu ára gömul.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Í Hörðuvallaskóla í Kórahverfinu í Kópavogi og ég er í fimmta bekk.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að læra í skólanum?** Mér finnst skemmtilegast í ensku og stærðfræði.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Hamborgari og pabbanúðlur eru best.

**Kanntu að baka?** Já, en bara með uppskrift. Mér finnst allar kökur góðar.

**Áttu þér einhver sérstök áhugamál?** Ballett og táskór og enska og stærðfræði eru helstu áhugamálin mín.

**BALLETT OG TÁSKÓR OG ENSKA OG STÆRÐFRÆÐI ERU HELSTU ÁHUGAMÁLIN MÍN.**

**Áttu þér uppáhaldsbók?** Nei, ég á enga uppáhaldsbók en ég á uppáhaldsrithöfund, David Walliams. Uppáhaldsbókin mín eftir hann heitir Vonda frænkan.

**Hvað langar þig að verða þegar þú ert orðin stór?** Lögga. Það er eitthvað svo spennandi.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera með vinum þínum?** Mér finnst skemmtilegast að vera úti að leika eða fara í bíó eða keilu.










AMERICAN TOURISTER

**Modern Dream ferðatöskur**
Bleikar.

| Stærð | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 78 sm | 21.990 | **17.592** |
| 69 sm | 19.990 | **15.992** |
| 55 sm | 17.990 | **14.392** |

Samsonite

**Lite DLX ferðatöskur**
Dökkbláar.

| Stærð | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 79 sm | 54.990 | **43.992** |
| 67 sm | 49.990 | **39.992** |
| 55 sm | 43.990 | **35.192** |

Samsonite

**Base Boost ferðatöskur**
Svartar.

| Stærð | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 78 sm | 23.990 | **19.192** |
| 66 sm | 21.990 | **17.592** |
| 55 sm | 17.990 | **14.392** |

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

HÚSASMIÐJAN | blómaval



Erikur **3 stk.**

# 999 kr

Erikur/Callunur, margar gerðir, þú velur lit og tegund.
Blómapottar seldir sér

*Haust veisla*



**30% afsláttur**
af ÖLLUM NEO topplyklasettum

**36% afsláttur**

NEO

# 8.995 kr

~~13.995~~ kr
**Topplyklasett 58 stk.**
NEO, 58 stk., 1/2", toppar 10-32 mm.
5052513



**30% afsláttur**

BLACK+DECKER

# 17.798 kr

~~25.425~~ kr
**Borvél 18V**
Hersla 40Nm, 2 rafhlöður.
5245563



## Haustlaukar
# 25% afsláttur
Eitt mesta úrval landsins af haustlaukum



## Pottaplöntur
# 20% afsláttur
Glæsilegt úrval í verslunum Blómavals



Liljur **3 stk.**

# 1.490 kr



## Allt parket
# 25% afsláttur

# OUTLET
## ÚTSÖLUMARKAÐUR Í GRAFARHOLTI
Virka daga kl. 13-18 | Laugardaga kl. 10-15

100 kr | 300 kr | 500 kr | 700 kr | 1.000 kr | 1.500 kr | 3.000 kr | 5.000 kr | 7.000 kr | 10.000 kr

**Byggjum á betra verði**







Electrolux

**53.990 kr**

**Þvottavél** Fw30I7120
Orkunýting: A+++, þvottahæfni: A, vindhæfni: B, þvottamagn: 7 kg, 1200 snúninga, Time Manager, LCD upplýsingaskjár, hljóðstyrkur 58 dB, hljóðstyrkur við vindu 79 dB.
1805690

**25% afsláttur**



GROHE

**10.870 kr**

~~14.495 kr~~

**Handlaugartæki**
Grohe start.
7910800



**2.995 kr**

**Höggborvél**
Power Plus, 600W.
5245229

Sjáðu verðið!

**20% afsláttur**



Nilfisk

**15.596 kr**

~~19.495 kr~~

**Háþrýstidæla** C 110,7-5 X-TRA
110 bör, 1,4kW, 440 ltr./klst. Sjálfvirk gangsetning og stöðvun, Click & Clean kerfi. 5 m slanga.
5254203












# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Suðvestan 3-10 í dag og skúrir síðdegis en léttir til norðaustan- og austanlands. Kólnandi veður, hiti 0 til 6 stig, svalast í innsveitum fyrir norðan.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 19° | Oslo 17° | Stokkhólmur 19° | Gautaborg 19° | Helsinki 15° | Þórshöfn 9° | Nuuk -7° |
| London 22° | Amsterdam 23° | París 25° | Berlín 23° | Madríd 23° | Brussel 24° | Róm 25° |
| Boston 10° | New York 10° | Orlando 19° | Moskva 15° | Singapúr 26° | Tókýó 15° | Sydney 15° |




Kynntu þér Opel og bókaðu reynsluakstur á crossland.opel.is
Bílabúð Benna


## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 6° ↖7 | 6° ↑5 | 5° ↙9 | 4° →4 | 8° ↑11 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° ↑6 | 2° ↗6 | 1° ↙6 | -0° ↓3 | 1° ←14 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 3° ↑4 | 2° ↗5 | 1° ↙5 | 1° →13 | 3° ↖14 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ↑7 | 3° ↗4 | 4° ←10 | 2° →11 | 5° ↖16 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 6° ←4 | 5° →3 | 7° ↙11 | 4° ↘12 | 8° ↖11 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# FJALLALAMB Á FRÁBÆRU VERÐI




OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

ENGIHJALLI · VESTURBERG · ARNARBAKKI · GLÆSIBÆR · STAÐARBERG · HAFNARGATA · KAUPANGUR

# Drepleiðist ef ég vinn ekki

**Erró sýnir svarthvítar myndir í Listasafni Reykjavíkur. Er 86 ára en vinnur svo að segja á hverjum degi. Veitir styrk úr sjóði til minningar um móðursystur sína.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Svart og hvítt er yfirskrift sýningar sem verður opnuð í dag, laugardaginn 13. október, í Listasafni Reykjavíkur. Þar getur að líta um þrjátíu ný og nýleg svarthvít málverk eftir Erró. Þar blandar hann saman sögulegum persónum og fígúrum teiknimyndasagna.

„Ég hef alltaf öðru hvoru gert svarthvítar myndir, nokkrar á ári,“ segir Erró. „Svo sá ég merkilega sýningu á safni í Vínarborg um Bruegel og syni hans tvo. Þegar hann dó héldu þeir áfram að nota vinnustofu hans og gerðu svarthvítar eftirmyndir af litmyndum hans til að útvega sér peninga. Ég sá þarna heilan vegg af svarthvítum myndum og það kveikti í mér.“

Spurður hvernig hann fari að því að finna fyrirmyndir til að nota í myndir sínar segir hann: „Þegar ég ferðast fer ég í bókabúðir og finn þar mikið af efni og svo er mikið um að fólk sendi efni til mín. Fólk, sem ég þekki alls ekkert, hugsar: Þetta væri gott fyrir hann. Á vinnustofunni er ég með sextíu skúffur og í þeim er alls kyns efni, ein skúffan er með myndum af fjöllum, önnur með myndum af einræðisherrum og svo framvegis.“

### Alveg eins og Napóleon

Erró er orðinn 86 ára og segir um aldurinn: „Mig langar mjög mikið til að verða 88 ára, það er svo falleg tala enda uppáhaldstala Kínverja.“ Hann er enn gríðarlega vinnusamur. „Ég vakna klukkan hálf átta og fer á hverjum degi á vinnustofuna og er þar til klukkan sex eða sjö. Laugardagur og sunnudagur eru sérstaklega drjúgir, ef ég er ekki truflaður af símanum. Stundum hringir síminn tuttugu sinnum á dag og þá er útilokað að vinna. Þess vegna slekk ég oft á honum.

Ef ég vinn ekki þá drepleiðist mér. Ég fæ mér blund fjórum til fimm sinnum á dag og vakna upp eins og ég hafi sofið heila nótt. Þegar fór að bera á þessu var sagt við mig: Þú ert alveg eins og Winston Churchill en núna þegar ég blunda oftar en áður er sagt: Þú ert alveg eins og Napóleon.“



„Svo er mikið um að fólk sendi efni til mín,“ segir Erró. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> STUNDUM HRINGIR SÍMINN TUTTUGU SINNUM Á DAG OG ÞÁ ER ÚTILOKAÐ AÐ VINNA. ÞESS VEGNA SLEKK ÉG OFT Á HONUM.



Að þessu sinni sýnir Erró svarthvítar myndir í Listasafni Reykjavíkur, en slíkar myndir hefur hann alltaf gert öðru hvoru. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Tuttugu skrímsli

Við opnun sýningarinnar veitir Erró styrk úr sjóði sem hann stofnaði til minningar um móðursystur sína, Guðmundu S. Kristinsdóttur. „Hún var mér sem önnur móðir og ég bjó um tíma hjá henni. Hún safnaði myndum og var mjög skemmtileg kona. Hún átti um tuttugu mismunandi skrímsli og þegar börn komu í heimsókn setti hún þau upp á borð og trekkti þau upp. Börnin fylgdust agndofa með þegar skrímslin fóru af stað og stundum greip hræðsla um sig.“

Sjóðurinn veitir styrki til listakvenna. „Það er vegna þess að það er miklu erfiðara fyrir konur en karla að komast áfram í myndlistinni. Ég þekki unga franska listakonu sem ég sendi á mörg gallerí með myndir sínar. Þar fékk hún yfirleitt boð frá yfirmönnum um að fara með þeim á ströndina yfir helgina.“

Erró býr í París. „Ég er með mjög stóra vinnustofu í fimmtánda hverfi, sem ég borgaði til helminga með málverkum. Ég bý í sjötta hverfi, á rólegum stað, á fimmtu hæð og það er mjög fallegt tré fyrir utan gluggann minn sem nær upp á sjöttu hæð. Það var sjálfur Baudelaire sem plantaði því á sínum tíma og það er vel varið.“

Þetta er í fyrsta sinn í þrjú ár sem Erró kemur hingað til lands. „Ég vildi svo gjarnan tala oftar íslensku og hefði gaman af að æfa mig á henni en það gerist sjaldan. Ég tala hana bara eins og ég get,“ segir hann. Það tekst alveg ágætlega hjá honum.




## Voða mikið leikhús – ég segi ekki meira

Kammermúsíkklúbburinn heldur tónleika í Norðurljósasal Hörpu á morgun sem hefjast klukkan 16. Þar leika Anna Guðný Guðmundsdóttir, Áshildur Haraldsdóttir og Bryndís Halla Gylfadóttir á píanó, flautu og selló. „Við spönnum eiginlega tónlistarsöguna fyrir þessa hljóðfærasamsetningu,“ segir Áshildur. „Tríó fyrir flautu, píanó og selló eru sjaldgæf en Haydn samdi nokkur slík og við spilum eitt sem er líflegt og bjart. Svo kemur verk eftir Hummel sem hafði áhrif á sína samtíð við upphaf rómantíska tímabilsins. Ég sem flautuleikari er þakklát fyrir að fá að spila þetta verk, það eru ekki til mörg kammerverk eða sónötur fyrir flautur frá rómantíska tímabilinu. Viðarflautan hefur líklega ekki þótt hafa nógu stóran hljóm fyrir það mikla tilfinningarót.“

Eftir hlé ætla þær stöllur að fagna því með tveimur verkum Atla Heimis að hann varð áttræður nýlega og síðan að minnast tónskáldanna Jórunnar Viðar og Þorkels Sigurbjörnssonar. „Jórunn hefði orðið hundrað ára á árinu og Þorkell áttræður,“ bendir Áshildur á. „Við spilum Dans tunglsins eftir Jórunni og lagið hans Þorkels heitir Skiptar skoðanir, það er voða mikið leikhús – ég segi ekki meira. Svo endum við á frönsku verki með miklu flæði frá fyrri hluta 20. aldar, það heitir Þrjár vatnslitamyndir.“



Þær hafa þekkst lengi, Bryndís Halla, Anna Guðný og Áshildur.

Þessar þrjár konur hafa þekkst lengi. „Við Bryndís Halla erum systradætur og byrjuðum að spila saman í jólaboðum og við þrjár höfum oft spilað saman, auk þess erum við allar í Sinfóníunni,“ segir Áshildur. „En ég hef aldrei áður spilað hjá Kammermúsíkklúbbnum.“ – gun

# Hippar í fjarska

**BÆKUR**

**Katrínarsaga**

★★★☆☆

**Höfundur:** Halldóra K. Thoroddsen
**Útgefandi:** Sæmundur
**Fjöldi síðna:** 144

Íslenska hippatímabilið hefur yfir sér blæ sem er bæði rómantískur og eilítið ruglingslegur fyrir þau okkar sem ekki lifðu það en heyrðu sögurnar síðar. Íslenskir unglingar virðast hafa tekið þátt af einlægni og ákafa en heldur litlum forsendum, allavega til að byrja með og hugsjónir um að lifa í friðsælum heimi utan hinna köldu lögmála markaðarins áttu sér litla lífsvon hérlendis.

Katrínarsaga fjallar um þessa íslensku hippa sem eiginlega höfðu litlar forsendur til að vera hippar en voru það samt, bjuggu í kommúnum, reyktu gras, fíluðu náttúruna og ætluðu að breyta heiminum.




Við fylgjum söguhetjunni Katrínu frá unglingsárum í fyrstu kommúnunni og svo þegar hún fer milli kommúna, hvernig til stendur að endurreisa heiminn frá Loðmundarfirði þangað til öllum verður of kalt af því að vinna í fiski og til Kaupmannahafnar þar sem hún býr í nokkrum kommúnum meðfram því að stunda háskólanám. Vinir og félagar tína smám saman tölunni, verða annaðhvort eiturlyfjum, brenndum hugsjónum eða kapítalismanum að bráð og hvernig hugmyndin um að breyta heiminum leysist upp í ráðleysi og raunveruleika. Katrín kemur heim, með ábyrgð og skuldbindingar og á ekki annarra kosta völ en að stinga sér í hið hversdagslega lífsgæðakapphlaup og reyna að réttlæta fyrir sér hvað varð um hugsjónirnar sem hún finnur ekki aftur fyrr en of seint, komin á hinn enda ævinnar.

